


skoðun 14

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Skólar og námskeið
Markaðurinn










# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
18. maí 2011
114. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




## Forsetafrúin í Ljósinu

*Dorrit Moussaieff kenndi á matreiðslunámskeiði fyrir ungt fólk með krabbamein.*

tímamót 18

## Næturvaktin í Noregi

*Þáttaröðin Næturvaktin verður líklega endurgerð fyrir norska ríkissjónvarpið.*

fólk 34



## Yfir læk fyrir milljón

*Valsmenn borguðu KR vel fyrir hinn 18 ára Ingólf Sigurðsson.*

sport 30

## veðrið í dag




**VÆTA NA-TIL** Í dag verða víða norðaustan 8-13 m/s en hægari syðra. Væta N- og NA-lands en léttir til SV-til. Kólnar í veðri.

VEÐUR 4

# Helmingur forrita stolinn

**Tæplega helmingur alls hugbúnaðar í íslenskum tölvum er fenginn eftir ólöglegum leiðum, að því er kemur fram í nýrri alþjóðlegri könnun. Tölvufræðingur segir að hugarfarsbreytingar sé þörf hér á landi.**

**TÆKNI** Um helmingur alls hugbúnaðar sem er uppsettur á tölvum hér á landi er fenginn eftir ólöglegum leiðum. Það er svipað hlutfall og síðustu fimm ár og er meðal þess mesta sem gerist í Vestur-Evrópu.

Þetta og fleira kemur fram í nýútgefinni skýrslu Business Software Alliance (BSA), alþjóðlegra samtaka hugbúnaðarframleiðenda sem hefur innan sinna vébanda mörg stærstu fyrirtæki heims á þessu sviði, þar á meðal Microsoft og Adobe.

Um er að ræða árlega rannsókn sem hefur verið framkvæmd með sama hætti frá árinu 2003.

Meðal þess sem þar kemur fram er að sjö prósentustiga aukning hefur orðið í notkun á ólöglegum hugbúnaði á heimsvísu frá árinu 2006. Þá var hlutfall ólöglegs hugbúnaðar í tölvum 35 prósent, en í fyrra var hlutfallið 42 prósent.

> Það eru allt of margir sem alast upp við það að það sé ekki þjófnaður að taka verk annarra í heimildarleysi.
>
> FRIÐRIK J. SKÚLASON
> TÖLVUNARFRÆÐINGUR

Er aukningin helst rakin til aukinnar tölvueignar í þeim þróunarlöndum sem hafa verið í sem mestum vexti undanfarin ár.

Hæst hlutfall ólöglegs hugbúnaðar mældist í Georgíu, 93 prósent, en lægst var það í Bandaríkjunum, Japan og Lúxemborg, 20 prósent.

Hlutfallið á Íslandi í fyrra var 49 prósent sem er mjög svipað og hefur verið frá 2006.

Friðrik J. Skúlason, tölvunarfræðingur og forritari, segir í samtali við Fréttablaðið að þessar tölur komi sér ekki á óvart.

„Það eru allt of margir sem alast upp við það að það sé ekki þjófnaður að taka verk annarra í heimildarleysi."

Friðrik segir að úrbætur í þessum efnum felist fyrst og fremst í hugarfarsbreytingu en líka í bættu aðgengi að löglegu efni.

„Það er ákveðinn hluti fólks sem stelur aldrei og ákveðinn hluti sem finnst það eðlilegt að stela. Hinir á milli kaupa efni löglega þegar þeir geta. Ef aðstæður hér á landi breytast þannig að auðveldara verður að ná sér í höfundarvarið efni á löglegan hátt, ætti það að draga úr stuldinum. Þá hefur fólk ekki þá afsökun að geta ekki keypt og verði því að stela, sem er afskaplega hallærisleg afsökun."

Friðrik segir að í raun sé hugbúnaðarbransinn þegar farinn að breytast því að fyrirtæki séu að nokkru leyti hætt að selja forrit til uppsetningar á tölvum.

„Þau eru í auknum mæli farin að selja netþjónustu í stað forrita. Þá er engu að stela heldur verður þú að skrá þig á netinu til að nota þjónustuna. Þannig verður það í framtíðinni. Það nennir enginn að skrifa forrit ef öllum finnst svo eðlilegt að stela verkunum þeirra." - þj



**ÁLFUR BREGÐUR Á LEIK** Hin árlega álfasala SÁÁ hefst á morgun. Álfurinn er tileinkaður ungu fólki og rennur söfnunarféð til rekstrar unglingadeildar Vogs. SÁÁ leitar þessa dagana að áhugasömu sölufólki fyrir þennan verðuga málstað. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Samningar tókust í Cannes:

## Scott leikstýrir kvikmynd um fundinn í Höfða

**FÓLK** Ridley Scott, sem meðal annars leikstýrði Alien og Gladiator, mun leikstýra kvikmynd um leiðtogafund Ronalds Reagan og Mikhaíls Gorbatsjov í Höfða.



RIDLEY SCOTT

Breska framleiðslufyrirtækið Headline Pictures og Scott náðu samningum um þetta á kvikmyndahátíðinni í Cannes í Frakklandi.

Myndinni hefur verið gefið vinnuheitið Reykjavík en ekki liggur fyrir hvenær tökur munu hefjast. Fjögur ár eru liðin síðan fyrst var greint frá áhuga Scotts á að gera kvikmynd um leiðtogafundinn en um tíma var talið að hætt hefði verið við þá mynd.

- fgg / sjá síðu 34

Skattrannsóknarstjóri kemst ekki yfir að rannsaka öll mál tengd skattaskjólum:

## Erfitt að upplýsa skattaskjólsmál

**FJÁRMÁL** Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri segir að embætti sitt komist ekki yfir að leysa öll þau mál sem til rannsóknar eru og tengjast svokölluðum skattaskjólum. Um fjörutíu mál eru nú til rannsóknar.

Bryndís segir að málin séu afar þung í vöfum og aðallega sé það vegna þess að nauðsynlegar upplýsingar hafa ekki borist, þrátt fyrir upplýsingaskiptasamninga við þau lönd sem í hlut eiga. Hver rannsókn getur tekið á annað ár, enda er það



BRYNDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR

leikið eftir að tefja afhendingu gagna. „Við erum til dæmis með upplýsingaskiptasamning við Jómfrúaeyjar en upplýsingarnar er ekki að finna þar þótt félag sé skráð þar til heimilis. Þar er kannski bara eitthvert box en félagið sjálft staðsett í Lúxemborg."

Um mikla fjármuni er að tefla, einkum í Lúxemborg, að sögn Bryndísar. Þeim, sem eiga eignir og fjármuni erlendis og eru skattskyldir hér á landi, ber að telja allt fram.

- ibs, shá / sjá Markaðinn










**SPURNING DAGSINS**



*Guðbrandur, ertu ekki hrædd-ur um að lömbin hverfi út í bláinn?*

„Jú, vissulega er sú hætta fyrir hendi en öfugt við kratana munu þau þá lenda á veisluborði hjá Evrópusambandinu og verða þar landi og þjóð til sóma.“

Guðbrandur Sverrisson á Bassastöðum í Steingrímsfirði úðaði fjögur lömb blá til að fá mæður þeirra til að sættast við tvö þeirra sem þær höfðu hafnað eftir burð.

Línur eru farnar að skýrast fyrir viðræður Íslands við Evrópusambandið:

# Bjóða stuðning við krónuna eftir inngöngu

**EFNAHAGSMÁL** Semja þarf sérstaklega um vikmörk gengis íslensku krónunnar við evru meðan á upptöku evrunnar stæði í aðildarviðræðunum við ESB sem nú standa fyrir dyrum. Þá stæði Íslandi til boða stuðningur við krónuna frá Seðlabanka Evrópu en kanna þarf nánar hve mikill sá stuðningur gæti orðið.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í greinargerð sem birt var í gær í kjölfar rýnifundar í Brussel um efnahags- og peningamálakafla samningaviðræðnanna. Einnig þarf að semja um hugsanlegan stuðning ESB við afnám gjaldeyrishaftanna hér á landi.

Ríki sem ganga í ESB verða að taka mið af sameiginlegri efnahagsstefnu sambandsins og er þess vænst að ný aðildarríki taki þátt í myntsamstarfi Evrópu. Áður en ríki getur hins vegar tekið upp evruna þarf það að uppfylla Maastricht-skilyrðin svokölluðu. Eitt þeirra segir til um tveggja ára þátttöku í gjaldmiðilssamstarfi Evrópu (ERM II) sem er eins konar fordyri evrunnar.

Meðan á þátttöku í ERM II stendur er stefnt að gengisstöðugleika gagnvart evru með ákveðnum vikmörkum. Stöðugleiki gjaldmiðilsins er á ábyrgð seðlabanka hvers ríkis en jafnframt eru í boði takmarkaðar skammtímalánalínur frá Seðlabanka Evrópu. Búast má við því að nánari útfærsla á þessum stuðningi verði fyrirferðamikil þegar gengið verður frá efnahags- og peningamálakafla aðildarviðræðnanna. - mþl



**GJALDEYRISHÖFT** Semja þarf um hugsanlegan stuðning ESB við afnám gjaldeyrishafta í aðildarviðræðum við ESB.

Svipt starfsleyfi eftir skilnað:

## Jussanam fær dvalarleyfi

**FÓLK** Innanríkisráðuneytið hefur veitt brasilísku söngkonunni Jussanam Da Silva dvalarleyfi hér á landi.

Forsaga málsins er sú að Vinnumálastofnun neitaði Jussanam um framlengingu á starfsleyfi í ágúst í fyrra en hún hafði unnið á frístundaheimili hér á landi í tvö ár og var búin að gera starfssamning um ár til viðbótar. Ástæða Vinnumálastofnunar var sú að Jussanam var á þeim tíma nýskilin við eiginmann sinn.



**JUSSANAM DA SILVA**

Jussanam hefur getið sér gott orð hér landi fyrir sönghæfileika en hún hefur gefið út plötu og unnið með nokkrum þekktustu djasstónlistarmönnum landsins. Hún bíður nú svars við umsókn um ríkisborgararétt. - mþl

Forstöðumenn ríkisstofnana:

## Vilja fá kjör sín leiðrétt án tafar

**KJARAMÁL Félag forstöðumanna ríkisstofnana fer fram á að kjör þeirra verði leiðrétt strax. Félagsmenn íhuga að fara með málið fyrir dómstóla. Umboðsmaður Alþingis hefur til umsagnar erindi frá félaginu sem telur sig beitt órétti af stjórnvöldum, eins og fréttastofa RÚV sagði frá í gærkvöldi.**

**Alþingi lækkaði laun um 200 forstöðumanna ríkisstofnana með lögum 2009 en þeirri frystingu var viðhaldið með lögum ári síðar en lauk 1. desember. Launafrystingu hefur því verið aflétt. Kjörin hafa ekki verið leiðrétt þótt lög um kjararáð segi til um að það skuli gert.**

**Formaður kjararáðs segir málið til skoðunar.** - shá



**Í URRIÐAKOTI** Fornleifafundurinn fór fram úr björtustu vonum fornleifafræðinga. MYND/RAGNHEIÐUR TRAUSTADÓTTIR

# Óvæntur fornleifafundur í Urriðakoti

**Fornleifauppgröftur í Urriðakoti í Garðabæ hefur leitt í ljós mun umfangsmeiri mannvistarleifar en fornleifafræðingar bjuggust við. Minjarnar eru frá fyrstu árum Íslandsbyggðar en heimildir um byggð eru elstar frá 16. öld.**

**FORNLEIFAR** Mun umfangsmeiri fornminjar hafa komið í ljós í uppgreftri í Urriðakoti, væntanlegu byggingarsvæði í Garðabæ, en sérfræðingar gerðu ráð fyrir. Við uppgröftinn hafa fundist minjar frá landnámi allt fram á miðaldir en Urriðakots er fyrst getið í heimildum mun síðar, eða á 16. öld.

Fornleifarannsóknir hafa staðið yfir í Urriðakoti á síðustu árum vegna fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu, en árið 2006 fólu bæjaryfirvöld í Garðabæ Fornleifastofnun Íslands að fullvinna aðalskráningu á fornleifum innan bæjarmarkanna.

Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur segir fundinn hafa komið verulega á óvart, enda á Urriðakot sér ekki langa sögu í heimildum en bæjarins er fyrst getið á 16. öld. „Fyrsta könnun var gerð í Urriðakoti 2007 en í fyrra átti að klára verkefnið. „Þá ákvað ég að opna á milli svæðanna sem voru til skoðunar. Ekkert sást á yfirborði og engar heimildir eru um eitt eða neitt á svæðinu en þarna fannst glæsilegt fjós frá landnámstíð.“

Ragnheiður segir að við uppgröftinn hafi einnig fundist skáli, geymsla, búr og soðhola frá landnámi fram á 11. öld en nánari aldursgreining þarf að fara fram til að hægt sé að segja hvort minjarnar séu frá fyrstu tíð landnáms.

Frá miðöldum – eða rétt eftir 1226 – hafa þá fundist leifar af búri, eldhúsi og skemmu, en ekki hefur komið í ljós neitt íveruhús frá þeim tíma en það kann að hafa staðið ofan við uppgraftarsvæðið.

Varðveisluskilyrði eru ekki góð í Urriðakoti þannig að lífrænar leifar varðveitast illa. Fáir en merkilegir gripir hafa fundist á svæðinu, fyrst og fremst snældusnúðar, annar skreyttur og hinn með rúnum. Fátítt er að finna gripi með rúnaristum á Íslandi. Auk þess hafa fundist tvær perlur frá víkingaöld, bökunarhellur, brýni, innflutt frá Noregi, járnhnífar, naglar og ýmsar bronsþynnur, að sögn Ragnheiðar sem segir margt benda til að í Urriðakoti hafi verið seljabúskapur en ekki föst búseta, en ekkert sel hefur verið að fullu rannsakað á Íslandi.

Mannvistarleifunum í Urriðakoti verður gert hátt undir höfði í framtíðinni þó minjarnar sjálfar verði þar ekki áfram. Jafnvel verður það gert með tenginu við Hofstaði, minjagarðinn í Garðabæ.

Ragnheiður heldur fyrirlestur um uppgröftinn í húsakynnum Náttúrufræðistofnunar klukkan þrjú í dag. svavar@frettabladid.is

Náttúruöflin valda ekki töfum:

## Fráleit afsökun hjá ráðherra

**SVEITARSTJÓRNIR Bæjarstjórn Vestmannaeyja segir samgönguyfirvöld ráðlaus í öllu sem snúi að samgöngum á sjó við Vestmannaeyjar. „Ástandið er orðið algerlega óþolandi,“ segir bæjarstjórnin sem bendir á að dýpkunarskip fyrir Landeyjahöfn sé bilað og gagnrýnir Ögmund Jónasson innanríkisráðherra. Bæjarstjórnin segir fráleitt hjá ráðherra að kenna náttúruöflum um „þær tafir og þann skaða sem Eyjamenn verða nú fyrir á degi hverjum.“** - gar



**FYRIR DÓMARA** Strauss-Kahn á yfir höfði sér þungan dóm, verði hann fundinn sekur. MYND/NORDICPHOTOS/AFP

Dominique Strauss-Kahn:

## Þrýst á afsögn úr forstjórastóli

**BANDARÍKIN** Þrýst er á Dominique Strauss-Kahn úr mörgum áttum um að stíga niður úr forstjórastóli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS).

Fjármálaráðherra Austurríkis, María Fekter, hefur kallað eftir því að hann íhugi stöðu sína og stalla hennar frá Spáni, Elena Salgato, hefur lýst yfir stuðningi við stúlkuna sem Strauss-Kahn er sakaður um að hafa reynt að nauðga.

Strauss-Kahn situr nú í varðhaldi í hinu alræmda fangelsi á Rikers-eyju í New York en dómari féllst ekki á að honum yrði sleppt gegn tryggingu og fengi að dvelja hjá dóttur sinni í borginni. - shá


Byrjaðu góðan dag vel

– Fáðu þér létta ab mjólk á hverjum degi

Létta AB mjólkin er einhver hollasti morgunverður sem völ er á. AB mjólkin inniheldur milljarða gagnlegra mjólkursýrugerla sem valda því að óæskilegir gerlar eiga erfitt uppdráttar í meltingarveginum. Regluleg neysla tryggir að meltingarflóran er alltaf í lagi og ónæmiskerfið starfar með hámarksafköstum.





Hundurinn sem réðist á bréfbera í Mosfellsbæ og stórslasaði:

# Atferlismat sker úr um framhaldið

**DÝRAHALD** Hundurinn sem réðist á póstburðarkonu í Mosfellsbæ í fyrradag, með þeim afleiðingum að hún féll við og fótbrotnaði, mun gangast undir atferlismat á næstu dögum, en þar verður skorið úr um hvort dýrinu verður lógað.

Hafdís Óskarsdóttir, hundaeftirlitsmaður bæjarins, sagði í samtali við Fréttablaðið málið komið inn á borð til heilbrigðisfulltrúa bæjarins. Hún hafi þó strax í gær farið og kynnt eigendum hundsins næstu skref í málinu.

„Þegar svona gerist verður hundurinn framvegis að vera með munnkörfu utandyra. Í framhaldinu fer hann svo í atferlismat sem sker úr um framhaldið.“

Hafdís segir að komi hundar illa út úr atferlismati séu þeir svæfðir, annars fái þeir að lifa með því skilyrði að þeir séu með munnkörfu utandyra.



**Í ATFERLISMAT** Dalmatíuhundur sem réðist á bréfbera mun á næstunni gangast undir atferlismat til að skera úr um hvort hann verði svæfður. Myndin tengist fréttinni ekki beint. NORDICPHOTOS/GETTY

Hafdís vill annars hvetja alla hundaeigendur til þess að kynna sér reglur um lausagöngu hunda og fylgja þeim.

Ágústa Hrund Steinarsdóttir, talsmaður Póstsins, sagði í samtali við Fréttablaðið að bréfberar fyrirtækisins mættu sleppa því að bera út í hús, sé ógnandi hundur framan við húsið. Þá séu námskeið í umgengni við hunda reglulega í boði fyrir bréfbera. - þj

# Tvær sem allir þurfa að eiga!




## TVÆR GÓÐAR Á TILBOÐI Í EYMUNDSSON

**Handbók um íslensku** er aðgengilegt uppsláttarrit um íslenskt mál, málnotkun, stafsetningu og ritun, auk fróðleiks um tungumálið. Nauðsynleg bók öllum sem fást við skriftir í störfum sínum, námi eða tómstundum.

**Nöfn Íslendinga** eftir Guðrúnu Kvaran er í senn fræðirit og uppflettirit um þau nöfn sem vitað er að Íslendingar hafi borið í aldanna rás og allt til nútímans, alls um sex þúsund nöfn. Ómissandi uppsláttarrit.

ENNEMM / SÍA / NM46785

Eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

## GENGIÐ 17.05.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,98 | 115,52 |
| Sterlingspund | 187,02 | 187,92 |
| Evra | 163,32 | 164,24 |
| Dönsk króna | 21,901 | 22,029 |
| Norsk króna | 20,624 | 20,746 |
| Sænsk króna | 18,163 | 18,269 |
| Japanskt jen | 1,4057 | 1,4139 |
| SDR | 182,67 | 183,75 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
218,7505

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ársreikningur Reykjavíkur sýnir mikinn viðsnúning í rekstri samstæðunnar:

# Afkoman jákvæð um 13,67 milljarða

**EFNAHAGSMÁL** Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar var jákvæð um 13,67 milljarða króna árið 2010 en hún var neikvæð um 1,65 milljarða árið áður. Þetta kemur fram í ársreikningi borgarinnar sem lagður var fram á fundi borgarstjórnar í gær. Stærstan hluta viðsnúningsins má rekja til hagstæðra gengisbreytinga sem haft hafa áhrif á skuldir samstæðunnar.

Afkoma borgarsjóðs á árinu var jákvæð um 1,5 milljarða sem er mun betra en áætlanir gerðu ráð fyrir. Skýrist það að mestu af hærri útsvarstekjum vegna meiri launahækkana en gert var ráð fyrir og úttekta á séreignarsparnaði. Þá voru tekjur af fasteignagjöldum vanáætlaðar.

Í tilkynningu frá borgarstjórnarflokki sjálfstæðismanna segir að þessi niðurstaða sýni að hagræðingaraðgerðir fyrri meirihluta í borginni, sem sjálfstæðisflokkurinn fór fyrir, séu að skila sér í varanlegum rekstrarbata.

Að þeirra sögn hrekur þetta einnig málflutning núverandi meirihluta um að skatta- og gjaldskrárhækkanir séu óumflýjanlegar. **- mþl, þj**



**RÁÐHÚSIÐ** Afgangur upp á 1,5 milljarða varð af rekstri borgarsjóðs árið 2009. Áætlanir höfðu gert ráð fyrir 2,4 milljarða halla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Árni Páll Árnason:

# Ávarpaði ráðherra í Brussel

**VIÐSKIPTI** Árni Páll Árnason efnahags- og viðskiptaráðherra flutti framsögu Íslands á samráðsvettvangi umsóknarríkja með fjármálaráðherrum Evrópusambandslandanna í Brussel í gær.

Árni Páll ræddi hagstjórnarmarkmið Íslands fyrir árin 2011 til 2013. Hann sagði í framsögu sinni að stöðugleika væri náð, með frumjöfnuði og hagvexti. Hröðun skuldaúrvinnslu, afnám gjaldeyrishafta og opnun markaða út á við væru helstu áskoranirnar nú. **- þeb**

SA samþykkir kjarasamning:

# 75% samþykkja samninginn

**KJARAMÁL Um 75 prósent aðildarfélaga Samtaka atvinnulífsins (SA) hafa samþykkt nýgerða kjarasamninga á almennum markaði. Fram kemur í tilkynningu frá SA að 21,5 prósent þeirra sem greiddu atkvæði hafi viljað hafna samningnum, en 3,5 prósent hafi ekki tekið afstöðu.**

**Atkvæðagreiðslan gildir um kjarasamninga sem undirritaðir hafa verið við ASÍ, VR, Eflingu, Hlíf, VSFK, Rafiðnaðarsamband Íslands, Samiðn, Starfsgreinasamband Íslands, Félag vélstjóra og málmtæknimanna, Landssamband íslenskra verslunarmanna, Matvís, Félag bókagerðarmanna og Mjólkurfræðingafélag Íslands.** **- bj**

Eir semur við forstjóra:

# Launin lækkuð um 300 þúsund

**FÉLAGSMÁL** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, sem ráðinn hefur verið framkvæmdastjóri Hjúkrunarheimilanna Eirar og Skjóls út þetta sumar, fær 300 þúsund krónum lægri laun en forveri hans í starfi. Vilhjálmur fær og greidda akstursspeninga fyrir notkun á eigin bíl samkvæmt akstursbók en ekki fasta 200 þúsund króna greiðslu á mánuði eins og var. Að frátöldum greiðslum fyrir akstur verða mánaðarlaun Vilhjálms 920 þúsund krónur.



VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu segist Vilhjálmur ekki hafa sóst eftir starfinu og ætlar ekki að sækja um þegar starfið verður auglýst innan tíðar. **- gar**

# Óvíst hvort lögregla vissi af flugumanni við Kárahnjúka

**Ríkislögreglustjóri getur ekki svarað því með óyggjandi hætti hvort flugumaður bresku lögreglunnar hafi verið hér á landi í samvinnu við íslensk lögregluyfirvöld. Tók þátt í mótmælum Saving Iceland árið 2005.**

**LÖGREGLUMÁL** Embætti ríkislögreglustjóra getur ekki upplýst hvort íslensk lögregluyfirvöld hafi vitað af flugumanni bresku lögreglunnar sem kom hingað til lands til að taka þátt í mótmælum Saving Iceland árið 2005.



MARK KENNEDY

Þetta kemur fram í skýrslu greiningardeildar ríkislögreglustjóra, sem Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra gerði opinbera á vef ráðuneytisins í gær.

Eins og upplýst hefur verið í fjölmiðlum starfaði breski lögreglumaðurinn Mark Kennedy sem flugumaður lögreglunnar í röðum aðgerðasinna og anarkista um sjö ára skeið. Kennedy, sem kallaði sig Mark Stone, kom hingað til lands á vegum aðgerðasinna innan raða Saving Iceland árið 2005 og tók þátt í mótmælum gegn Kárahnjúkavirkjun.

Í skýrslu greiningardeildarinnar er því ekki svarað beint hvað íslensk lögregluyfirvöld vissu um komu Marks Kennedy. Þar segir orðrétt: „Við yfirferð gagna hjá embætti ríkislögreglustjóra hafa ekki komið fram upplýsingar sem gera kleift að skera úr um hvort þessi flugumaður bresku lögreglunnar hafi verið hér á landi í samvinnu eða með vitund lögreglunnar árið 2005.“

Í skýrslunni er þess getið að ríkislögreglustjóri hafi ekki sett sérstakar reglur um flugumenn, sem villi á sér heimildir til að komast í raðir manna sem liggi undir grun. Þar segir jafnframt að notkun slíkra aðferða sé „tiltölulega fátíð rannsóknaraðferð hjá lögreglu“, enda háð annmörkum í svo fámennu landi þar sem maður þekki mann.

Í yfirlýsingu innanríkisráðherra sem birtist á vef ráðuneytisins í gær, segir að samkvæmt þessu finnist engin gögn sem bendi til þess að vitneskja hafi verið um það hér á landi að Kennedy hafi verið flugumaður bresku lögreglunnar.

Þar er þó jafnframt bent á að ríkislögreglustjóri eigi í góðu samstarfi við erlend lögreglulið. Þar byggi miðlun upplýsinga iðulega á því að viðtakandi þeirra sé ekki upplýstur um hvernig þeirra sé aflað. Því sé vafasamt að fullyrða hvaðan upplýsingar sem fengust að utan fyrir mótmælin við Kárahnjúka komu. **brjann@frettabladid.is**



**MÓTMÆLI** Meðlimir í Saving Iceland mótmæltu Kárahnjúkavirkjun og álverum nokkur sumur í röð, meðal annars með því að hlekkja sig við vinnutæki og leggjast á ökuleiðir að vinnusvæðum. MYND/SKESSUHORN

## Íhlutun lögreglu tilræði við lýðræðið

Gera verður þá kröfu til erlendra lögregluembætta sem íslenskir lögreglumenn eiga í samstarfi við að þau hafi að leiðarljósi siðferðisgildi sem leyfi ekki framferði lögreglumanna líkt og það sem Mark Kennedy er sakaður um, segir í yfirlýsingu Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra.

Í yfirlýsingunni segir Ögmundur að sér finnist „íhlutun yfirvalda með þessum hætti í mótmæli af pólitískum toga beinlínis vera tilræði við lýðræðið“.

Aðgerðasinnar og anarkistar hafa mótmælt starfsaðferðum bresku lögreglunnar harðlega í máli Marks Kennedy. Kennedy viðurkenndi í samtölum við fjölmiðla á síðasta ári að hafa átt í kynferðissambandi við í það minnsta tvær konur á meðan hann var innan raða aðgerðasinna.

Kennedy hefur einnig verið sakaður um að hafa hvatt til harðra aðgerða mótmælenda og tekið þátt í lögbrotum þeirra.

Í yfirlýsingu innanríkisráðherra segir að sé það rétt að flugumenn erlendra lögregluembætta láti ekki við það sitja að njósna um fólk heldur æsi það til uppþota og jafnvel ofbeldis sé það forkastanlegt. Að stofna til kynferðislegs sambands við konur úr röðum mótmælenda sé „skýlaust brot á lögum og lögreglusamþykktum alls staðar í siðuðum þjóðfélögum“.






## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**KULDALEG SPÁ**
Nú fer kólnandi á landinu næstu daga einkum norðanlands og á föstudag má búast við vægu frosti. Úrkoman sem fellur norðaustan til á morgun verður líklega víða í formi slyddu í fyrstu og síðar snjókomu.



**Á MORGUN**
10-18 m/s NV-til, annars hægari.

**FÖSTUDAGUR**
Víða 10-15 m/s, en stífari suðaustast.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 25° |
| Berlín | 22° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 25° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 18° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 20° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 12° |
| París | 22° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 14° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# Stuð í boði Nova á Tónlist.is!




**Netið í símann!**
**Fylgir í áskrift**
150 MB/mán.
**20 kr. í frelsi**
5 MB/dag

DAGUR & STEINI

## Þú færð aðgang að lagalistum Nova á www.nova.is

Tónlist

Þú getur hlustað á tónlistina í tölvunni þinni og í farsímanum (3G og WiFi). Aðgangurinn er viðskiptavinum Nova að kostnaðarlausu en greitt er fyrir netnotkun.

Við mælum sérstaklega með Tónlist.is Appinu fyrir þá sem eiga Android, iPhone eða iPad. Þú sækir Tónlist.is Appið í Android Market eða AppStore.

Smelltu þér inn á www.nova.is og fáðu aðgang að lagalistum Nova!

**NÝTT HJÁ NOVA!**




Fylgstu með Nova á **Facebook** og þú gætir unnið URBANEARS heyrnartól frá Nova!

**Heyrnartól í öllum litum**

**9.990 kr./stgr.**

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Farsímaþjónusta: Ekkert mánaðargjald í frelsi en 590 kr. í áskrift og þá fylgir netið í símann 150 MB/mán.

KJÖRKASSINN



*Hefur þú heimsótt tónlistarhúsið Hörpu?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 13,7% |
| NEI | 86,3% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Finnst þér ásættanlegt að heræfingar séu haldnar hér á landi?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Ógnuðu starfsmanni og hópi ungmenna með hnífi og kúbeini:

# Þrír dæmdir fyrir vopnað rán

**DÓMSMÁL** Þrír ungir menn hafa verið dæmdir í sex til átta mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir vopnað rán.

Tveir mannanna fóru að kvöldi þriðjudagsins 1. febrúar síðastliðins inn í Bónusvídeó við Lóuhóla með andlit sín hulin og ógnuðu starfsmanni og hópi ungmenna með vopnum. Annar mannanna beindi hnífi að starfsmanninum og skipaði honum að opna peningakassann. Er starfsmaðurinn hafði gert það tók maðurinn peninga úr kassanum og síðan sígarettupakka úr skáp og setti í bakpoka. Meðan á þessu stóð ógnaði hinn ræninginn ungmennunum í söluturninum með kúbeini. Mennirnir höfðu á brott með sér 30 til 40 þúsund krónur í peningum og 15 til 20 sígarettupakka.

Þriðji maðurinn beið í bíl á meðan þeir frömdu ránið og ók þeim síðan á brott. Mennirnir játuðu sök. Þeir voru dæmdir til að greiða starfsmanninum 165 þúsund í skaðabætur, þar sem atvikið olli honum andlegri vanlíðan. **- jss**



**BÓNUSVÍDEÓ Í LÓUHÓLUM** Söluturninn sem mennirnir rændu.

Skemmtiferðaskip á Ísafirði:

# Búist við metfjölda í sumar

**SAMGÖNGUMÁL** Von er á metfjölda skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar í sumar. Alls hafa 35 skip hafa boðað komu sína þangað.

Fyrsta skemmtiferðaskipið, MV Athena, lagðist að bryggju þar í gær. Þetta kemur fram á vefnum bb.is. Mikið er um stór skip, og fimm þeirra eru með yfir þúsund manns um borð. Kristjana Milla Snorradóttir, framkvæmdastjóri Vesturferða, segir að annríkið verði mest í júlí og séu til dæmis þrjú skip væntanleg sama daginn, 14. júlí. **- þeb**

FASTUS
BRAVILOR BONAMAT
Betra kaffi!

**Kaffivél með hitabrúsa**
Tekur aðeins 7 mínútur að hella upp á 2,2 lítra af kaffi.
Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | S: 580 3900 | www.fastus.is

EKKI GERA EKKI NEITT.IS
Öflugur greiðendavefur með hagnýtum upplýsingum s.s.
- Yfirlit mála
- Samkomulög
- Greiðslur með korti
- Góð ráð og margt fleira
Þjónustuver 440 7700
www.ekkigeraekkineitt.is
motus – leysum málin

SÁÁ
Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann
**Aðalfundur SÁÁ**
verður haldinn fimmtudaginn 26. maí 2011 kl. 17:00 í Von, Efstaleiti 7.
**Dagskrá fundarins er:**
Skýrsla stjórnar um framkvæmdir og starfsemi samtakanna á liðnu starfsári.
Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga til umræðu og samþykktar.
Lagabreytingar ef fyrir liggja tillögur um þær.
Kosning stjórnar, varastjórnar, endurskoðenda og varaendurskoðenda.
Tekin ákvörðun um félagsgjöld.
Önnur mál.

# Búast við öruggum meirihluta á Alþingi

**Innan stjórnarflokkanna er talið að þingmenn utan þeirra muni tryggja að kvótafrumvörp ríkisstjórnarinnar verði örugglega samþykkt. Vonast er til að það takist í júní, en gæti þó tafist fram á haust. SA hótar riftun kjarasamninga.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvað á enn eftir að gera við kvótafrumvörp ríkisstjórnarinnar?

Ríkisstjórnin telur sig hafa nokkuð öruggan meirihluta fyrir kvótafrumvörpunum tveimur sem lögð verða fram á Alþingi á næstu dögum. Óvíst er hins vegar hvenær þau munu koma til afgreiðslu, þótt reyna eigi til þrautar að klára að minnsta kosti hið fyrra áður en þingið fer í sumarfrí um miðjan júní.

Tveir þingmenn Samfylkingarinnar lýstu yfir efasemdum um tiltekna þætti frumvarpanna í Morgunblaðinu í gær, einkum að þau væru ekki nógu markaðsmiðuð og veittu stjórnmálamönnum – ráðherrum og fulltrúum sveitarfélaga – of mikil völd til úthlutunar úr svokölluðum pottum. Sú útfærsla hefur á hinn bóginn mælst vel fyrir hjá Vinstri grænum og ólíklegt að henni fáist breytt.

Þessar efasemdir enduróma þær fjölmörgu athugasemdir sem fram komu á þingflokksfundi Samfylkingarinnar á mánudag, þar sem frumvörpin voru kynnt og síðan samþykkt til framlagningar á þingi.

Samfylkingarmenn fara enda ekki í grafgötur með að þeir séu síður en svo himinlifandi með frumvarpið. Með því hefði þurft að ganga lengra í endurúthlutun á aflaheimildum, að þeirra mati, þótt menn geri sér grein fyrir því að stjórnmál snúist um málamiðlanir, hugmyndir þeirra njóti einfaldlega ekki nægs fylgis og því verði ekki komist lengra að sinni.

### Búast við stuðningi annarra

En jafnvel þótt stöku þingmenn Samfylkingarinnar kynnu að ganga úr skaftinu við atkvæðagreiðslu um málið óttast forystumenn stjórnarinnar ekki að frumvörpin verði felld.

Þeir treysta meðal annars á stuðning Atla Gíslasonar og Ásmundar Einars Daðasonar, nú utan flokka, sem eru tæpast taldir vilja leggja stein í götu frumvarpa sem komin eru frá sjávarútvegsráðuneyti Jóns Bjarnasonar, náins samherja þeirra frá tímanum í Vinstri grænum.

Þá er sömuleiðis búist við því að framsóknarmenn, að minnsta kosti hluti þeirra, muni styðja málið á þingi, jafnvel þótt sumir liðsmenn hafi gagnrýnt það opinberlega.

Enn fremur er ekki talið útilokað að Hreyfingin styðji frumvörpin á endanum þótt fulltrúar hennar ætli fyrst að reyna fyrir sér með sitt eigið.

### Gæti tafist fram á haust

Ríkisstjórnin hefur fengið sex hagfræðinga, undir forystu Axels Hall, lektors við Háskólann í Reykjavík, til að vinna álitsgerð um hagræn áhrif frumvarpanna, verði þau að lögum.

Í bókun um skipan hópsins segir að tekið skuli mið af álitinu við meðferð málsins í þinginu, og, eins og það var orðað við blaðamann, að ef það sýndi fram á að lagabreytingarnar myndu rústa íslenskan sjávarútveg – sem útvegsmenn hafa haldið fram – þá verði að sjálfsögðu tekið tillit til þess.

Þetta þýðir að fyrra frumvarpið verður ekki afgreitt fyrr en álitið liggur fyrir. Upphaflega stóð til að það yrði í byrjun júní, en hins vegar þykir afar hæpið að sú tímasetning standist. Tefjist vinnan við álitið mjög gæti tíminn orðið naumur.

Þingið á að starfa til 15. júní en svigrúm er til að starfa nokkra daga til viðbótar ef mikið liggur við, líkt og gert var í fyrra. Það vilja menn þó helst forðast, enda rækist það þá á annað á dagskrá þingmanna og ráðherra, svo sem hátíðahöld á 17. júní.

Þá er ekki heldur með öllu útilokað – sérstaklega ef gera þarf miklar breytingar á frumvörpunum – að afgreiðsla þess fyrra tefjist fram á haust. Sumarþinginu lýkur ekki fyrr en með tveggja vikna þingfundi í september og þess vegna þyrfti ekki að leggja frumvörpin fram að nýju. Nýtt fiskveiðiár verður þá reyndar hafið, en þetta er þó talið mögulegt þar sem breytingarnar í frumvarpinu taki ekki nema að litlu leyti til næsta fiskveiðiárs.

### Óttast ekki riftun kjarasamninga

Nokkur þrýstingur er hins vegar á að ljúka málinu í júní vegna tengsla þess við nýgerða kjarasamninga. Samtök atvinnulífsins létu setja ákvæði í samningana um að þau gætu rift þeim einhliða fyrir 22. júní, ekki síst vegna óvissunnar um afdrif kvótamálsins.

Í stjórnarliðinu hafa menn reyndar ekki teljandi áhyggjur af því að reyna muni á riftunarákvæðið. Bent er á að stór hluti aðildarfélaga Samtaka atvinnulífsins hafi samþykkt kjarasamningana og víða þar innanbúðar hafi gætt nokkurrar óánægju með það hversu mikil áhrif kvótamálin virtust ætla að hafa á samningana. Að lokum hafi verið knúið á um samningsgerðina og ólíklegt sé að útgerðarmenn fái aftur að koma kjaramálunum úr farvegi, hvað sem hótunum um það líði.

Þá geti það jafnvel dregið enn úr líkunum á að samningunum verði rift að láta málið hanga í lausu lofti fram á haust, enda geti atvinnurekendur þá skýlt sér á bak við það að málið sé enn breytingum háð.

Svona hljóðar alltént stöðumatið í herbúðum ríkisstjórnarflokkanna, með þeim fyrirvara að í sjálfu sér megi eiga von á hverju sem er.

stigur@frettabladid.is



**KERFISBREYTINGAR Í FARVATNINU** Atvinnurekendur eru ekki par sáttir við fyrirætlanir stjórnvalda. Fæstir þingmenn eru sérstaklega kátir heldur, en margir sættast á að leiðin sem mörkuð hefur verið sé sú illskásta í stöðunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Frumvörpin tvö

- Fyrra frumvarpið snýst um breytingar á núgildandi fiskveiðistjórnunarlögum. Í því er kveðið á um 70 prósenta hækkun veiðigjalds strax í haust og 100 prósenta hækkun á fiskveiðiárinu sem hefst 2012. Þá er kveðið á um að sveitarfélög fái rentu af gjaldinu og verði heimilt að framselja byggðakvótann.
- Síðara frumvarpið er til nýrra fiskveiðistjórnunarlaga. Það er því eðli málsins samkvæmt mun víðtækara og kveður á um grundvallarkerfisbreytingar. Samkvæmt því fara 15 prósent kvótans í leigupotta og gerður verður nýtingarsamningar við útgerðirnar til fimmtán ára.

# VORTILBOÐ

**20-50%**
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

*Smíðum raf-magnsrúm í öllum stærðum!*



## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu**

# VORTILBOÐ

**Frí heimsending á hjónarúmum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

**Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu**

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

### FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hverjir hóta að beita neitunarvaldi gegn tilskipun ESB?

2 Hver keppir um að hanna bol fyrir H&M?

3 Hvar spígspora blá lömb?

SVÖR

1. Norðmenn 2. Auður Yr Elísabetardóttir. 3. Um Steingrímsfjörð.

Elísabet Bretadrottning í opinberri heimsókn á Írlandi fram á föstudag:

# Fyrsta heimsóknin í heila öld

**ÍRLAND, AP** Elísabet Bretadrottning lét sprengjuhótanir ekki stöðva sig í að heimsækja Írland í gær. Tilgangurinn er að styrkja tengsl Írlands og Bretlands og fagna góðum árangri friðarsamninga á Norður-Írlandi.

Bretadrottning ætlar að vera á Írlandi þangað til á föstudag eða samtals í fjóra daga. Hún byrjaði á að heimsækja Mary McAleese, forseta Írlands, og saman hittu þær Enda Kenny forsætisráðherra.

McAleese hefur í fjórtán ár reynt að fá því framgengt að Bretadrottning kæmi í heimsókn til Írlands. Hún fagnaði því Elísabetu innilega og sagði að bæði löndin væru staðráðin í að bæta heiminn í framtíðinni.

Þetta er í fyrsta sinn síðan 1911 sem breskur þjóðhöfðingi kemur til Írlands, og þar með í fyrsta sinn frá því að Írska lýðveldið var stofnað árið 1921.

Hundrað ár eru sem sagt liðin frá því að Georg V., þáverandi Bretlandskonungur og afi Elísabetar, kom í heimsókn til Írlands. **- gb**



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**TÓKU VEL Á MÓTI DROTTNINGU** Enda Kenny, forsætisráðherra Írlands, heilsar Elísabetu Bretadrottningu. Á milli þeirra stendur Mary McAleese, forseti Írlands.

Ný rannsókn í Svíþjóð:

## Miklu fleiri klíkumorð

**SVÍÞJÓÐ** Morðum vegna átaka glæpagengja í Svíþjóð fjölgar mikið, samkvæmt nýrri rannsókn.

Banvænt ofbeldi hefur minnkað í heildina síðan í byrjun tíunda áratugs síðustu aldar en þróunin er öfugt farið hjá glæpagengjum. Frá 1990 til 1996 voru 43 drepnir í átökum milli glæpamanna, en 2002 til 2008 voru rúmlega 70 drepnir. Þá sýnir skýrslan að morðum sem framin eru með ólöglegum skotvopnum fjölgar líka, úr 51 í 75. **- þeb**

Ökumaður í vímu stöðvaður:

## Henti út poka með maríjúana

**LÖGREGLUMÁL** **Lögreglumenn frá Akranesi stöðvuðu í fyrrakvöld akstur bifreiðar í Hvalfirði vegna gruns um að ökumaður væri undir áhrifum fíkniefna. Þeir fengu starfsbróður úr Borgarnesi til liðs við sig. Kannaði hann vegarspotta næst staðnum þar sem ökumaðurinn var stöðvaður og fann þar poka með 100 grömmum af marijúana.**

**Ökumaðurinn sem handtekinn hafði verið viðurkenndi að hafa kastað pokanum út úr bílnum er hann varð lögreglu var. Maðurinn reyndist vera undir áhrifum fíkniefna.** **- jss**

Hvetja til að fólk virði lög um stara:

## Má ekki eyða hreiðrum

**NÁTTÚRA** Fuglavernd skorar á meindýraeyða og garðeigendur að fara að lögum og eyða ekki starahreiðrum meðan egg og ungar eru í hreiðrinu. Starinn er alfriðaður og því ólöglegt að drepa staraunga í hreiðri eða eyða eggjum. Starinn er nýlegur landnemi hér á landi. Hann sækist eftir nábýli við manninn og getur því borist óværa úr hreiðrinu í híbýli manna inn um glugga. Best er að koma í veg fyrir staravarp með því að loka glufum og rifum sem fuglarnir sýna áhuga snemma vors.

„Sumir setja út varpkassa í tré eða húsveggi fjarri gluggum og þakkar starinn fyrir sig með fjölbreyttum söng og líflegu látbragði,“ segir í tilkynningu frá Fuglavernd. **- shá**



**STARI** Hermir eftir söng annarra fugla.

MYND/JÓHANN ÓLI HILMARSSON




**LINDA BJÖRG ÁRNADÓTTIR** Fagstjóri hönnunardeildar Listaháskóla Íslands segir að þótt verkefni sem hún fékk styrk frá Reykjavíkurborg til að framkvæma hafi þróast öðruvísi en ætlað var hafi útkoman verið álíka góð. Niðurstaðan hafi orðið verslunin Kiosk sem opnuð var á Laugavegi í fyrrasumar.

MYNDIN ER SAMSETT.

# Fatahönnuður vill ekki borga styrk til baka

**Linda Björg Árnadóttir fatahönnuður er ósátt við þá kröfu að hún endurgreiði 500 þúsund króna styrk sem Reykjavíkurborg veitti til að skapa farveg fyrir unga hönnuði. Borgin vill fjóra af 91 styrk til baka.**

**REYKJAVÍKURBORG** „Mér þykir fáránlegt af ykkur að krefja mig um að endurgreiða þennan styrk,“ segir fatahönnuðurinn Linda Björg Árnadóttir í bréfi til menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkur sem vill að Linda borgi til baka fimm hundruð þúsund króna styrk.

Linda fékk styrkinn frá borginni í janúar í fyrra. Í umsókn hennar kom fram að markmiðið væri að stofna fyrirtæki sem hjálpaði ungum fatahönnuðum að taka sín fyrstu skref.

Í umsögn fagnefndar um styrkumsókn Lindu á sínum tíma kom fram að hún er reynslumikill og virtur hönnuður og fagstjóri hönnunardeildar Listaháskóla Íslands. Hún vilji aðstoða unga og efnilega hönnuði við að finna sér farveg. „Slíkt er dýrt og torsótt fyrir byrjendur,“ benti fagnefndin á og mælti með því að Linda fengi styrk.

Fyrr á þessu ári krafðist ferðaog menningarsvið borgarinnar þess að styrkurinn yrði endurgreiddur. Sama gilti um þrjá aðra styrki fyrir samtals 1.150 þúsund krónur. Alls var 91 styrkur veittur fyrir 62 milljónir í fyrra.

Í bréfi til Lindu í febrúar er henni bent á að ekki hafi orðið af framkvæmd verkefnisins á þann hátt sem voru forsendur styrksins. Hún hafi skrifað undir yfirlýsingu um að hún gerði sér grein fyrir því að í slíkum tilfellum gæti borgin krafist endurgreiðslu.

> Ég eyddi tíma mínum í að reyna að skapa tækifæri fyrir mína fyrrverandi nemendur.
>
> **LINDA BJÖRG ÁRNADÓTTIR** FAGSTJÓRI HÖNNUNARDEILDAR LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS.

Linda segir í bréfi til borgarinnar að verkefnið hafi meðal annars goldið fyrir það að styrkir til þess hafi ekki fengist annars staðar frá.

Verkefnið hafi þróast í verslunina Kiosk sem hópur hönnuða reki á Laugavegi. Allar 500 þúsund krónurnar hafi farið í kostnað og reyndar 250 þúsund krónur að auki.

„Ég eyddi tíma mínum í að reyna að skapa tækifæri fyrir mína fyrrverandi nemendur,“ segir Linda sem kveður verkefnið hafa verið unnið af áhuga og einlægni. „Þó að það hafi endað öðruvísi en í upphafi var planað þá komu samt svipað góðir hlutir út úr því og til stóð.“

Menningar- og ferðamálaráð tók bréf Lindu fyrir á fundi í síðustu viku en frestaði afgreiðslu þess þar til það hefur fengið nánari upplýsingar, meðal annars um fjárhagslegt uppgjör verkefnisins og bókhaldsleg fylgigögn.

**gar@frettabladid.is**





**Kynningarfundur um MPM-nám í HÍ**
**í Námu, Endurmenntun HÍ, fimmtudaginn 19. maí kl. 17.30**

**MPM, meistaranám í verkefnastjórnun**

- Spennandi kostur fyrir þá sem hafa áhuga á mjög hagnýtu stjórnunarnámi
- Alþjóðleg vottun í verkefnastjórnun í umboði alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga (IPMA)
- Skemmtilegir nemendur og heimsþekktir kennarar
- Opnar starfsvettvang víða í íslensku samfélagi og um allan heim
- Tveggja ára nám samhliða starfi
- Umsóknarfrestur er til 31. maí

**Markmið MPM-námsins eru:**

Að mennta og þjálfa nemendur í að takast á við margvísleg viðfangsefni með aðferðum verkefnastjórnunar. Einnig að mennta og þjálfa nemendur í sjálfstjórn, samskiptum, forystu, teymisvinnu og eflingu liðsheilda.

**Vor í íslenskri verkefnastjórnun**

**Ráðstefna um verkefnastjórnun verður haldin á Hótel Sögu föstudaginn 20. maí kl. 13–17.**

www.mpm.is

MPM MASTER OF PROJECT MANAGEMENT

HÁSKÓLI ÍSLANDS VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

PIPAR\TBWA · SÍA



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is




# Forritunar- og Tækninám NTV

## NTV opnar nýjar leiðir út á vinnumarkaðinn

### Kerfisstjóri - 365 stundir - Verð: 539.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisstjórar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Nemendur öðlast víðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, viðgerðum og bilanagreiningu á vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa. Námið samanstendur af 3 námskeiðum: Tölvuviðgerðir, MCTS & Netvork+ ásamt MCITP Netstjórnun og er gefinn 10% afsláttur af öllum pakkanum.

3 alþjóðleg próf innifalin: „Microsoft Certified IT Professonal"

| Morgunnámskeið byrjar 30. ágúst. | Kvöld- og helgarnámskeið 29. ágúst. |

### Kerfisumsjón - 180 stundir - Verð: 272.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisumsjónarmenn hjá minni fyrirtækjum og stofnunum. Allar kennslugreinar eru kenndar frá grunni og er rétt að gera ráð fyrir nokkurri heimavinnu.

| Morgunnámskeið byrjar 30. ágúst | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 29. ágúst |

### Tölvuviðgerðir - 72 stundir - Verð: 119.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl á viðgerðarsviðinu. Verklegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá Comptia. Eftir námið eiga nemendur að vera í stakk búnir til að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað, ásamt því að setja upp viðeigandi stýrikerfi og koma tölvum í netsamband. Kennt í sérútbúinni tölvuviðgerðarstofu.

| Morgunnámskeið byrjar 30. ágúst. | Kvöld- og helgarnámskeið 29. ágúst. |

### MCITP kerfisstjórnun (áður MCSA) - 185 stundir - Verð: 329.000.-

MCITP námið er fyrir þá sem vilja starfa sem sérfræðingar við umsjón Microsoft netkerfa. Markmiðið með náminu er að nemendur læri undirstöðuatriði við rekstur og hönnun netkerfa byggðum á Windows stýrikerfinu og geti að náminu loknu tekið þau þrjú alþjóðlegu próf sem þarf til að verða: Microsoft Certified IT Professonal

| Morgunnámskeið byrjar 5. sept. | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. sept. |

### MCTS og Network+ - 108 stundir - Verð: 153.000.-

Markmiðið með þessu námskeiði er að nemendur öðlist færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows stýrikerfinu. Nemendur öðlast einnig víðtækan skilning á netkerfum og geta leyst vandamál sem að þeim snúa. Auk þess er kynntur fyrir nemendum Windows 2008 Server. Að námskeiði loknu á nemandi að geta séð um rekstur minni eða meðalstórra tölvuneta.

| Morgunnámskeið byrjar 29. sept. | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 26. sept. |

### Fornám í forritun - 108 stundir - Verð: 149.000.-

Forritun er fjölbreytt, skapandi, alþjóðleg og skemmtileg starfsgrein sem stöðugt virðist vanta nýja starfskrafta. Markmiðið með þessu námskeiði er að undirbúa nemendur fyrir Diplomanám í forritun og einnig að gera nemendum betur kleift að meta hvort þeir hafi áhuga og getu til að halda áfram á þessari braut. Til þess að komast áfram í diplomanámið þurfa nemendur að ná lágmarkseinkunn í þeim prófum sem lögð eru fyrir.

Þeir sem hafa stúdentspróf eða hliðstæða menntun geta valið að fara beint í Diplomanámið.

| Síðdegisnámskeið byrjar 11. okt. | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 19. okt. |

### Diplomanám í Forritun - 282 stundir - Verð: 399.000.-

Öflugt starfsnám þar sem leitast er við að leggja traustan þekkingargrunn og byggja ofan á hann með skriflegum og verklegum æfingum. Að námi loknu eiga nemendur að hafa góða undirstöðuþekkingu og yfirsýn yfir þær aðferðir sem helst eru notaðar í nútíma hugbúnaðargerð og vera í stakk búnir að sækja um starf á þessu sviði.

Námið byggir á stöðluðum námskeiðum frá Microsoft og að námi loknu eiga nemendur að vera færir að taka 3 alþjóðleg próf.

| Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 6. september |

### Leikjaforritun - 204 stundir - Verð: 289.000.-

Þeir sem ætla að fara í þetta nám þurfa að hafa lokið „Diplomanámi í forritun" hjá NTV eða hafa tilsvarandi menntun. Námskeiðið miðar að því að gefa innsýn í almenna leikjaþróun og forritun og er unnið í Microsoft XNA þróunar umhverfinu.

Farið er yfir helstu atriði leikjaforritunar með það að markmiði að gefa góða grunnþekkingu á hinum ýmsu sviðum leikjaþróunar. Áhersla verður lögð á verklegar æfingar og mun nemendum m.a. gefast kostur á að vinna að eigin leikjaverkefnum..

| Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 13. september |

### Cisco CCNA - 84 stundir - Verð: 289.000.-

CCNA gráðan er talin ein öflugasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á.

Ef þú hefur áhuga á að verða sérfræðingur í uppbyggingu á tölvunetum og þeim tækjum sem notuð eru í samskiptum í netheiminum í dag, þá er þetta námskeið fyrir þig. Námið er undirbúningur fyrir prófið 640-802 sem er CCNA prófið frá Cisco og er það innifalið í verði.

Þetta er nám sem gerir talsverðar kröfur til nemenda, en styrkir án efa stöðu þeirra á vinnumarkaðinum.

| Kvöldnámskeið byrjar 11. október |

Microsoft CERTIFIED Partner | Learning Solutions

OPIN KERFI

PEARSON VUE AUTHORIZED TEST CENTER

PROMETRIC

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV af auglýstu staðgreiðsluverði

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

ntv

25% afsláttur af öllum GSM aukahlutum í dag

Ef þú ert hjá Símanum skaltu grípa tækifærið og græja þig upp fyrir sumarið. Magnaðir miðvikudagar!

Síminn

# Danir gera tilkall til norðurpólsins

**Danska stjórnin hyggst í fyrsta sinn gera formlegt tilkall til norðurpólsins, í samvinnu við Grænlendinga og Færeyinga. Búast má við hörðum átökum um þetta við Rússa auk ágreinings við önnur ríki sem gera tilkall til svæðisins.**

**DANMÖRK** „Konungsríkið býst við að gera tilkall til landgrunnsins á fimm svæðum umhverfis Grænland og Færeyjar, þar á meðal til sjálfs norðurpólsins,“ segir í drögum að sameiginlegri stefnu Danmerkur, Grænlands og Færeyja í norðurskautsmálum næstu tíu árin.

Danska dagblaðið Information hefur birt drögin á vefsíðu sinni, en skjalið átti að vera trúnaðarmál. Danska stjórnin hefur staðfest að skjalið er ófalsað, en segir þetta vera vinnuskjal.

Lene Espersen utanríkisráðherra segir að endanleg útfærsla stefnunnar verði ekki afgreidd fyrr en í júní. Þó staðfestir hún, í yfirlýsingu sem hún sendi frá sér í gær, að Danir reikni með að geta gert tilkall til norðurpólsins.

Í skjalinu er jafnframt tekið fram, að danska stjórnin leggi áherslu á friðsamlegt samstarf við önnur ríki, sem gera tilkall til norðurpólsins, og víðtækt samstarf um málefni norðurskautsins. Hins vegar er einnig lagt til að danski herinn beini starfi sínu í auknum mæli að norðurslóðum.

Rússar hafa á síðustu árum gert tilkall til norðurpólsins og vöktu mikla athygli þegar þeir sendu kafara til að setja upp rússneska fánann á hafsbotni á sjálfum norðurpólnum. Þeir voru jafnframt gagnrýndir fyrir það tiltæki, þótt einkum hafi það átt að hafa táknrænan tilgang.

Auk Rússa hafa Kanadamenn, Bandaríkjamenn og Norðmenn gert tilkall til sjálfs norðurpólsins í krafti þess að hann sé beint úti af ströndum þeirra. Danir gera sitt tilkall í krafti þess að norðurpóllinn er beint norður af ströndum Grænlands.

Mikilvægi norðurslóða hefur vaxið á síðustu árum, einkum vegna hlýnunar jarðar sem innan fárra áratuga mun að öllum líkindum valda því að siglingaleiðir yfir Norður-Íshafið verða greiðfærar hluta ársins.

Talið er víst að miklar auðlindir leynist í landgrunninu víða á norðurslóðum, meðal annars sé þar að finna olíu og gas í ríkum mæli. Vinnsla þeirra auðlinda verður mun auðveldari þegar ísinn hörfar.

Til þessa hefur ekkert ríki átt formlegt tilkall til norðurpólsins. Samkvæmt hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna hafa ríki tíu ára frest, eftir að þau staðfestu sáttmálann, til þess að gera tilkall til alþjóðlegs hafsvæðis áður en hægt verður að hefja eiginlegar samningaviðræður um skiptingu svæðisins. Danir staðfestu sáttmálann árið 2004.

gudsteinn@frettabladid.is



**RÚSSNESKI FÁNINN Á NORÐURPÓLNUM** Danir ætla nú að feta í fótspor Rússa og gera formlegt tilkall til norðurpólsins. NORDICPHOTOS/AFP

## Greitt úr þrætum

„Það var áréttað á fundi Norðurskautsráðsins í Nuuk á Grænlandi í síðustu viku að hafréttarsáttmálinn yrði það tæki sem menn notuðu til að greiða úr þrætum um landamörk á hafsbotni og þar með auðlindir,“ segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra.

„Hann er í öllu falli farvegur til að komast að niðurstöðu um deilur af þessu tagi.“

Að sögn Össurar voru engar umræður um kröfu Dana á fundinum í Nuuk.

## Innköllun skuldabréfa Tryggingamiðstöðvarinnar hf 1. flokkur 2006

Með vísan til ákvæða 1. skuldabréfaflokks Tryggingamiðstöðvarinnar hf. árið 2006 (TM 06 1; ISIN IS0000013142), hefur Tryggingamiðstöðin hf., kt. 660269-2079, Síðumúla 24, 108 Reykjavík ákveðið að nýta rétt sinn samkvæmt skilmálum bréfanna til að innkalla öll skuldabréf í umræddum flokki. Innköllunin tekur gildi þann 21. ágúst 2011. Tryggingamiðstöðin hf. greiðir skuldina í samræmi við skilmála skuldabréfaflokksins. Vísað er að öðru leyti til skilmála skuldabréfaflokksins.

Reykjavík 18. maí 2011

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN

Flugmálafélag Íslands
Stofnað 1936
FMÍ

## Flugöryggisfundur

**Fimmtudag 19. maí 2011 kl. 20.00**
**Flugskýli 25, Geirfugl, Fluggörðum Rvk-flugvelli.**
**Fundarstjóri: Kristján Sveinbjörnsson**

1. Flugmálafélagið hlutverk og verkefni Ágúst Guðmundsson
2. Rannsóknarnefnd flugslysa flugslys og alvarleg flugatvik síðustu missera Þormóður Þormóðsson og Þorkell Ágústsson
3. Flugmálafélagið viðhaldsmál gagnvart flugöryggi. Valur Stefánsson og Reynir Guðmundsson
4. Flugmálastjórn breytingar varðandi kröfur skírteini - PART-FCL. Yfirlit um stöðu á viðhaldsmálum í almannaflugi. Einar Örn Héðinsson
6. Nýsköpunarmiðstöð, áhrif gosöskunar á þotumótora. Þorsteinn Ingi Sigfússon
5. Flugbjörgunarsveitin. Nytsemi björgunarstökks og vörufallhlífa FBSR. Guðjón Ingi Gústavsson
6. Stutt kvikmyndasýning, listflug og fl. Fyrirspurnir í lok hvers dagskrárliðs.

Kaffiveitingar í boði Flugmálafélagsins.
Allt áhugafólk um flugmál velkomið.

Flugmálafélag Íslands | Flugmálastjórn Íslands | Rannsóknarnefnd
Flugbjörgunarsveitin | Öryggisnefnd FIA | Flugslysa

Fíton/SÍA

# Félagsfundur

Félagsfundur um nýgerðan kjarasamning VR og FA verður haldinn í kvöld kl. 18:15 á Hilton Reykjavík Nordica.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti
VR

# Tilboðs dagar

# 20-30%

## afsláttur af öllum vörum




Afar vandað stækkanlegt borð fyrir 6-20 manns. Ljós eik, massív sápuþvegin eik, kirsuber,tekk og hnota
Hönnuður: Per Hansbæk





















**Komdu og gerðu frábær kaup!**

- Borðstofuhúsgögn
- Sófar og sófasett
- Hornsófar
- Svefnsófar
- Hvíldarstólar

**FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM**

Eitt mesta úrval landsins af hvíldarstólum









Italsofa
The Italian touch

**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**
Opið virka daga kl. 10-18 **Laugardag kl. 11-16**

**www.valhusgogn.is**

# Ekki fasteignabóla heldur eðlileg þróun

**Formaður Félags fasteignasala mótmælir því að fasteignabóla sé í uppsiglingu vegna gjaldeyrishafta. Segir eðlilegan stíganda vera í markaðnum. Vissulega séu fjárfestar til staðar sem kaupi eignir, en þeir kaupi á eðlilegu fasteignaverði.**



**REYKJAVÍK** Stærri og dýrari eignum í Reykjavík hefur tekið að fjölga á fasteignaskrá á síðustu vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**EFNAHAGSMÁL** „Auðvitað eru til peningamenn. En þeir eru líka alveg ofboðslega harðir að bjóða og kaupa ekki eignir á uppsprengdu verði. Þeir eru að gera góð kaup," segir Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félags fasteignasala. Hún segist þó ekki hafa orðið vör við fjölgun öflugra fjárfesta á fasteignamarkaðnum sem séu að blása upp verð á íbúðum í landinu.



**INGIBJÖRG ÞÓRÐARDÓTTIR**

Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, sagði í Fréttablaðinu fyrir skömmu að afar líklegt væri að umsvifamiklir fjárfestar hér á landi væru að færa sig út á fasteignamarkaðinn í auknum mæli vegna gjaldeyrishafta. Slíkt gæti leitt til hærra fasteignaverðs og eignabólu.

Ingibjörg mótmælir þessum ummælum ráðherra. Vissulega sé markaðurinn farinn að taka við sér en fjölgun þinglýstra samninga sé ekki það mikil að rökrétt sé að fjalla um hana á þennan hátt.

„Það fer allt eftir því við hvaða tölur er verið að miða," segir Ingibjörg. „Markaðurinn hefur í raun verið lamaður frá því í árslok 2007. Eftir síðustu verslunarmannahelgi tóku þinglýstir samningar að togast upp í 70 til 80 á viku úr um 30 til 40. Það er fjölgun um helming, en samt ekki há tala í sjálfu sér. Það vantar enn mikið upp á að markaðurinn sé kominn í jafnvægi."

Ingibjörg hefur þó trú á því að markaðurinn réttist við vegna þeirrar grundvallarþarfar sem hann sinni í samfélaginu.

„Það er svo mikil þörf til staðar að geta keypt og selt. Fólk deyr, það fæðast nýir einstaklingar og fjölskyldur taka breytingum. Þetta er lifandi markaður sem verður að laga sig að þörfum þegna þjóðfélagsins hverju sinni," segir hún.

Þinglýstum samningum vegna fasteignakaupa hefur fjölgað um 70 prósent á höfuðborgarsvæðinu, sé litið á tímabilið janúar 2010 til janúar 2011. Fleiri og stærri eignir eru nú að koma á markað og segir Ingibjörg margar ástæður geta verið fyrir því. Fólk hafi til að mynda haldið að sér höndum þar til nú.

Á meðan kaupmáttur er ekki meiri og verðtryggð lán enn í gildi fær Ingibjörg ekki séð að fasteignabóla sé í uppsiglingu. Hún segir ytri aðstæður einfaldlega ekki bjóða upp á það. Þó hafi þinglýstum samningum fjölgað upp í um 100 á viku frá því í haust.

„En ef vel ætti að vera þyrftu þeir að vera helmingi fleiri," segir Ingibjörg. sunna@frettabladid.is



ENNEMM / SÍA / NM46449

ÁRSFUNDUR 2011

Ársfundur Sameinaða lífeyrissjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 19. maí nk., kl. 16.00, á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

Dagskrá

1. Fundarsetning
2. *Staða og framtíðarsýn í orkumálum,* erindi Harðar Arnarssonar, forstjóra Landsvirkjunar
3. Almenn ársfundarstörf
4. Önnur mál löglega upp borin

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar og rétthafar séreignarsparnaðar rétt til setu á fundinum.

Reykjavík, 5. maí 2011
Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins

Ársskýrslu og dagskrá fundarins má nálgast á skrifstofu sjóðsins og á **www.lifeyrir.is**

Borgartún 30, 105 Reykjavík
Sími 510 5000
mottaka@lifeyrir.is
lifeyrir.is

Lífeyrir
Sameinaði lífeyrissjóðurinn




LÁTUM EKKI BJÓÐA OKKUR ÞETTA!

FÉLAGSLEG UNDIRBOÐ UM BORÐ Í NORRÆNU

Við viljum vekja athygli á að um borð í Norrænu eru stunduð félagsleg undirboð af hálfu útgerðar skipsins og Sjómannafélags Íslands. Íslenskir starfsmenn eru ráðnir til starfa á ferjunni á 30% lægri launum en færeyskir og danskir starfsbræður þeirra. Slík vinnubrögð mun íslensk verkalýðshreyfing aldrei sætta sig við og munum við leita allra leiða til að koma í veg fyrir þau.

Sjómannasamband Íslands

AFL STARFSGREINAFÉLAG

ASÍ

Alþýðusamband Íslands

Annir hjá Akraneslögreglu:

# Göt stungin í topp bifreiðar

**LÖGREGLUMÁL Göt voru stungin í topp bifreiðar á Akranesi fyrir nokkrum dögum, líklega með skrúfjárni. Þar voru einnig tvær bifreiðar skemmdar eftir högg eða spark. Þá virðist sem reynt hafi verið að brjótast inn í heimahús með því að spenna upp glugga, sem ekki tókst.**

**Þá ók ölvaður ökumaður niður ljósastaur við Esjubraut. Maðurinn var talsvert lemstraður og var fluttur á slysadeild SHA en reyndist ekki alvarlega meiddur.**

- jss

Skattar ennþá lægri á Íslandi en að meðaltali í OECD-ríkjunum:

# Skattar á laun hækkað mest hér á landi

**SKATTAMÁL** Heildarskattbyrði einstaklinga jókst meira á Íslandi en í nokkru öðru OECD-ríki á milli áranna 2009 og 2010. Þetta kemur fram í árlegri skattaúttekt Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD). Skattar á einstaklinga á Íslandi eru þó enn undir meðaltali OECD-ríkjanna.

Hækkun á tekjuskatti hefur valdið þyngri skattbyrði á alla tekjuhópa hér á landi en heildarskattbyrði jókst um 3,3 prósent. Skattbyrðin jókst mest á einstæða tekjulága foreldra með tvö börn en minnst á tekjulága einstaklinga.

Í skattaúttektinni eru tekjuskattsgreiðslur og heildarlífeyrissjóðsgreiðslur vinnuveitenda og starfsmanna reiknaðar saman að teknu tilliti til bóta.

Skattbyrði jókst í 22 af 34 ríkjum OECD á tímabilinu. Ísland er enn í lægri helmingi OECD þegar kemur að skattbyrði. Í samanburði við meðaltal OECD er skattbyrðin sérstaklega lág hér á þör með einum vinnandi aðila, tvö börn og meðaltekjur.

Í úttektinni kemur einnig fram að skattbyrði hér hefur aukist á alla tekjuhópa fyrir utan einstaklinga með háar tekjur frá árinu 2000. Sú breyting hefur jafnframt orðið frá aldamótum að einstæðir tekjulágir foreldrar greiða nú meira í skatt en þeir fá í bætur en því var öfugt farið.

- mþl



**TEKJUSKATTUR HÆKKAÐ** Skattbyrði einstaklinga jókst um 3,3 prósent á milli 2009 og 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**HAFLIÐI HALLGRÍMSSON** Taka á upp ný kórverk tónskáldsins og myndlistarmannsins.

Umsóknir til menningarráðs:

# Listamenn vilja 26 skyndistyrki

**MENNING** Alls bárust 26 umsóknir um svokallaða skyndistyrki sem menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar afgreiðir í næstu viku.

Hæsta styrkbeiðnin er frá textílhópnum Snældunum sem óskar eftir 900 þúsund krónum til að vinna með ull á fjölförnum stað í hjarta Reykjavíkur í sumar. Sex óska eftir 500 þúsund króna styrkjum, meðal annars vegna tónleikaraðar Gunnars Kvaran á Kjarvalsstöðum, til að taka upp ný kórverk eftir Hafliða Hallgrímsson og til að stofna nýjan óperuhóp Alþýðuóperunnar. Sömu upphæð er beðið um handa fyrirtækinu Classical Concert Company Reykjavik sem hyggst starfa með tónlistarhúsinu Hörpu.

- gar

Foreldrar hrifnir af Facebook:

# Dóttirin fékk nafnið „Like“

**ÍSRAEL Ísraelskir foreldrar nýfædds stúlkubarns sóttu innblásturinn í val á nafni fyrir stúlkuna í samskiptasíðuna Facebook. Þeir hafa skírt dóttur sína „Like“.**

**Lior og Vardit Adler sögðu fréttavef BBC að þau hefðu viljað nútímalegt og frumlegt nafn. Notendur Facebook kannast flestir við hnapp sem fólk smellir á til að gefa til kynna að því líki við færslur annarra á þessari vinsælu samskiptasíðu. Á íslenska hnappinum stendur „Líkar við“, en á ensku útleggst það „Like“.**

**Foreldrarnir segja þetta frumlega nafn nútímaútgáfu af nafninu Ahava, sem þýðir ást.**

- bj

Samningur til þriggja ára:

# Landsbjörg og Olís í samstarf

**ÖRYGGISMÁL** Slysavarnafélagið Landsbjörg og Olíuverzlun Íslands hf. (Olís) hafa gert með sér samstarfssamning til næstu þriggja ára. Olís verður einn af aðalstyrktaraðilum samtakanna og mun styðja við samtökin bæði fjárhagslega og með verulegum afslætti af eldsneyti og öðrum vörum.

Ellingsen, sem er í eigu Olís, er hluti af þessu samkomulagi. En Ellingsen mun bjóða afsláttarkjör á vélsleðum og fjórhjólum til Landsbjargar.

- shá




# skoðun

greinar@frettabladid.is

Árangur Schengen-samstarfsins er mikilsverður:

## Áfram frjáls för

Frjáls för fólks á milli ríkja Evrópu er einn mikilvægasti ávinningur Evrópusamstarfsins. Hægt er að ferðast frá Bjargtöngum í vestri til Narvi í Eistlandi í austri án þess að standa í biðröð eftir vegabréfaskoðun. Svíinn, sem afgreiðir í búð í Kaupmannahöfn og talar við íslenzka viðskiptavini með skánskum hreim, sá ekki einu sinni landamæravörð við skiltið „Danmark“ við Eyrarsundsbrúna þegar hann ók í vinnuna. Víða um Evrópu eru landamærin ekki annað en strik á korti.

Með aðild Íslands að Schengen-samningnum um frjálsa för milli aðildarríkjanna hlaut Ísland hlutdeild í þessum ávinningi. Margvíslegir aðrir hagsmunir lágu þar að baki. Aðild að Schengen var til dæmis eina leiðin fyrir Ísland og Noreg til að varðveita norræna vegabréfasambandið, sem var og er stolt norræns samstarfs. Afnám vegabréfaeftirlits var þáttur í fjórfrelsinu, sem Ísland tekur þátt í í gegnum EES-samninginn, ferðaþjónustan leit á það sem sína hagsmuni að taka þátt og með aðildinni fékk Ísland aðgang að öflugu lögreglusamstarfi Evrópuríkja.

SKOÐUN



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Undanfarið hafa vaxandi efasemdir um ágæti samstarfsins komið fram á Schengen-svæðinu. Innbyrðis deilur Frakklands og Ítalíu um meðferð flóttamanna frá Norður-Afríku urðu til þess að leiðtogar ríkjanna kölluðu eftir því að heimildir Schengen-ríkja til að ákveða einhliða að taka upp tímabundið landamæraeftirlit yrðu rýmkaðar. Þær miðast nú við að alvarleg ógn steðji að öryggi viðkomandi ríkis og eftirlitið má ekki standa lengur en 30 daga í senn.

Danska stjórnin sigldi í kjölfarið og ákvað að manna aftur skýli landamæravarða á landamærunum að Svíþjóð og Þýzkalandi og taka stikkprufur í vegabréfaeftirliti. Danir segja eftirlitið rúmast innan núverandi ákvæða Schengen en framkvæmdastjórn ESB hefur sínar efasemdir um það. Danir vísa fyrst og fremst til hættunnar af alþjóðlegum glæpaklíkum, sem hafi haslað sér völl í landinu.

Flóttamannavandinn og alþjóðleg glæpastarfsemi eru vissulega vandamál, en þau verða ekki leyst með einhliða ákvörðunum ríkja um að taka upp landamæraeftirlit, heldur fremur með samstarfi þeirra um að ráðast að rótum vandans. Innanríkispólitískar ástæður liggja líka að baki í sumum löndum þar sem efasemdir eru um Schengen-samstarfið. Danska og ítalska ríkisstjórnin reiða sig á stuðning lýðskrumsflokka á hægri vængnum, sem eru andsnúnir útlendingum yfirleitt og Sarkozy Frakklandsforseti vill ekki tapa atkvæðum til Marine Le Pen. Og ef menn halda því fram að þátttaka í Schengen sé undirrót þess að alþjóðlegar glæpaklíkur nái fótfestu, ættu þeir kannski að horfa til Bretlands, sem stendur utan samstarfsins.

Innanríkisráðherrar ESB-ríkjanna hafa nú samþykkt að efla úrræði sambandsins til að grípa til aðgerða til að aðstoða ríki á ytri landamærum sambandsins til að létta þrýstingi af innri landamærum. Jafnframt stendur til að rýmka heimildir einstakra ríkja til að grípa til tímabundinna aðgerða.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sagði í Fréttablaðinu á laugardag að Ísland gæti tekið undir þessar niðurstöður og tal um úrsögn úr Schengen-samstarfinu væri ótímabært. Það er rétt afstaða. Það sem máli skiptir er að grípa til aðgerða sem duga gegn glæpastarfsemi og flóttamannavanda, án þess að það bitni á frjálsri för heiðarlegs fólks.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

GÍS GÍTARSKÓLI ÍSLANDS

www.gitarskoli.is

Gítarnámskeið

„Crash course“

Fyrir byrjendur og lengra komna
Hefst 6. júní
Verð 35.000 kr.
8 einkatímar
4 vikur 2 tímar í viku
Skráning í síma 581-1281
gitarskoli@gitarskoli.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Guðlaugur stríðir

Guðlaugur Þór Þórðarson skensaði Ögmund Jónasson á þingi í gær með háðskri lofræðu. Guðlaugur þakkaði ráðherranum fyrir að láta ekki pólitíska fortíð sína flækjast fyrir sér í starfi, og vísaði til risavaxinnar heræfingar sem NATO stendur fyrir hérlendis á næstunni. Þóttist hann vita að einhvern tímann hefði heyrst í Ögmundi þegar annað eins hefði staðið fyrir dyrum. Ögmundur tók hrósinu að vonum fálega.



### Áttavitinn að lagast

Guðlaugur sagði einu sinni – ef ekki oftar – að Ögmundur Jónasson væri hans pólitíski áttaviti. Hann þyrfti bara að komast að því hvaða afstöðu Ögmundur hefði til allra mála og vera svo á móti því. Kannski Guðlaugur þurfi nú finna sér nýjan áttavita til að fara ekki eftir.

### Furðusvör

Innanríkisráðherra spurði ríkislögreglustjóra að því fyrr á árinu hvaða upplýsingar hann hefði um mál Marks Kennedy, flugumanns bresku lögreglunnar, sem sögur hermdu að hefði laumað sér í raðir mótmælenda við Kárahnjúka árið 2005. Svarið er skrítið: Ríkislögreglustjóri fór yfir gögn og sá ekkert sem benti til þess að Kennedy hefði verið hér með vitund íslenskrar lögreglu. Því væri ekki hægt að segja til um hvort svo var. Svarið má umorða svona: Lögreglan veit ekki hvort hún vissi hvort Mark Kennedy var hér. Sem þýðir væntanlega að lögreglan veit ekki hvort Mark Kennedy var hér. Þá eiga menn bara að segja það. Hitt er annað mál að sambærilegar upplýsingar hafa fengist í öðrum löndum. Af hverju erum við svona sérstök?



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Hvaða valdi skal stjórnarskráin dreifa?

Valddreifing



**Jón Þór Ólafsson**
stjórnmálaheimspekingur

Valddreifingarkröfur Þjóðfundarins á síðasta ári ganga eðlilega lengra en þrískipting Montesquieu á ríkisvaldinu. Þrískipting franska greifans var greiningarlíkan og gagnrýni á því hvar vald ríkisins var að finna fyrir tæpum þrjú hundruð árum. Hún er góð en ekki endanleg uppskrift að valddreifingu í ríkjum. Hún minnist ekki á að vald ríkisins kemur frá fólkinu og byggist á því skuli eftir fremsta megni tryggja sjálfræði einstaklinga og beint lýðræði heildarinnar. Spyrjum því fyrst hvaða vald er réttlætanlegt að ríkið fái frá fólkinu áður en því er dreift á milli embætta stjórnkerfisins.

Þegar kemur að hugtakinu vald er íslenskan gegnsæ. Sá sem getur valdið, getur orsakað, hefur vald. Hvers konar vald ríki hafa kemur skýrt fram í almennt notaðri skilgreiningu Max Weber á hugtakinu ríki: „[Eitthvað er] ríki ef og að svo miklu leyti sem starfsmönnum stjórnkerfisins tekst að viðhalda einokun á beitingu lögmætts ofbeldis til að framfylgja sinni reglu.“

Hvorki George Washington né Mao Zedong, báðir æðstu menn og feður sinna ríkja, fóru í grafgötur með eðli ríkisvaldsins. Washington sagði: „Ríkisvaldið er ekki skilsemi, það er ekki fágun, það er afl, eins og eldur er það hættulegur þjónn og hræðilegur herra.“ En Mao sagði: „Pólitískt vald kemur úr hlaupinu á byssu.“

> Ef þú hlýðir ekki lögum ríkisins þá áskilur það sér rétt til að beita þig ofbeldi, svipta þig eignum og frelsi.

Vald ríkisins felst því í að geta með lögmætu ofbeldi valdið því sem stjórnendur þess vilja. Ef þú hlýðir ekki lögum ríkisins þá áskilur það sér rétt til að beita þig ofbeldi, svipta þig eignum og frelsi. Þetta er flestum ljóst en lítið rætt. En þetta er lykilatriði sem vekur upp grundvallarspurningar um valdsvið ríkisins.

Þegar kemur að því að semja og samþykkja nýja stjórnarskrá skulum við því spyrja okkur og svara heiðarlega: „Í hvaða tilgangi viljum við að meirihlutinn eða fulltrúar hans beiti fólki sem hlýðir þeim ekki ofbeldi?“

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ísland á réttri leið

Ríkisfjármál

Steingrímur J. Sigfússon
fjármálaráðherra og formaður VG



Tölur um viðsnúning í afkomu ríkissjóðs frá árinu 2008 til ársins 2011 tala sínu máli. Halli ríkissjóðs árið 2008, eftir hrun efnahagskerfisins, varð bókfærður upp á 216 mia. kr.

Á þessu ári er áætlaður halli samkvæmt fjárlögum komin undir 40 mia. kr. og frumjöfnuður orðinn jákvæður, þ.e. kominn er afgangur í ríkissjóð þegar horft er framhjá vaxtatekjum og vaxtagjöldum ríkissjóðs. Þessi kröftuga umbreyting, sem vakið hefur athygli utan landsteina, gerir ríkissjóði nú kleift að koma með myndarlegum hætti að gerð kjarasamninga.

Svigrúmið sem myndast hefur í ríkisfjármálum á grunni ofangreinds árangurs gerir það mögulegt að hækka bótaflokka, efla framkvæmdir á vegum ríkisins, verðtryggja persónufrádrátt frá og með 2012, standa að baki kjarabótum til opinberra starfsmann og efla menntun, svo fátt eitt úr yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga sé nefnt. Hin erfiðu ár umfangsmikils niðurskurðar í ríkisfjármálum eru að baki og við tekur stíft aðhald. Vonir eru bundnar við að vöxtur hagkerfisins á þeim grunni, sem lagður hefur verið, geri okkur kleift að standa undir

kjara- og velferðarsókn næstu ára og ná samtímis áframhaldandi árangri við að gera ríkisfjármálin sjálfbær. Því er þó ekki að leyna að tekjuáhrif, en einkum þó útgjaldaáhrif tengd kjarasamningum eru umtalsverð og því sætir nú efnahagsáætlun til meðallangs tíma endurskoðun.

Það er jafnframt ánægjulegt að í apríl minnkaði atvinnuleysi um hálft prósentustig. Atvinnuleysi er þó enn of hátt miðað við það sem við þekkjum hér á landi en full ástæða er til að ætla að góðar horfur framundan um fjárfestingar í hagkerfinu taki nú að vinna á því böli. Nú þegar eru hafnar framkvæmdir við að reisa kísilflöguverksmiðju í Helguvík, stækkun í Straumsvík og bygging Búðarhálsvirkjunar er í fullum gangi. Fjölmargir fleiri aðilar hafa lýst yfir áhuga á að fjárfesta í stórum verkefnum hér á landi. Þess má geta að í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir fjárfestingu upp á 80 mia kr. í Þingeyjarsýslum en fjárfestingar í heild á landinu eiga eftir, og þurfa auðvitað, að aukast verulega.

**Óbreytt lánshæfismat - varnarsigur**

Niðurstaða Standard & Poors og áður Moody´s um óbreytt lánshæfismat og ákvörðun Fitch um að færa lánshæfishorfur Íslands af neikvæðum í stöðugar má heita varnarsigur. Auðvitað hefði verið betra að lánshæfismatsfyrirtækin hefðu hækkað lánshæfismat landsins eins og þau gáfu sterklega til kynna að yrði gert ef samningar vegna Icesave hefðu verið samþykktir. En úr því að svo varð ekki er það tvímælalaust til bóta að lánshæfismatið lækkaði ekki. Varnarsigurinn er líka mikilvægur í samhengi kjarasamninga og væntanlegra fjárfestinga því forsenda margra þeirra verkefna sem ráðist verður í er lánsfjármögnun mikilvægra aðila á borð við Landsvirkjun. Neikvæðar horfur í lánamálum ríkisins hefði því getað haft áhrif á stöðu Landsvirkjunar og því afar mikilvægt að horfurnar séu stöðugar og helst batnandi.

Á bak við þennan varnarsigur er líka mikil vinna við að koma á framfæri upplýsingum um raunverulega stöðu landsins – benda á undirliggjandi styrkleika hagkerfisins og vænlegar framtíðarhorfur.

Niðurstaða matsfyrirtækjanna, hvað sem mönnum kann að finnast um þau, er staðfesting á því að umheimurinn er meðvitaður um að Ísland er smátt og smátt að sigrast á sínum miklu erfiðleikum. Svartagallsraus ýmissa aðila hér heima fyrir breytir ekki framkominni niðurstöðu þeirra heldur er litið til þess árangurs sem náðst hefur í glímunni við hrunið. Framanaf gekk bölsýnin út á að yfirvofandi væri greiðsluþrot landsins og til voru þeir sem vildu gefast upp og leita eftir inngöngu í Parísarklúbbinn. Sá kór hefur að mestu þagnað og meira en 1½ ár er liðið síðan að Ísland hvarf af lista yfir þær þjóðir sem líklegastar eru til að stefna í greiðsluþrot.

Þó svo að Ísland standi enn frammi fyrir margvíslegum og erfiðum úrlausnarefnum er það versta óumdeilanlega að baki. Á komandi mánuðum munu margir finna fyrir því að hagkerfið er farið að taka við sér og róðurinn á ýmsan hátt tekinn að léttast. Um leið og við látum það almennt eftir okkur að trúa þessu munu miklir kraftar leysast úr læðingi. Það er komin tími til. Nú er það „samtakið“ og trú á framtíðina sem gildir.

# Atvinna í stað aðgerðaleysis

Sumarstörf

Björk Vilhelmsdóttir
borgarfulltrúi og formaður velferðarráðs



Reykjavíkurborg ákvað nýverið að bjóða upp á 1.900 sumarstörf fyrir ungt fólk í stað 1.500 starfa eins og hefur verið síðastliðin sumur. Ástæðan er sú að síðastliðið sumar þáðu um 400 námsmenn fjárhagsaðstoð frá borginni. 400 vinnufærir námsmenn sem eyddu sumrinu í aðgerðaleysi og fengu fá eða engin tækifæri til að nýta krafta sína. Á sama tíma greiddi borgin þeim framfærslueyri en gat ekki nýtt sér vinnufúsar hendur þeirra. Þetta ástand viljum við ekki sjá í sumar.

Fulltrúar Samfylkingarinnar og Besta flokksins samþykktu nýlega í borgarráði að þeir sem hefðu verið án vinnu síðastliðið Sumar, og skorti þar af leiðandi starfsreynslu, skyldu njóta forgangs í sumarstörf borgarinnar. Reykjavíkurborg á að líta á það sem frumskyldu sína að veita ungu fólki sem annars fær enga atvinnu reynslu af fjölbreyttum störfum, enda er slík reynsla ómetanleg hverjum og einum. Ef ungt fólk fær ekki tækifæri til að efla sig yfir sumartímann er hætta á að það öðlist litla reynslu og festist í áralöngum vítahring atvinnuleysis og fátæktar. Við bindum vonir við að atvinnulífið skapi jafn mörg sumarstörf og áður, en getum ekki skorast undan þeirri ábyrgð að veita óreyndu fólki vinnu. Í þessu sambandi ætti borgin að gera gullnu regluna að sinni og hugsa: Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri borgarbúum, það skuluð þér og þeim gjöra.

Þessi fjölgun sumarstarfa kostar borgina um 218 milljónir, sem eru að mestu teknar af lið sem kallast „ófyrirséð“. Það er von okkar sem stöndum að þessu átaki að við spörum verulegar fjárhæðir, eða ríflega 100 milljónir sem annars færu í fjárhagsaðstoð til sama hóps. Með því að bjóða upp á vinnu erum við ekki skuldbundin til að greiða fulla fjárhagsaðstoð til þeirra sem ekki vilja vinnu. Þeir sem þiggja ekki vinnu hjá borginni en eru vinnufærir eiga þó aðeins rétt á hálfri þeirri fjárhagsaðstoð sem þeir annars eiga rétt til. Við gerum ráð fyrir að flestir vilji vinna, því það er ekki fýsilegur kostur fyrir ungt fólk sem býr í foreldrahúsum að lifa á 37.250 þús. á mánuði þegar það á kost á vinnu t.d. í átta vikur og fær fyrir það 174 þús. á mánuði, auk reynslunnar sem er ekki síður mikilvæg í reynslubankann og í starfsferilsskrána.

Ef reynslan af þessu verkefni verður góð, eins og vonir standa til, gætum við í framhaldinu fært fjármagn úr fjárhagsaðstoðinni til atvinnuskapandi verkefna fyrir fleiri aldurshópa. Í því er fólginn mikill ávinningur fyrir borgarbúa og Reykjavíkurborg.




24. maí er síðasti dagurinn sem þú hefur til að hafa áhrif á niðurstöður í atkvæðagreiðslunni um kjarasamningana

Mundu að skila atkvæði þínu tímanlega. Ekki geyma það til síðasta dags

FLÓABANDALAGIÐ EFLING STÉTTARFÉLAG V.L.F. HLÍF VS FK

ATH! Atkvæði í póst skilist í síðasta lagi 20. maí

# Óþarft að kjósa tvisvar

Kosningar



**Arnþór Helgason**
starfsmaður Lýðræðissetursins

Frá því að íslenska fjármálakerfið hrundi árið 2008 hefur talsverð umræða orðið um það manna á meðal hvernig haga beri kosningum. Þrátt fyrir áhuga á umbótum hefur hvert óhappið rekið annað. Má þar nefna kosningu til stjórnlagaþings, ákvörðun Alþingis um það hverjir skyldu ákærðir fyrir landsdómi og nú síðast kjör vígslubiskups í Skálholti.

Stjórnvöld virðast ekki hafa áttað sig á því að unnt er að greiða þremur eða fleiri kostum atkvæði á þann hátt að ekki þurfi að kjósa tvisvar, fái enginn meirihluta atkvæða í fyrstu umferð. Full ástæða er til að stofnanir samfélagsins og félög skoði með hvaða hætti sé hægt að einfalda kosningu og atkvæðagreiðslu þannig að menn geti tjáð vilja sinn og tiltekinn kostir verði ekki afgreiddir fyrirfram. Til þess hentar aðferð sem nefnist raðval og lýst er í bókinni „Lýðræði með raðvali og sjóðvali“ eftir Björn S. Stefánsson.

Björn Stefánsson hefur lengi rannsakað aðferðir sem nýta megi til þess að auðvelda mönnum að komast að niðurstöðu með atkvæðagreiðslu. Þróaði hann þessa aðferð og hefur hún reynst tiltölulega auðveld í framkvæmd. Sá ávinningur fæst með því að beita henni að úrslit fást þótt þrír eða fleiri kostir séu í boði.

Sem dæmi má nefna kosningu þar sem fjórir eru í framboði. Kjósendur geta þá raðað þeim að vild. Sá sem kjósandi vill greiða eindregið brautargengi fær þá þrjú stig og svo koll af kolli þannig að sá sem kjósandi vill síst fær þá ekkert stig.

Samanlagður stigafjöldi ræður úrslitum. Þá er ekki víst að sá, sem flestir velja í fyrsta sæti, nái kjöri, því að annar maður getur fengið það mörg stig í annað sæti að þau ríði baggamuninn. Þannig eru nokkrar líkur til að úrslitin verði með öðrum hætti, sé einungis ein kosning viðhöfð í stað tveggja þar sem í seinna skipti verði kosið um tvo efstu frambjóðendurna. Kosningar, þar sem krafist er tveggja atkvæðagreiðslna, þegar enginn frambjóðandi nær meirihluta, gefa þar að auki ekki alls kostar rétta mynd af vilja kjósenda þar sem þeir fá yfirleitt aðeins að velja einn kost hverju sinni og það getur haft afdrifarík áhrif á framhaldið.

Raðval hentar einnig afar vel þegar afgreiða þarf mál með atkvæðagreiðslu og þrjú eða fleiri afbrigði eru í boði. Á það hefur verið bent að raðval kunni að draga úr valdi fundarstjóra ef hann þarf að úrskurða um röð eða vægi breytingartillagna, svo að eitt dæmi sé nefnt. Ef raðvali er beitt verða slíkir úrskurðir óþarfir. Öll afbrigði eru jafnrétthá og vilji manna verður ljós þegar stigin hafa verið gerð upp.

> Má þar nefna kosningu til stjórnlagaþings, ákvörðun Alþingis um það hverjir skyldu ákærðir fyrir landsdómi og nú síðast kjör vígslubiskups í Skálholti.

Nokkur reynsla er af raðvali hér á landi. Þegar menn hafa nýtt sér kosti þessarar aðferðar hefur hún reynst auðveld í framkvæmd og almenningur hefur ekki átt í neinum vandræðum með að tileinka sér hana.

Með raðvali er hægt að leggja ýmis álitamál í dóm kjósenda með öðrum hætti en tíðkast hér á landi þar sem tveimur kostum er yfirleitt stillt upp hvorum gegn öðrum.

Með raðvali aukast enn fremur líkurnar á því að sá, sem flestir sætta sig við, verði valinn.

Þá er rétt að geta þess að lokum að raðval er þess eðlis að auðvelt er að móta skýrar reglur um notkun aðferðarinnar innan stjórnkerfisins, sveitarfélaga og samtaka. Aðferðin greiðir ótvírætt fyrir lausn mála og dregur úr hættunni á flokkadráttum.

Frekari upplýsingar eru á síðunni http://abcd.is.

LYFJA
– Lífið heil




SUNNY GREEN CHLORELLA
Er svitalykt eða táfýla?

www.lyfja.is
Fyrir þig í Lyfju
ÍSLENSKA/SIA.IS LYF 54872 05/11

Ævintýralegar sumarbúðir fyrir 12-16 ára

**Frábærar sumarbúðir fyrir alla unglinga!**

Staðsetning: Alviðra í Ölfusi
Tími: 13.-16. ágúst
18-21. ágúst



*„Þetta var ótrúlega skemmtilegt. Ég eignaðist fullt af vinum... og leiðbeinendurnir voru líka æði.“*



- Hlutverkaleikir
- Kvöldvökur
- Ferðir
- Frábær skemmtun

Unnið verður með málefni sem tengjast mannréttindum og hjálparstarfi með hlutverkaleikjum og hópverkefnum. Einnig verður mikið lagt upp úr leikjum, útivist, kvöldvökum og annarri skemmtun.

**Skráning á raudikrossinn.is.**
**Nánari upplýsingar á jon@redcross.is**
**eða í síma 5704000.**

Ungmenna hreyfing
Rauði kross Íslands
Rauði kross Íslands

# Er Garðabær úthverfi villuhverfisins á Arnarnesi?

Skipulagsmál



**Auður Hallgrímsdóttir**
Fulltrúi Fólksins – í bænum og í skipulagsnefnd Garðabæjar

Kynning skipulagsnefndar Garðabæjar á vinnu við gerð deiliskipulags núverandi byggðar á Arnarnesi var haldin fimmtudaginn 31. mars í Sjálandsskóla. Fundurinn var mjög vel sóttur. Fundarstjóri var formaður skipulagsnefndar en arkitekt deiliskipulagsgerðarinnar, Ögmundur Skarphéðinsson, sá um kynningu. Þar sem fundarstjóri gaf arkitektinum skamman tíma í viðamikla kynningu var farið hratt yfir umfangsmikið efni og skautað framhjá nokkrum mikilvægum staðreyndum og öðrum sleppt. Nefni ég nú nokkrar þeirra.

Í skipulagsuppdrætti af Arnarnesi frá júní 1975 sem skilgreinir skiptingu landsins, notkun óbyggða og opinna svæða og skilgreinir eign hverra þau eru segir:

Strandlengjan Arnarnesvogsmegin og óbyggða svæðið á háholtinu sem aðgreind eru með grænum skálínum eru samkvæmt skipulagsuppdrættinum „svæði látið undir skóla, dagheimili og opin svæði samkvæmt samningi við Garðabæ.“ Svæði aðgreint með ljósbrúnni skálínu eru samkvæmt skipulagsuppdrætti „Svæði við norður og norðvesturströndina er í eigu landeigenda“.

Mikilvægt er að íbúum Garðabæjar sé kunnugt að eina landsvæðið sem telst eign landeigenda á Arnarnesi og þá allra íbúa Arnarness, er eingöngu strandlengjan norðan megin á nesinu. Garðabæ ber því að skipuleggja strandlengjuna vestan megin og háholtið eins og bærinn telur að þjóni hagsmunum heildarinnar. Í skipulagslögum segir að „ávallt skuli hafa hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi“.

Meðfram ströndinni eru 40 einbýlishús, þrettán húseigendur af þessum 40 eru búnir að fara í frekari landvinninga og eigna sér land í eigu Garðabæjar og land í eigu landeigenda Arnarness. Íbúar þessir hafa fært lóðamörk sín alveg niður í fjöru. Heft með því aðgengi fólks um fjöruna þrátt fyrir að lögum samkvæmt sé frjáls aðgangur að ströndinni.

Lauslega var farið yfir nýtingu á opna svæðinu efst á Arnarnesinu. Þar sýndi arkitektinn að hægt væri að reisa byggingar samkvæmt eldri skilmálum um blandaða byggð eða eins og segir „svæði látið undir skóla, dagheimili og opin svæði“. Þetta hugnaðist nokkrum íbúum Arnarness ekki og sögðu að það ætti að reisa leikskóla, skóla, hjúkrunarheimili, íþróttavelli og verslanir á „hinum stöðunum í bænum“ þar sem hinir búa. Við viljum birkiskóg og berjamó á Arnarnesi eins og einn íbúinn orðaði það.

Göngu- og hjólastígur umhverfis Arnarnesið var kynntur sem útivistarleið en ekki var hægt að fá upplýsingar hjá hönnuði skipulagsins um nánari útfærslu á efnisgerð eða útfærslu útivistarleiðarinnar. Þannig að krafa meirihluta íbúa Garðabæjar ásamt fjölmennum hópi íbúa Arnarness er enn sú sama að göngu- og hjólastíga verði að leggja meðfram strandlengju Arnarness íbúum öllum til yndis og ánægju og aukinna lífgæða.

Þeir sem starfa í pólitík þurfa ávallt að vera minnugir þess að hafa hag heildarinnar að leiðarljósi. Garðabær er bær íbúa í Silfurtúni, Flötum, Ásum, Holtum, Hæðum, Hólum, Hraunum, Lundum, Fitjum, Móum, Prýðum, Görðum, Grundum, Arnarnesi, Ökrum og Sjálandi. Allir íbúarnir eiga rétt á að hlustað sé á þeirra sjónarmið og tekið sé tillit til óska þeirra og athugasemda. Jafnframt þurfa íbúar að taka tillit hver til annars og einhverstaðar þarf nauðsynleg þjónustan að vera eins og áður er upptalið.

Álag vegna opinberra bygginga og umferðar í nærumhverfinu er misskipt á líf íbúanna. Sumir íbúar búa við heilsuspillandi áreiti frá umhverfinu meðan aðrir búa við áreiti ölduniðar, sólarupprásar og sólarlags. Skipulagið síðastliðin 50 ár með stjórnsýslu núverandi meirihluta hefur ákveðið að mismuna íbúum eins og dæmi sýna víða um Garðabæ. Það má segja að íbúar Arnarness (sem búa í eina villuhverfi landsins eins og arkitektinn orðaði svo skemmtilega í kynningu sinni) séu eingöngu í hlutverki þiggjandans, engu má fórna af þeirra nærumhverfi í samneyslu fyrir bæjarbúa.

Íbúatala Garðabæjar í dag er um 11.000 þúsund manns. Ef við segjum að 5 manna fjölskylda búi í hverju húsi meðfram strönd Arnarness, húsin við ströndina eru eins og fyrr segir 40, þá eru það 200 íbúar sem er 1,8% af íbúafjölda Garðabæjar. Eiga þessir 200 íbúar að hafa meira um það að segja hvernig landsvæði í eigu Garðabæjar er nýtt en hinir 8.000 gefum okkur að einhverjir séu hlutlausir?

Eftir kynningarfundinn hvarflaði sú hugsun að mér að ég hefði bara alltaf misskilið þetta, það væri Garðabær sem er í Arnarnesi en ekki Arnarnes í Garðabæ. En ég er náttúrulega bara „Fólkið í bænum“.

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## ÚRVAL LAMPA & ÚTILJÓSA

**Við Fellsmúla** - Reykjavík

**FLÚRLAMPAR**
10W
15W
18W
30W
36W
Verð frá 2.595

**FLÚRLAMPAR**
14W
21W
28W
Verð frá 2.995

**IÐNAÐARLAMPAR M/ SKERM**
2.995
1 x 36W
4.995
2 x 36W

**SPEGLALAMPAR**
Verð frá 4.995
Verð frá 5.595
Með tengli
Verð frá 4.995
Með tenglum

**INNF. FLÚRLAMPAR Í LOFT**
6.995
4 x 14W
5.995
4 x 18W

## ÚTILJÓS

LÝSA UPP OG NIÐUR

4.795 4.995 4.995 5.995

G9 25W

**INNRÉTTINGALAMPAR**
3.995
8W
4.595
13W

**FLÚRLAMPAR Á LOFT**
5.995
4 x 18W
5.995
2 x 36W

**ÚTILJÓS**
995

**FLÚRLAMPI Á LOFT**
4.959
2 x 36W

**ÚTI OG INNILJÓS** Litir: króm og hvítt
4.495
með sparperu 28W
3.795
með sparperu 16W
4.295
með sparperu 28W
3.395
með sparperu 16W

**ÚTILJÓS**
3.295
3.295

**ÚTILJÓS**
995
995
995

**ÚTILJÓS** Litir: svart, hvítt, grátt
1.995 1.995
1.995 1.995

**ÚTILJÓS** Litir: svart, hvítt, grátt
3.995 3.995

**ÚTILJÓS** Litir: svart, hvítt, grátt
3.995 3.995
3.595 3.595

**ÚTILJÓS** Litir: svart, hvítt, grátt
3.995 3.995
3.595 3.595

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

**OPIÐ ALLA DAGA**
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**BERTRAND RUSSELL** heimspekingur fæddist þennan dag árið 1872.

*„Í öllum athöfnum er hollt að festa öðru hverju spurningarmerki við þá hluti sem þú hefur lengi litið á sem sjálfsagða.“*



†

*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar, ömmu og langömmu,*

**Kristjönu Óskar Kristinsdóttur**

frá Hafnarfirði, Ásgötu 12, Raufarhöfn.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Dvalarheimilisins Nausts á Þórshöfn sem og starfsfólki Dvalarheimilisins Sunnuhlíðar, fyrir kærleiksríka umhyggju og vináttu sem umvafði Kristjönu og okkur öll.

**Kolbrún Stefánsdóttir**
**Særún Stefánsdóttir**
**Guðrún Stefánsdóttir**
**Magnús Stefánsson**
**Birgitta Björgólfsdóttir og synir**
**Stefán Jan Sverrisson**
**Brimrún Björgólfsdóttir og synir**
**Daníel Benediktsson**
**Eva Benediktsdóttir**
**Milla Ósk Magnúsdóttir**
**Vala Rún Magnúsdóttir**



†

*Ástkær eiginmaður minn*

**Hjörtur Gunnarsson**

Suðurgötu 17, Hafnarfirði,

lést 10. maí. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 20. maí kl. 15.00.

**Nanna Friðgeirsdóttir**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ari Bergþór Oddsson**

Aðalgötu 5, Keflavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Hlévangi, fimmtudaginn 12. maí. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 20. maí kl. 13.00.

**Guðrún Jóna Aradóttir** **Sigurður J. Ögmundsson**
**Sigríður Aradóttir** **Guðmundur Finnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Hjartkær frænka okkar,*

**Kristín Sigríður Þórðardóttir Kimmel**

sem andaðist á Sólvangi í Hafnarfirði 11. maí sl., verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 19. maí kl. 15.00.
Þakkir eru færðar þeim sem léttu henni flutningana til Íslands og dvölina hér síðustu árin, fyrir umhyggju þeirra og hlýhug.

**Systkinabörn og fjölskyldur**


GL GRANÍT OG LEGSTEINAR



Frí áletrun

Fallegir legsteinar á einstöku verði

Gjótuhrauni 8, 220 Hafnarfirði Sími 571 0400 granit@granit.is




†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Árni Guðjón Jónasson**

Heiðmörk 13, Hveragerði,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Kumbaravogi þriðjudaginn 10. maí, verður jarðsunginn frá Hveragerðiskirkju föstudaginn 20. maí kl. 14.00.

**Sigurður Árnason** **Guðlaug Ragnarsdóttir**
**Bjarni Árnason** **Guðbjörg Jóhannsdóttir**
**Kristján Þór Hansen** **Sigurbjörg Egilsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

**Pálmi Ingvarsson**

lést í Seattle þriðjudaginn 10. maí.

**Ingvar Pálmason Ingvarsson** **Connie Ingvarsson**
**Soffía Pálmadóttir** **Gísli Kristjánsson**
**Auður Ingvarsdóttir**
**Sigurður Ingvarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær sonur okkar, bróðir, barnabarn, frændi og vinur,*

**Albert Karl Sigurðsson**

Tunguvegi 7, Njarðvík,

lést á heimili sínu, sunnudaginn 15. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Margrét Sanders** **Sigurður Guðnason**
**Sigríður Sigurðardóttir**
**Sylvía Sigurðardóttir** **Guðni Róbertsson**
**Sigríður Sigurjónsdóttir** **Guðni Sigurðsson**
**Kolbrún Jóna Færseth**
**og aðrir ættingjar og vinir**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Ragnheiðar Bjarnadóttur**

Dalbraut 18, Reykjavík,

sem andaðist 27. apríl á Landspítalanum við Hringbraut.

**Ámundi Gunnar Ólafsson** **Sigrún Þórisdóttir**
**Lilja Ósk Ólafsdóttir** **Guðmundur A. Arason**
**Guðlaug Ingibjörg Ólafsdóttir** **Hilmar Þórisson**
**Júlíana Bjarndís Ólafsdóttir** **Jóhann Einars Guðmundsson**

**og fjölskyldur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**GÓÐ TENGSL** Dorrit Moussaieff og Sólveig Eiríksdóttir héldu matreiðslunámskeið í Ljósinu á dögunum fyrir ungt fólk með krabbamein.

DORRIT MOUSSAIEFF: ELDAR Í LJÓSINU

# Matreiðir með ungu fólki

Góð stemning var í húsakynnum Ljóssins á dögunum þegar Sólveig Eiríksdóttir, oftast kennd við Gló, og Dorrit Moussaieff forsetafrú elduðu með ungu fólki sem greinst hefur með krabbamein. Ungliðahópurinn er samstarfsverkefni Ljóssins, Krafts og Félags krabbameinssjúkra barna.

„Ég hef mjög gaman af því að elda og hugsa mikið um mataræðið, enda skiptir það miklu máli hvað við setjum ofan í okkar. Hráfæði er mitt uppáhald, þannig fáum við mest af næringarefnum út úr fæðunni,“ segir Dorrit kát í bragði. Hún tekur þó fram að Sólveig sjái að mestu um eldamennskuna á námskeiðinum. „Ég bara aðstoða hana. Núna skar ég til dæmis bara niður hráefnið,“ segir hún og hlær.

Sólveig hefur starfað með Ljósinu í fimm ár og þrisvar fengið forsetafrúna með sér til að elda með ungliðum. „Við verðum að hugsa um mataræðið,“ segir Dorrit með áherslu. „Á Íslandi gæti búið heilbrigðasta þjóð í heimi. Við höfum ferska loftið, vatnið og góðu landbúnaðarvörurnar. Ef við myndum öll hreyfa okkur og sleppa sykri, því sykur er eitur, myndu sparast miklir peningar í heilbrigðiskerfinu,“ segir forsetafrúin, sem lét ekki sitt eftir liggja í eldhússtörfunum þegar búið var að snæða dýrindis pastarétt og múslínammi.

Borðhaldið var fjörugt og ungliðarnir óhræddir að ræða við forsetafrúna um lífið og tilveruna, en það var ekki síst mataræði sem var til umræðu. Þegar desertinn heilsusamlegi kom á borðið var forsetafrúin hins vegar byrjuð að vaska upp. „Hún notaði ekki einu sinni uppþvottavélina,“ sagði einn ungliðinn hissa og annar nefndi að það væri eins og hún yrði strax ein af hópnum. Ekki var heldur neitt fararsnið á Dorrit þótt matreiðslunámskeiðinu væri formlega lokið og ræddi hún við ungliðana í rúman klukkutíma. Hún hafði ákveðnar skoðanir á mönnum og málefnum og það höfðu ungliðarnir líka. Ekki fóru þær alltaf saman en hver bar virðingu fyrir skoðunum annarra. Í umræðunum kom fram ein hugmynd sem öllum þótti stórsniðug. „Hvernig væri að hafa einn sykurlausan mánuð á Íslandi?“ spurði forsetafrúin. Hugmyndin fékk atkvæði flestra ungliðanna, sem voru þá einnig tilbúnir til að koma að framkvæmdinni. Sollu í Gló leist líka feiknavel á hugmyndina. „Það langar áreiðanlega engan í sykur eftir að hafa prófað að vera sykurlaus í mánuð.“ Ungliðarnir voru sammála um það.

Það er aldrei að vita hvað þær vinkonurnar gera ásamt þessum kraftmikla ungliðahóp. Í það minnsta er vilji fyrir því að fræða Íslendinga um gott mataræði og bæta það.

**- uhj**



†

*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sveinbjörg Jónsdóttir**

Þjóttuseli 5, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ laugardaginn 7. maí. Útförin fer fram frá Seljakirkju fimmtudaginn 19. maí kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Blindrafélagið. Sérstakar þakkir til starfsfólks Skógarbæjar fyrir góða umönnun og hlýju.

**Jón Helgason** **Stefanía G. Björnsdóttir**
**Björg Gísladóttir**
**Berglind Reynisdóttir** **Samson Magnússon**
**Sveinbjörg Jónsdóttir** **Sigurður Óli Hákonarson**
**Stefán Helgi Jónsson** **Guðbjörg S. Bergsdóttir**
**Rannveig Jónsdóttir**
**og barnabarnabörn**




# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...




Miðvikudagur 18. maí 2011 – 9. tölublað – 7. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir

PFS og Vodafone

Deilt um tíðni nýs farsímanets



2



Ísland færist skör neðar

Kapphlaup í stígvélum og með sandpoka

4-5

Tækni

Dagblöð lesin í farsímanum





**VEXTIR KYNNTIR** Líklegt er að þrýst verði á að Seðlabankinn horfi fram hjá verri horfum í vaxtaákvörðunum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Stýrivextir lækka ekki

Verðbólguhorfur hafa versnað og mun Seðlabankinn ekki lækka stýrivexti frekar, að mati greiningardeildar Arion banka.

Í Markaðspunktum deildarinnar í gær segir að aukin umsvif á fasteignamarkaði, áhrif gjaldeyrishafta, gjaldskrárhækkanir og áhrif nýlegra kjarasamninga muni smita út frá sér í verðlag. Af þeim sökum sé ólíklegt að verðbólga verði undir markmiðum Seðlabankans í allt að tvö ár. Gert er ráð fyrir að vísitala neysluverðs hækki um 0,7 prósent í mánuðinum og fari verðbólga við það í 3,1 prósent. Spá deildarinnar gerir ráð fyrir að verðbólga verði komin í 4,0 prósent í ágúst.

Af þessum sökum telur deildin að botninum hafi verið náð í núverandi vaxtalækkunarskeiði. Hún telur jafnframt að þrátt fyrir versnandi horfur verði pólitískum þrýstingi beitt til að fá Seðlabankann til að horfa framhjá verðbólguhorfum í vaxtaákvörðunum sínum. - jab

### HELST Í ÚTLÖNDUM

**PORTÚGAL HJÁLPAÐ**
Evrópusambandið samþykkti á mánudag neyðarlán til bjargar Portúgal upp á 78 milljarða evra. Þriðjungur lánsins kemur frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, þriðjungur úr neyðarsjóði evruríkjanna en þriðjungur fer á fjárlög ESB. Að meðaltali eru lánin til sjö og hálfs árs með 5,7 prósenta vöxtum.

**KÍNVERJAR GÁI AÐ SÉR**
Herman van Rompuy, forseti leiðtogaráðs Evrópusambandsins, segir að Kínverjar verði að gá að sér og sýna sanngirni í viðskiptum við ESB, að öðrum kosti gætu Evrópubúar krafist verndarráðstafana af hálfu Evrópusambandsins. Hann er í heimsókn í Kína og ræddi þar í gær við Wen Jiabao forsætisráðherra.



**TREGÐA Á MÖRKUÐUM**
Tregðu gætti á mörkuðum í gær vegna skuldavanda Evrópuríkja og áframhaldandi óvissu um efnahagsbata í heiminum. Evran hélt þó sínu striki, þrátt fyrir nokkurn ugg um að handtaka Dominique Strauss-Kahn geti haft einhver langtímaáhrif.

# Rannsaka fjörutíu skattaskjólsmál

Embætti skattrannsóknarstjóra kemst aðeins yfir brot mála tengdra skattaskjólum. Upplýsingaskiptasamningar til bóta. Íslendingar teknir að yfirgefa skattaskjólin í einhverjum mæli.

**Ingibjörg Bára Sveinsdóttir**
skrifar

Embætti skattrannsóknarstjóra er með um fjörutíu svokölluð skattaskjólsmál til rannsóknar. Embættið hefur ekki komist yfir nema brot af þessum fjölda, að því er Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri greinir frá.

„Við höfum komist til botns í einhverjum en önnur eru þung þegar ekki hefur tekist að afla allra þeirra upplýsinga sem við teljum þörf á. Sum geta verið í rannsókn í á annað ár. Við vitum að það eru miklir fjármunir í skattaskjólunum, einkum í Lúxemborg," segir Bryndís, en þeim sem eiga eignir og fjármuni erlendis og eru skattskyldir hér á landi ber að telja allt fram.

Reynslan af upplýsingaskiptasamningum við önnur ríki hefur verið upp og ofan, að sögn Bryndísar. „Umhverfið er að opnast meira, en stundum fer mikið ferli í gang þar sem verið er að teygja lopann. Þetta gengur betur í sumum löndum en öðrum. Þessir samningar opna ekki allar dyr. Við erum til dæmis með upplýsingaskiptasamning við Jómfrúaeyjar en upplýsingarnar er ekki að finna þar þótt félag sé skráð þar til heimilis. Þar er kannski bara eitthvert box en félagið sjálft staðsett í Lúxemborg. Þessir samningar eru til bóta en fuglinn er ekki alltaf í hendi."

Íslendingar eru í einhverjum mæli farnir að yfirgefa skattaskjólin, að því er Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri greinir frá.

„Það er alltaf eitthvað um það að á framtölum birtist upplýsingar um eignir og fjármuni í útlöndum. Við höfum hins vegar ekki athugað þetta kerfisbundið. Framtalsskilin eru almennt að batna og einnig hvað varðar upplýsingar frá útlöndum. Það væri auðvitað óskandi að menn gerðu þetta í meiri mæli," segir ríkisskattstjóri.

Hann tekur fram að mögulega séu vissir hvatar að baki þegar menn ákveði að telja allt fram. „Þeir sem hafa verið í skattaskjólum vita að við erum að fá upplýsingar. Margir þeirra eru auk þess í fjárhagslegum erfiðleikum. Þá þarf að grípa til allra fjármuna og það er ekki hægt að birtast með þá hér án þess að telja þá fram. Slíkt kallar á rannsókn skattrannsóknarstjóra."

Skúli segir að oft þurfi að greiða háar þóknanir til fjármálafyrirtækja og aðila sem haldi utan um gögn í skattaskjólum. „Þetta getur verið svo há þóknun að hún slagi jafnvel upp í skattasparnað. Það er alveg klárt mál að það er engin góðgerðastarfsemi hjá þessum stofnunum. Í einhverjum tilfellum hafa menn hagnast á þessu en það er ekki reglan."

Þegar menn koma úr felum bætist við endurákvörðunina 25 prósenta álag á alla skattstofna, að sögn Skúla. „Síðan er metið hvort viðkomandi mál þarf að fara til skattrannsóknarstjóra."



# GreenQloud í hópi þeirra áhugaverðustu

Íslenska sprotafyrirtækið GreenQloud var nýverið valið eitt af áhugaverðustu umhverfistæknifyrirtækjum heims af hinu heimsþekkta ráðgjafar- og greiningarfyrirtæki Gartner.

Fyrirtækið gefur á hverju ári út skýrslu sem ber heitið Cool Vendors og tiltekur þar 300 áhugaverðustu sprotafyrirtæki í heimi, fimm í hverjum flokki.

Að hljóta viðurkenningu frá fyrirtæki eins og Gartner sem er leiðandi í rannsóknum og ráðgjöf í upplýsingatækni, er mikill heiður fyrir lítið sprotafyrirtæki á Íslandi með stórar hugmyndir,“ segir Eiríkur Sveinn Hrafnsson, framkvæmdastjóri GreenQloud.

Fyrirtækið stefnir að því að opna á næstunni umhverfisvænsta tölvuský heims hér á landi. **- þj**

# Óvíst með reksturinn

## Forsvarsmenn sögðust bíða nýrra vara í apríl.

Næstu aldamót, móðurfélag raftækjaverslunar Bang & Olufsen á Íslandi, var úrskurðað gjaldþrota í Héraðsdómi Reykjavíkur 13. apríl síðastliðinn.

Verslunin hefur verið lokuð um nokkurt skeið og byrgt fyrir glugga. Forsvarsmenn verslunarinnar sögðu í samtali við Fréttablaðið um miðjan mars að endurbætur stæðu yfir áður en nýjar vörur væru teknar upp úr kössum. Stefnt væri að því að opna verslunina aftur í apríl.

Óvíst er með skuldastöðu félagsins. Árið 2009 tapaði félagið 188 milljónum króna. Skuldir námu 325,8 milljónum króna og var eigið fé neikvætt um 224,5 milljónir. Fram kom í DV í síðustu viku að eigendur hefðu fengið 205 milljóna lán til kaupa á rekstrinum árið 2007.

Guðmundur H. Pétursson, skiptastjóri þrotabús félagsins, segir óvíst með rekstur Bang & Olufsen. Enginn rekstur sé í versluninni nú. **- jab**



**DYRNAR LOKAÐAR** Forsvarsmenn Bang & Olufsen sögðust um miðjan mars vera að rýma fyrir nýjum vörum. Mánuði síðar varð eigandinn gjaldþrota. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## BANKABÓKIN

**Samanburður á vaxtatöflum bankanna**

| | Hæstu innlánsvextir | Yfirdráttarvextir eru hæstir | Yfirdráttarlán fyrirtækja |
|---|---|---|---|
| Arion banki | Markaðsreikningur 1,25%[A] | 11,25% | 11,20% |
| Íslandsbanki | Vaxtaþrep 1,90% | 11,20% | 11,20% |
| Landsbankinn | Vaxtareikningur 1,15%[B] | 11,20% | 11,20% |
| MP BANKI | MP Sparnaður 2,00% | 11,05% | 9,40 til 11,05% |
| BYR | PM-reikningur 2,00% | 11,15% | 11,10 til 11,20% |
| SPARISJÓÐURINN | Netreikningur 2,00% [C] | 11,25% | 11,25% |
| S24 ...og þú hagnast | Sparnaðarreikningur 2,00% | 10,25% | Ekki í boði. |

*Miðað er við 250.000 króna innlegg og sem skemmsta bindingu. [A] Bundinn í tíu daga. [B] Bundinn í sjö daga. [C] Úttektargjald hjá gjaldkera 0,25%

*Athugið að ekki er tekið tillit til árgjalds, sem getur fylgt yfirdráttarreikningum.*

# PFS segir Vodafone tefja fyrir 4G-tækni

## Örbylgjuútsendingar Digital Íslands gætu heyrt sögunni til eftir nokkur ár. Kostnaðarsamt fyrir bæði fyrirtækið og viðskiptavini, segir upplýsingafulltrúi Vodafone.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Tíðnileyfi Vodafone, sem á og rekur sjónvarpsþjónustuna Digital Ísland og dreifir sjónvarpsefni um örbylgju, rennur út í júlí. Viðræður standa yfir um endurúthlutun á tíðnisviðinu.

Stjórnendur Vodafone hafa óskað eftir endurnýjun til næstu níu ára. Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) segir tíðnibandið, 2,6 GHz, eitt af þeim sem fyrirhugað sé að nota fyrir næstu kynslóð í fjarskiptatækni, svokallað 4G-gagnaflutningsnet. Fái Vodafone sínu framgengt getur það tafið fyrir innleiðingu tækninnar.



**ÞORLEIFUR JÓNSSON**



**HRANNAR PÉTURSSON**

Þorleifur Jónasson, forstöðumaður tæknideildar PFS, segir tíðniheimildir ætíð vera tímabundnar. Ekkert óeðlilegt sé við að þær renni út. Þá standi ekki til að taka tíðnina af Vodafone, né sé deilt um hvort fyrirtækið eigi að fá henni endurúthlutað heldur hversu lengi. Stefnt er að því að ákvörðun um endurúthlutun tíðniheimildar Vodafone liggi fyrir innan tveggja vikna.

„Þessi umrædda tíðni er hugsuð fyrir þráðlausa háhraðafarnetsþjónustu, framtíðarþjónustu fyrir farsíma. Aðrar tíðnir eru í boði fyrir stafrænar sjónvarpsútsendingar í lofti. Vodafone hefur fengið úthlutað tíðnum á UHF-tíðnisviðinu fyrir stafrænar útsendingar,“ segir Þorleifur og bendir á að Evrópusambandið hafi ákvarðað fyrir nokkru að sama tíðni og Vodafone notar til dreifingar á sjónvarpsefni skuli notuð fyrir næstu kynslóð í fjarskiptatækni, oft nefnda fjórðu kynslóð sem taki við af 3G-farsímanetinu. PFS hlítir ákvörðuninni eins og víða annars staðar þrátt fyrir að Ísland hafi lýst því yfir að ákvörðunin verði ekki innleidd að sinni vegna núverandi notkunar Vodafone. „Þau lönd í Evrópu sem enn nota sömu tíðni og Vodafone til dreifingar á sjónvarpsefni eru teljandi á fingrum annarrar handar,“ segir hann.

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi hjá Vodafone, segir rök PFS mjög veik. Ástæðan fyrir því að þetta tiltekna tíðnisvið sé notað í Evrópu fyrir hluta af fjórðu kynslóð í gagnaflutningsþjónustu sé einfaldlega sú að tíðnisviðið hafi ekki áður verið í notkun þar.

Hann segir talsverðan mun á sjónvarpsútsendingum á UHF-tíðnisviði og því örbylgjutíðnisviði sem Digital Ísland sendi sjónvarpsefni út á á höfuðborgarsvæðinu og hluta Suðurlands. Á síðasttalda tíðnisviðinu eru sendar út í kringum sjötíu sjónvarpsstöðvar. Á UHF-tíðnisviðinu sé aðeins sent út efni tæplega tuttugu sjónvarpsstöðva. Á sumum stöðum úti á landi séu þær enn færri. Því yrði Vodafone að fá mun fleiri tíðnileyfi til að geta sent út efni jafn margra sjónvarpsstöðva og nú á UHF-tíðnibandinu.

Þá bendir Hrannar á að önnur tíðnisvið henti betur fyrir háhraðagagnaflutningsþjónustu en 2,6 GHz-tíðnin. „Tíðnisviðið er hátt og dregur skammt en lægri tíðnir draga lengra og eru hentugri,“ segir hann og bætir við að verði hætt að nota örbylgjutíðnisviðið verði skiptin kostnaðarsöm, bæði fyrir Vodafone og viðskiptavini fyrirtækisins; þeir þyrftu annað hvort að kaupa ný loftnet sem gætu tekið við UHF-sendingum eða að kaupa netþjónustu til að taka við sjónvarpsefni um háhraðanet.

# Google sækir sér fé

## Bandarísk fyrirtæki nýta sér lágt vaxtastig.

Bandaríska netfyrirtækið Google ætlar að sækja sér þrjá milljarða dala, jafnvirði 350 milljarða króna, með skuldabréfaútboði. Þetta er fyrsta skuldabréfaútboð fyrirtækisins.

Breska viðskiptadagblaðið Financial Tims segir hagstætt fyrir fyrirtæki að fjármagna sig með þessum hætti, þar sem fjármögnunarkostnaður sé nú lágur vestanhafs. Stýrivextir í Bandaríkjunum hafa staðið í sögulegum lægðum síðan í desember 2008. Google fetar í fótspor hugbúnaðarrisans Microsoft, sem hefur sótt á skuldabréfamarkað síðastliðin tvö ár með góðum árangri.

Fram kemur í Financial Times að stjórnendur Google séu hugsanlega að safna í sjóð til að hafa lausafé á milli handanna þegar óvænt kauptækifæri komi upp.



**VILJA EIGA LAUSAFÉ** Google vill hafa yfir nægu fé að ráða, komi upp óvænt kauptækifæri. Hér er Sergey Brin, annar tveggja stofnenda Google. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Óformlegar viðræður fóru fram á milli stjórnenda Google og helstu fjárfesta Skype á dögunum. Google lagði aldrei fram formlegt tilboð og varð úr að Microsoft keypti fyrirtækið fyrir 9,5 milljarða dala, jafnvirði 980 milljarða íslenskra króna. **- jab**




# Útflutningsverðlaun forseta Íslands til bænda

## Hlutafélag í eigu bænda er í viðskiptum við 150 ferðaskrifstofur og heildsala víða um heim. Sinnir gjaldeyrisöflun fyrir þjóðina.

Ferðaþjónusta bænda hlaut Útflutningsverðlaun forseta Íslands síðastliðinn mánudag. Verðlaunin eru veitt í viðurkenningarskyni fyrir markvert framlag til eflingar á útflutningsverslun og gjaldeyrisöflun íslensku þjóðarinnar.

Sævar Skaptason, framkvæmdastjóri Ferðaþjónustu bænda, tók við verðlaununum úr hendi Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands. Friðrik Pálsson hjá Íslandsstofu tilkynnti hver hlyti verðlaunin, en hann var formaður úthlutunarnefndar. Íslandsstofa hefur tekið við af Útflutningsráði sem umsjónaraðili verðlaunanna.

Kristinn Sigmundsson óperusöngvari fékk sérstaka heiðursviðurkenningu, sem er ný af nálinni, fyrir að hafa aukið hróður Íslands á erlendri grundu.

Ferðaþjónusta bænda er hlutafélag í eigu bænda og hefur starfað að markaðssetningu og sölu í átján ár. Fyrirtækið er í viðskiptum við um 150 ferðaskrifstofur og heildsala um allan heim. **- þeb**



**Á BESSASTÖÐUM** Sævar Skaptason og Ólafur Ragnar Grímsson afhjúpa listaverkið sem er hluti af verðlaununum. Kristinn Sigmundsson óperusöngvari fylgdist með, en hann hlaut sérstaka heiðursviðurkenningu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

CREDITINFO
– forskot í krafti þekkingar

# Sögulegar upplýsingar um hlutafélög

Viðskiptavinir Creditinfo hafa nú aðgang að mikilvægum upplýsingum um hlutafélög. Upplýsingarnar nýtast þegar kanna þarf sögulegar upplýsingar ásamt breytingum sem hafa átt sér stað.

**Eftirfarandi viðbætur eru nú aðgengilegar í hlutafélagaskrá Creditinfo:**

**Eldri skráningar:** Birtir skráningu félags samkvæmt valinni dagsetningu og sýnir hverjir áttu sæti í stjórn fyrirtækis á ákveðnum tímapunkti.

**Breytingasaga:** Birtir helstu breytingar á skráningu félags í tímaröð.

**Samanburðarskýrsla:** Birtir skráningu félags á tveimur dagsetningum fyrir og eftir breytingu. Skýrslan auðkennir hvaða upplýsingar breyttust á milli daga.

**Nánari upplýsingar fást hjá ráðgjöfum Creditinfo í síma 550 9600, á www.creditinfo.is eða með því að senda tölvupóst á netfangið radgjof@creditinfo.is**

Creditinfo
www.creditinfo.is

Höfðabakka 9
110 Reykjavík

Sími: +354 550 9600
Fax: +354 550 9601

# Ísland færist skör neðar í mælingu á samkeppnishæfni



Ný mæling á samkeppnishæfni þjóða endurspeglar efnahagslega stöðnun Íslands, segir framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs. Efnahags- og viðskiptaráðherra segir afturför skrifast á fjármálakreppuna. *Óli Kristján Ármannsson* rýnir í nýjar tölur frá IMD.

Ísland fellur um eitt sæti í samanburði svissneska viðskiptaskólans IMD á samkeppnishæfni þjóða. Í fyrra var Ísland í 30. sæti en er nú í 31. sæti, fjarri þeim löndum sem Íslendingar hafa helst viljað miða sig við.

Fall Íslands á lista IMD hefur verið mikið. Árið 2007 þóttu til að mynda mikil vonbrigði þegar landið féll úr fjórða sæti listans í það sjöunda. Fallið þá var kallað „fórnarkostnaður velgengninnar“, þar sem uppgangur í efnahagslífinu hefði getið af sér misvægi og óstöðugleika sem kæmi niður á samkeppnishæfninni.

IMD mælir ótal þætti í efnahags- og atvinnuumhverfi landa og úr verður ein einkunn þar sem löndunum er raðað upp í goggunarröð. Hér að neðan getur að líta allan listann og svo valinn samanburð í töflum.

Líkt og í fyrra stendur landið fjarri nágrönnum sínum og þeim löndum sem við höfum helst viljað bera okkur saman við á nokkrum mikilvægum sviðum. Löndin sem fá ámóta einkunn og Ísland hjá IMD eru ýmist þróunarríki eða fórnarlömb alþjóðlegu fjármálakreppunnar. Má þar nefna lönd á borð við Írland, Spán, Portúgal, Ítalíu og Grikkland.

„Það sem úttekt IMD nú staðfestir er að á Íslandi ríkir efnahagsleg stöðnun. Um það verður tæpast deilt,“ segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands. Hann segir kannski helst koma á óvart að landið skuli standa nokkurn veginn í stað, fremur en að hliðrast niður á við. „Og það getum við þakkað samfélagslegum innviðum sem eru á margan hátt sterkir og staðfestist í úttekt IMD.“ Finnur segir sterka innviði koma til með að nýtast í uppbyggingunni sem fram undan sé. „Þar má helst nefna heilbrigðis- og menntakerfi, auðlindir á borð við vatn og orku og aðgengi að þeim. Þetta kemur fáum á óvart.“

**Löndin sem fá ámóta einkunn og Ísland hjá IMD eru ýmist þróunarríki eða fórnarlömb alþjóðlegu fjármálakreppunnar. Má þar nefna lönd á borð við Írland, Spán, Portúgal, Ítalíu og Grikkland.**

Í samanburði á könnunum árin 2011 og 2010 segir Finnur hins vegar fleiri atriði sem nú valdi áhyggjum. „Fyrir það fyrsta, þá rekur Ísland lestina þegar kemur að efnahagslegri framvindu. Hagvöxtur var verulega neikvæður og nær alger skortur er á fjárfestingu miðað við önnur lönd. Fjármálamarkaður og fjárfestingarumhverfi, sérstaklega þegar kemur að erlendri fjárfestingu, eru einnig akkillesarhælar,“ segir hann. Þá telur Finnur að há muni uppbyggingu atvinnulífsins hversu fáir útskrifist úr raunvísindum og tæknigreinum miðað við samanburðarlönd. „Það kemur því ekki á óvart að aukin hætta er talin á hliðrun á atvinnustarfsemi og fólki frá landinu, til dæmis í rannsóknum og þróun.“

Finnur segir að þó svo að hægt sé að gagnrýna úttektir á borð við þá sem IMD geri þá sé mikilvægt að nýta þær sem vísbendingu um hvar skórinn kreppir og um leið sem leiðarvísi til úrbóta. „Bæta þarf efnahagslega frammistöðu til að viðhalda til framtíðar viðlíka lífskjörum og verið hafa. Það verður eingöngu gert með því að efla almennt viðskiptalíf,“ segir hann og telur að því ætti að vera „sýrupróf“ á allar aðgerðir stjórnvalda þessa dagana hvort áhrif þeirra á atvinnurekstur séu hvetjandi eða letjandi. „Að undanförnu hefur verið of mikið af því síðarnefnda og rík tilhneiging til að færa ákvörðunartöku og fjármagn frá markaðnum í hendur kjörinna fulltrúa og ríkissjóðs. Það er ekki líklegt að auka skilvirkni opinbera og einkageirans og því síður að bæta efnahagslega frammistöðu. Af þeirri leið þarf að snúa,“ segir Finnur.

## SKILVIRKNI OPINBERRAR STJÓRNSÝSLU

Mælir hversu vel hið opinbera stuðlar að samkeppnishæfu viðskiptaumhverfi.




*Sameinuðu arabísku furstadæmin
(Í sviga er staðan frá því í fyrra)
Heimild: IMD World Competitiveness Yearbook 2011

## INNVIÐIR SAMFÉLAGSINS

Mæling á hversu vel grunnþjónusta, tæknistig og mannauður henta viðskiptalífinu.




(Í sviga er staðan frá því í fyrra)
Heimild: IMD World Competitiveness Yearbook 2011

## EFNAHAGSLEG FRAMMISTAÐA

Mat á stöðu þjóðhagkerfis hvers lands.




(Í sviga er staðan frá því í fyrra)
Heimild: IMD World Competitiveness Yearbook 2011

## SKILVIRKNI VIÐSKIPTALÍFSINS

Mæling á því að hversu miklu leyti fyrirtæki starfa á nýjungagjarnan, hagkvæman og ábyrgan máta.




(Í sviga er staðan frá því í fyrra)
Heimild: IMD World Competitiveness Yearbook 2011

## MÆLING IMD Á SAMKEPPNISHÆFNI Þ








**Ferðafélag Íslands** stendur fyrir ferðinni Skyggnst í iður jarðar – Eyjafjallajökull á laugardaginn næsta. Lagt er af stað klukkan 8 og komið heim milli 22 og 23 um kvöldið.



**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473




White-Westinghouse - *amerísk gæða heimilistæki*

Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

*<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn*

*Afkastamikill þurrkari >*

★★★★★ *Amerísk gæðavara*

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS




**Bonito ehf. Praxis,**
**Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 - www.praxis.is**

**Sigrún Gísladóttir, sem lengi var búsett í Kaupmannahöfn, gefur út bók um borgina.**

# Á ferð um Köben

Sigrún Gísladóttir, sem búsett var í Kaupmannahöfn um árabil, hefur gefið út bók um borgina, Kaupmannahöfn – Í máli og myndum.

„Þegar ég bjó í Kaupmannahöfn byrjaði ég af tilviljun að taka hópa í göngu um borgina,“ segir Sigrún, sem í framhaldinu fékk meiri áhuga á Kaupmannahöfn. Hún segir að bókin sé að hluta til byggð á gögnunum. „Ég flétta saman staðreyndum sem fólk sér og sögunni aftur í miðaldir. Ég tek það sem mér finnst áhugaverðast, ekki síst fyrir Íslendinga.“

Að sögn Sigrúnar byrjar hún á að kynna fólki hvernig það kemst til borgarinnar en tekur síðan miðkjarna hennar fyrir. „Ég segi fólki frá ráðhúsinu og því sem þar er um kring. Svo fer ég um elsta hluta borgarinnar í háskólahverfinu en þar lifðu og störfuðu okkar frægu menn,“ segir Sigrún og heldur áfram: „Ég fer yfir að Sívalaturni, á Strikið og að Kóngsins Nýjatorgi. Ég fjalla um Norðurbryggju, Christianshavn og Amalienborg þar sem höllin er. Ég fer líka yfir að Jónshúsi og geri því góð skil,“ upplýsir Sigrún og bætir við að einnig fari hún lengra í burtu þar sem hægt sé að finna eitthvað fyrir barnafjölskyldur.

*martaf@frettabladid.is*



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ATLANTSOLÍA

**ÞÚ GÆTIR UNNIÐ 200 LÍTRA AF ELDSNEYTI**

**ER KOMINN TÍMI Á SKOÐUN?**

Þegar þú mætir með ökutækið í skoðun fer nafnið þitt sjálfkrafa í pott og þú átt möguleika á að vinna 200 lítra eldsneytisúttekt hjá Atlantsolíu. **Dregið út vikulega í maí. Nöfn vinningshafa verða birt á adalskodun.is**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 11-1035

Aðalskoðun, faggildur skoðunaraðili í 16 ár

Aðalskoðun

**Reykjavík** Skeifunni 5 Sími 590 6930
**Hafnarfjörður** Hjallahrauni 4 (við Helluhraun) Sími 590 6900
**Kópavogur** Skemmuvegi 6 (bleik gata) Sími 590 6935
**Reykjanesbær** Holtsgötu 52 (við Njarðarbraut) Sími 590 6970

**Opið kl. 8–17**

www.adalskodun.is

**Ferðasýningin Íslandsperlur** verður haldin í Perlunni um helgina. Sýningin er öllum opin og stendur frá 10 til 18 báða dagana. Gestum gefst tækifæri til að kynna sér fjölbreytta ferðamöguleika á Íslandi, smakka á íslenskum krásum og njóta fjölbreyttra uppákoma.




nettoline
ELDHÚS-BAÐ-ÞVOTTAHÚS-FATASKÁPAR
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM INNRÉTTINGUM OG 10% AÐ AUKI
SÉ GREITT Í EINU LAGI VIÐ PÖNTUN
friform.is
Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

NÝ SENDING AF SPARIFATNAÐI!
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

ÍSLENSKT KISUNAMMI
Harðfisktöflur sem kisur elska
VINSÆL VARA
Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli




„Frá vefsíðunni getur fólk hoppað út um allan heim og leitað upplýsinga um nánast allt sem viðkemur áfangastað sínum; sögu, þjóðlíf, menningu, stjórnsýslu, atvinnu- og viðskiptalíf, auk upplýsinga um flug, bílaleigur, gistingu og alla þá afþreyingu og ævintýri sem bjóðast í hverju landi fyrir sig," segir Ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# 150 lönd á einum stað

**Hvert viltu fara? Út í buskann eða á heimsenda, en skortir haldbærar upplýsingar um hvernig þú átt að komast þangað? Nýja íslenska vefsíðan Worldcenter mun senn geyma allt um ferðalög til 150 landa.**

„Meðbyrinn er stórkostlegur og ég hef aldrei upplifað aðrar eins viðtökur síðan ég byrjaði að selja Vísi í Austurstræti á fimmta árinu," segir Ágúst Rúnarsson, hugmyndasmiður og framkvæmdastjóri ferða- og upplýsingavefsins Worldcenter.co sem fór formlega í loftið 17. apríl. Vefurinn er sá fyrsti sinnar tegundar í heiminum og á þjóðhátíðardaginn 17. júní opnar sérstakur Íslandsvefur á íslensku fyrir Íslendinga, en þess má geta að www.icelandcenter.is er fyrsta síðan sem opnar undir regnhlífavef Worldcenter.

„Á 37 ára starfsferli mínum í ferðaþjónustu heima og erlendis hefur mér fundist vanta haldgóðan samnefnara fyrir ferðaþjónustu í heiminum. Á netinu fyrirfinnast milljónir ferðasíðna sem ferðafólk leitar á með misgóðum árangri, en á Worldcenter er leit þeirra orðin hraðvirkari og markvissari," segir Ágúst sem áætlar að opna undirsíður Worldcenter í 150 löndum á næstu fimm árum, en hann hefur þegar tryggt sér þarlend lén og fengið eina af stærstu endurskoðendaskrifstofum landsins til að vinna fyrir sig varlega áætlaða fjárhagsáætlun.

„Samkvæmt útreikningum er áætlað að velta Worldcenter verði orðin töluverð eftir fimm ár, en fjármagn mun að langstærstum hluta koma erlendis frá í gegnum auglýsingatekjur og þóknanir á bókunum víðs vegar um heiminn. Þá er gert ráð fyrir að Worldcenter skapi allt að 1.500 ný störf á heimsvísu á næstu fimm árum og ljóst að fyrirtækið verður mjög gjaldeyrisskapandi þegar tekjur af sölu á ferðatengdri þjónustu og vörum skilar sér til Íslands," segir Ágúst og bætir við að hugmyndir séu uppi um að fyrirtækið reisi sitt eigið gagnaver á næstu árum.

„Hugmyndin að Worldcenter er sú að nóg sé fyrir fólk að muna nafnið, hvar sem það er statt í heiminum. Frá vefsíðunni getur það svo hoppað út um allan heim og leitað upplýsinga um nánast allt sem viðkemur áfangastað sínum; sögu, þjóðlíf, menningu, stjórnsýslu, atvinnu- og viðskiptalíf, auk upplýsinga um flug, bílaleigur, gistingu og alla þá afþreyingu og ævintýri sem bjóðast í hverju landi fyrir sig. Þá hefur Worldcenter gert samning um að hluti söluandvirðis renni til styrktar SOS-barnaþorpum og hyggst jafnvel opna sérstakt Worldcenter-barnaþorp þegar fram líða stundir," segir Ágúst sem einnig verður með klúbba, afsláttarkort og vefverslanir á Worldcenter og ekki síst Islandcenter.is, þar sem eftirspurn eftir íslenskum vörum af öllu tagi er mikil.

„Allir vefirnir verða á fimm tungumálum: ensku, dönsku, frönsku, spænsku og þýsku, auk þess sem Íslandsvefurinn verður á íslensku. Vefsíður hinna landanna, með beinni tengingu frá Worldcenter, verða undir viðkomandi landaheiti og svo center, eins og Danmarkcenter, Hollandcenter, Israelcenter og Australiacenter, en við áætlum að opna í Kína, Malasíu, Taílandi, Litháen, Eistlandi, Möltu, Þýskalandi og Danmörku á haustdögum. Eftirspurnin er mikil og allir vilja vera með, enda auðvelt fyrir heimsbyggðina að muna nafnið og heillandi tilhugsun að finna allt um ferðalög til 150 landa á einum stað," segir Ágúst.

Sjá nánar á icelandcenter.is, erlendu útgáfu Íslandssíðunnar sem opnar á íslensku á slóðinni islandcenter.is 17. júní.

*thordis@frettabladid.is*


Beinta flug frá Keflavík
Tallinn
Eistlandi
Tallinn Eistlandi
- miðaldaborg frá 11. öld,16.-24. júlí
Verð einungis 44. 900 kr. (flug með skatti)
Verð 78.800 kr. á mann í 2ja manna herbergi.
Innifalið flug, skattar, hótel, fararstjóri, rúta til og frá flugvelli.
Ein fallegasta borg Evrópu og á minjaskrá Unesco. Miðaldastemning í Tallinn er engu öðru lík. Söfn, dómkirkjur, borgarhlið, borgarveggir, klaustur, borgarturnar og stórfenglegur arkitektúr, allt á sama stað. Má nefna Torgið í gamla bænum, St Olav's kirkju, St. Catherine götu, Maiden turninn, Toompea kastalann, Saint Mary dómkirkjuna og Ráðhúsið. Spennandi skoðunarferðir innan borgar sem utan í boði.
Eistland og Lettland
Miðaldir - 16.-24. júlí
2ja landa sýn, ferðast er um bæði löndin. Við skoðum hinar fögru miðaldaborgir Tallinn og Riga, gistum m.a. á herrasetri. Skoðum hallir, kastala, markaði, söfn og keyrum í gegnum ægi fögur sveitahéruð svo eitthvað sé nefnt.
Verð 148.900 kr. á mann í 2ja manna herbergi.
Innifalið; Fararstjóri, flug og skattar, hótel, allar skoðunarferðir
Trans - Atlantic
Sími 588 8900
Trans-Atlantic sérhæfir sig í ferðum til Eistrasaltslanda
www.transatlantic.is

BÍTIÐ
MEÐ HEIMI OG KOLLU
ALLA VIRKA DAGA KL. 6.50
BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing
Allt sem þú þarft...

# skólar og námskeið

MIÐVIKUDAGUR 18. MAÍ 2011




NORDICPHOTOS/GETTY


HÓTEL- OG MATVÆLA SKÓLINN

MATSVEINANÁM

## Hvað er í matinn?

Matsveinanám fyrir þá sem starfa eða vilja starfa í mötuneyti fyrirtækja, heilbrigðisstofnana, skóla og á fiski- og flutningaskipum

**INNRITUN STENDUR TIL 31. MAÍ**

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN



WWW.MK.IS

Upplýsingar á www.mk.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000

# Hinsegin kynjaflækja

**Svandís Anna Sigurðardóttir kallar MA-ritgerðina sína í kynjafræði við Háskóla Íslands „Kynjaflækja hinsegin mæðra. Að afbyggja kynjakerfið og gagnkynhneigt forræði frá jaðrinum." Hún segir nafn ritgerðarinnar hafa reynst sannmæli.**

„Með ritgerð minni vil ég rannsaka í gegnum viðtöl hvernig hinsegin konur, sem eru í sambúð og eiga börn, skilja, vinna úr, styrkja, afbyggja og sjá fyrir sér kynjahlutverk og ímyndir kynjaða valdakerfisins sem við búum við," segir Svandís Anna í inngangi ritgerðarinnar.

„Ritgerðin reyndar skiptist í tvennt," útskýrir hún. „Fyrst er fræðilegi hlutinn og síðan viðtalshlutinn þar sem ég tók tíu viðtöl við fimmtán konur sem eru í sambúð með annarri konu og eru að ala upp börn. Kveikjan var sú að mér fannst áhugavert að skoða hvað væri að gerast hjá samkynhneigðum eftir að þeir hafa öðlast öll þessi lagalegu réttindi og hvernig það væri að fara inn í þann risastóra gagnkynhneigða heim sem fjölskyldan og fjölskyldulífið er. Hvort með því að taka þátt í því sem meirihlutinn er að gera sé fólk neytt til að samlagast honum. Um leið var ég að skoða kyn og kyngervi og hvað væri að gerast þar."

Og hver var niðurstaðan? „Niðurstaðan á raunar vel við titilinn, þetta er afskaplega mikil flækja. Konurnar sem ég talaði við fóru oft allan hringinn í einu og sama viðtalinu, frá því að halda fram gildum hins gagnkynhneigða heims og til þess að afbyggja allar viðteknar hugmyndir og halda því fram að engir tveir væru eins og uppeldi hlyti að miðast við það, óháð kyni eða kynhneigð. Það var líka mjög misjafnt hversu meðvitaðar þær voru um kyn og kynhlutverk í uppeldi barnanna. En jafnvel þótt þær fylgi gildum hins gagnkynhneigða fjölskyldulífs eru þær náttúrulega að brjóta það upp, einfaldlega vegna þess að þær eru ekki gagnkynhneigðar. Þær eru að víkka út normið og breyta hugmyndum okkar um það hvað sé „eðlilegt" fjölskyldulíf, hvort sem þær gera það meðvitað eða ekki." *- fsb*



Svandís Anna Sigurðardóttir kallar MA-ritgerðina sína í kynjafræði við Háskóla Íslands „Kynjaflækja hinsegin mæðra. Að afbyggja kynjakerfið og gagnkynhneigt forræði frá jaðrinum." FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



BA-ritgerð Björgvins Gunnarssonar í fornleifafræði nefnist Þungur hnífur og fjallar um víkinga í kvikmyndum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fornleifafræði fylgt í víkingamyndunum

**Björgvin Gunnarsson valdi sér nýstárlegt viðfangsefni fyrir BA-ritgerð sína í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Hann stúderaði hvernig víkingar birtast í kvikmyndum.**

„Þetta var reyndar ekki mín hugmynd," segir Björgvin, spurður hvernig honum hafi dottið þetta ritgerðarefni í hug. „Við vinur minn frá Grikklandi, sem er fornleifafræðingur, vorum einhvern tíma að ræða um kvikmyndir og þá helst sögulegar kvikmyndir, á sama tíma og ég var að leita mér að efni í BA-ritgerðina. Hann lagði saman tvo og tvo og útkoman varð þessi." Eru kvikmyndir aðaláhugamálið? „Ja, ég er allavega mjög áhugasamur um kvikmyndir og sá þarna leið til að sameina áhugamálin," segir Björgvin.

Björgvin stúderaði tíu kvikmyndir frá árunum 1957 til 2009, flestar amerískar en ein er þó íslensk, önnur dönsk og sú þriðja frönsk. Kom niðurstaðan honum á óvart? „Ég var að skoða hversu vel vopn, klæðnaður og híbýli stemmdu við það sem fornleifafræðin hefur komist að um þessa hluti á víkingatímanum og það kom mér nokkuð á óvart hversu vel þessar tíu myndir fylgdu fornleifafræðilegum heimildum. Það var helst söguþráður myndanna sem var ansi langt frá raunveruleikanum, þarna voru geimverur á stjái, hvað þá annað. En það kom mér virkilega á óvart hversu vel fornleifafræðilegum heimildum var fylgt í þeim flestum." En hafði orðið einhver þróun í nákvæmninni á þessum rúmu fimmtíu árum? „Nei, ég tel að það sé frekar öfugt, en þetta hefur samt ekki mikið breyst. Í Pathfinder frá 2007 eru víkingarnir reyndar orðnir skrímsli, þrír metrar á hæð og með alls konar furðuleg vopn, en yfirleitt halda menn sig við heimildir hvað varðar fatnað, vopn og híbýli." Eina alíslenska myndin sem Björgvin stúderaði var Hrafninn flýgur eftir Hrafn Gunnlaugsson, skar hún sig að einhverju leyti úr? „Já, hún var óvenju nákvæm og söguþráðurinn hélt vatni, sem er frekar óvenjulegt í þessum myndum." *- fsb*



**Kvikmynd Hrafns Gunnlaugssonar, Hrafninn flýgur, fylgir fornleifafræðilegum heimildum einna best þeirra mynda sem Björgvin skoðaði.**


MK
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

WWW.MK.IS
Upplýsingar á www.mk.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000

Hvert skal stefna í lífinu?

STÚDENTSNÁM
- Félagsfræðabraut
- Mála- og ferðafræðibraut
- Náttúrufræðibraut
- Viðskipta- og hagfræðibraut
- Listnámsbraut

GRUNNDEILD MATVÆLAGREINA
fyrir þá sem stefna á að vera:
- Bakari
- Framreiðslumaður
- Kjötiðnaðarmaður
- Matreiðslumaður

FRAMHALDSSKÓLABRAUT

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á WWW.MK.IS

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN



# TAKTU SKREFIÐ



# SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

- umsóknarfrestur til 30. maí

## NÁMSBRAUTIR SEM HEFJAST Í HAUST:

Einnig í fjarnámi **LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI**

**GÆÐASTJÓRNUN**

**FRAMKVÆMDAFERLI MANNVIRKJAGERÐAR**
– fjármögnun, samningar, útboðsreglur og uppgjör

**VERKEFNASTJÓRNUN – LEIÐTOGAÞJÁLFUN**

**HUGRÆN ATFERLISMEÐFERÐ**
- Eins árs þverfaglegt, hagnýtt nám
- Tveggja ára nám fyrir sálfræðinga og geðlækna

**FJÖLSKYLDUMEÐFERÐ (NÁM Á MEISTARASTIGI)**

Einnig í fjarnámi **NÁM TIL LÖGGILDDINGAR FASTEIGNA-, FYRIRTÆKJA OG SKIPASALA**

**LYKILÞÆTTIR ÞJÓNUSTU – MARKVISS LEIÐ**
- umsóknarfrestur til 29. september

**REKSTUR, STJÓRNUN OG MARKAÐSSETNING SMÁFYRIRTÆKJA – MARKVISS LEIÐ**
- umsóknarfrestur til 9. september




Allir sem hafa sótt námskeið hjá okkur síðastliðna 12 mánuði eru jákvæðir gagnvart Endurmenntun.*

*Samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar HÍ í febrúar 2012.

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar: sími 525 4444
endurmenntun.is

**Heimilisiðnaðarskólinn**
**SUMAR 2011**

# Sólstöðunámskeið




**Útsaumur** kr. 47.000 fyrir félagsmenn (annars kr. 51.500) Efni innifalið
**Baldýring** kr. 42.000 fyrir félagsmenn (annars kr. 46.500) Efni ekki innifalið
**Orkering** kr. 47.000 fyrir félagsmenn (annars kr. 51.500) Efni innifalið
**Knipl** kr. 42.000 fyrir félagsmenn (annars kr. 46.500) Efni ekki innifalið
**Re-design** kr. 49.500 fyrir félagsmenn (annars kr. 55.500) Efni ekki innifalið

**5 daga námskeið frá 20. júní - 24. júní.**
Sjá nánari innihaldslýsingu á heimasíðunni okkar
www.heimilisidnadur.is
Kennt verður frá kl. 10.00 - 12.00 og 13.00 - 15.00 alla daga.
Samtals 30 kennslustundir. Hægt að skrá sig með því að senda tölvupóst á skoli@heimilisidnadur.is eða hringja í síma 551 7800.



**Heimilisiðnaðarskólinn**
**SUMAR 2011**

**Handverksnámskeið fyrir 8-16 ára**
Tveggja vikna handverksnámskeið fyrir 8-16 ára börn
2. - 12. ágúst kl. 10.00 - 16.00 Hópaskipting eftir aldri.

**Kenndar verða t.d eftirfarandi aðferðir:**
Ævintýri með nál og þráð
Jurtalitun
Glerlist
Pappírsgerð
Flettað úr víði og birki
Brjóstsykursgerð og fl.



Hinum ýmsu aðferðum verður fléttað saman í skemmtilegt starf. Farið á Árbæjarsafnið og Elliðaárdalinn. Endum námskeiðið með uppskeruhátíð á föstudeginum.

Kennt verður 4 daga fyrri vikuna og 5 daga þá síðari.
Tilvalið fyrir bæði stráka og stelpur. Börnin mæta með nesti og klædd eftir veðri.

Námskeiðsgjaldið er kr. 38.700 en kr. 34.800 fyrir börn félagsmanna og ef systkini mæta. Allt efni er innifalið. Hægt að skrá sig í síma 551 7800 eða senda tölvupóst á skoli@heimilisidnadur.is



**Justin Bieber notar Proactiv® Solution**

**Burt með bólurnar!**

Í **Proactiv® Solution** eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkum koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur myndist. Við lofum því!



Eftirtalin sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution:
**REYKJAVÍKURAPÓTEK**, Seljavegi 2 // **LYFJABORG APÓTEK**, Borgartúni 28 // **GARÐSAPÓTEK**, Sogavegi 108
**URÐARAPÓTEK**, Grafarholti // **RIMA APÓTEK**, Grafarvogi
**APÓTEK HAFNARFJARÐAR**, Tjarnarvöllum 11
**ÁRBÆJARAPÓTEK**, Hraunbæ 115 // **LYFJAVER** Suðurlandsbr. 22

60 DAGA 60 SKILARÉTTUR

Heilsubudin.is
- bætt útlit, betri líðan




Unnsteinn ásamt samnemendum sínum sem nú dvelja í Bogotá í Kólumbíu.

# KaosPilot í Bogotá

**Unnsteinn Jóhannsson stundar nám í KaosPilot í Árósum í Danmörku. Námið er til þriggja ára og sérstætt fyrir margra hluta sakir.**

„Við köllum þetta skapandi verkefnastjórnun, með áherslu á samfélagslega nýsköpun og viðskiptafræði," útskýrir Unnsteinn.

Enginn eiginlegur kennari er yfir nemendunum heldur fyrirliði sem heldur utan um hópinn og skipuleggur fyrirlestra og verkefni. „Námið er byggt upp á að nemendurnir læri hver af öðrum og að við vinnum sem mest að raunverulegum verkefnum," segir Unnsteinn, en nemendurnir fá að hafa áhrif á hverjir eru fengnir til að halda fyrirlestra.

Unnsteinn byrjaði í KaosPilot árið 2008 í Rotterdam. Þegar námið var lagt niður ári seinna tók hann sér árs leyfi og byrjaði í Árósum síðastliðið haust.

„Fyrsta árið vinnum við mikið í hópum, lærum hvernig þeir haga sér og hvers konar menningu þeir skapa sér. Annað árið byrjar á ferilhönnun, þar sem unnið er með þarfir fyrirtækja. Þá er hannaður ferill og KaosPilotinn leiðir hóp innan fyrirtækisins í gegnum hann," útskýrir Unnsteinn. Á fjórðu önninni eru nemendurnir sendir til annars lands sem býr yfir annars konar menningu, og þriðja árinu er skipt upp í verknám og lokaverkefni.

Unnsteinn er á fjórðu önn í sínu námi og dvelur nú í þrjá mánuði í Bogotá í Kólumbíu. „Hér erum við að skerpa á því sem við höfum lært," segir hann og nefnir að undanfarin fimmtán ár hafi nemendur farið til landa á borð við Kúbu, Ísrael, Palestínu og Kína.

„Hér í Bogotá erum við 33 saman og erum með þrjá fyrirliða. Dagskráin hefur verið þétt hjá okkur, við höfum farið í kynnisferðir um Bogotá, farið á fyrirlestra og byggt skólann okkar upp frá grunni," segir Unnsteinn, en hópurinn fékk tveggja hæða húsnæði til umráða sem hefur ekki verið notað í mörg ár. „Á einni viku urðum við að búa til borð og stóla, mála og þrífa," segir hann glaðlega.

Hópurinn vinnur að átta mismunandi verkefnum með fyrirtækjum, háskólum og góðgerðarfélögum. „Hópurinn minn er að vinna með samtökum sem heita Architecture for Humanity. Það eru alþjóðleg samtök sem vinna með arkitektum og öðrum við að bæta líf þeirra sem minnst mega sín. Við vinnum í litlum skóla í bæ tveimur tímum vestur af Bogotá," segir Unnsteinn. Hluti af verkefni hans og samnemendanna verður að halda fjáröflun og skipuleggja viku þar sem farið er í skóla og byggt upp, gert við og málað.

Nemendurnir taka að sér fleiri verkefni í Bogotá. Til dæmis munu þeir vinna með fólki af lægstu stigum þjóðfélagsins sem kallað er endurvinnslufólkið, en það lifir á því að fara í gegnum rusl hjá fólki og nýta það sem hægt er.

Unnsteinn segist mikið hafa lært í Bogotá, þar sem munurinn á fátækum og ríkum er mjög mikill. „Við fáum að kynnast báðum hliðum. Vinnum með endurvinnslufólki á daginn og förum svo í fyrirmannahverfi á kvöldin í kokteila," segir Unnsteinn glettinn.

Hann hefur trú á að námið veiti honum góðan grunn og atvinnutækifæri víða. „Við erum nokkrir KaosPilotar á Íslandi og ég veit að þeir vinna allir að uppbyggilegum og skemmtilegum verkefnum," segir Unnsteinn. *- sg*

# Hönnun getur haft áhrif á hegðun

Hafdís Sunna Hermannsdóttir útskrifaðist vorið 2010 sem iðnhönnuður frá Álaborgarháskóla eftir fimm ára nám til meistaragráðu sem er ætlað að sameina hinar mörgu hliðar hönnunar og arkitektúrs.

Eftir þrjú fyrstu árin útskrifaðist Hafdís með BA-gráðu og vann þá að áhugaverðu verkefni. „Við unnum að hönnun lyftu til að flytja lamaða eða hreyfihamlaða manneskju milli rúms og stóls," útskýrir Hafdís. Aðaláherslan var lögð á það að taka mið af þörfum notandans í hönnunarferlinu og þróa notendavæna vöru sniðna að raunverulegum aðstæðum.



Hafdís Sunna Hermannsdóttir

„Við unnum mjög náið með sjúklingum og hjúkrunarfólki og vorum í samstarfi við hjúkrunarheimili í Álaborg þar sem við framkvæmdum notendarannsóknir og prófuðum frumgerðir," segir Hafdís, sem vann síðar meistaraverkefni um hvernig útfæra mætti sjálfbæra hönnun í fyrirtækjum.

Í febrúar á þessu ári hóf Hafdís síðan doktorsnám í arkitektúr og hönnun. Þar rannsakar hún hvernig hönnuðir geta stuðlað að ábyrgum og áhrifaríkum lausnum með því að vera meðvitaðir um hvernig hönnun hefur áhrif á hegðun fólks. „Ég kanna hvernig hönnuðir geta haft áhrif á hegðun í gegnum vörur og þjónustu. Til dæmis þurfa þeir að vera mjög meðvitaðir við hönnun á vörum sem tengjast mat og börnum, til að koma í veg fyrir fæðutengd vandamál á borð við offitu," útskýrir Hafdís.












**VPCYB1S1E**

Vélin til að vera með á ferðinni
Létt vél með 11,6" LED skjár
Aðeins 1,5 kg
AMD Dual core E-350
320GB HD & 2GB minni
AMD Radeon™ HD 6310
Windows® 7 Home Premium
HDMI útgangur

Verð: 109.900

**VPCEB4E1E**

Vinnutölvan fyrir netið og bókhaldið
Flott 15,5" fartölva á góðu verði
Intel Pentium P6200
320GB HD og 4GB minni
Windows7 Home Premium 64Bit
HDMI tengi og minniskortalesari
Playstation 3 samhæfing:
Remote Keyboard og Remote Play

Verð: 139.900

**VPCEA4S1E**

Skólatölvan - litrík og skemmtileg
14" fartölva sem tekið er eftir
i3 örgjörvi, 320GB HD og 4GB minni
ATI Mobility Radeon myndvinnsla
Windows7 Home Premium 64Bit
Playstation 3 samhæfing:
Remote Keyboard og Remote Play
Úrval lita

Verð: 169.990

**VPCEC4L1E**

Fartölvan sem kemur í stað borðtölvu
Hágæða 17,3" LED skjár
i3 örgjörvi, 500GB HD og 4GB minni
ATI Mobility Radeon HD
Windows7 Home Premium 64Bit
Quick Web Access: 30 sek startími
á internetið með einni snertingu
Playstation 3 samhæfing

Verð: 189.900

# Sony Center

Kringlunni • S: 588 7669 • www.sonycenter.is




Leifur Dam Leifsson, brimbrettakennari hjá Surf.is, segir áhugann á íþróttinni hafa stóraukist. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Stelpurnar harðari af sér

**Brimbrettaiðkun hefur færst í vöxt hér á landi síðustu misseri og fleiri og fleiri sækja námskeið. Brimbrettakennarar hjá Surf.is segja alls ekki of kalt á Íslandi til að sörfa.**

„Það er mikill misskilningur að hér sé of kalt til að stunda brimbretti. Við notum besta búnað sem völ er á og eina skiptið sem fólki gæti orðið kalt, er þegar það klæðir sig úr göllunum eftir æfingu,“ segir Leifur Dam Leifsson, en hann kennir á námskeiðum hjá brimbrettaskóla Surf.is.

Leifur segir aðsókn á brimbrettanámskeiðin að aukast en þetta er þriðja sumarið sem þau eru haldin. Meðalaldur nemenda er 23 ár, yngsti nemandinn sem sótt hefur námskeið er 13 ára og sá elsti að nálgast fimmtugt.

„Grundvallarreglan er að viðkomandi sé orðinn stálpaður og vel syndur,“ segir Leifur en vel er haldið utan um öryggi nemenda á námskeiðum og byrjað á undirstöðuatriðum. Í hópunum eru fjórir til sjö nemendur og tveir kennarar og fer kennslan fram í sandfjörunni í Þorlákshöfn.

„Þar er gott að byrja, botninn er mjúkur og allt í lagi að detta. Við byrjum í fjörunni á að kenna að standa og róa og förum yfir öryggisatriði, færum okkur svo í flæðarmálið. Kennarinn veður út í upp að mitti og stillir brettið af, þegar alda kemur ýtum við nemandanum af stað og hann æfir sig í að standa. Þegar hópurinn er orðinn svolítið sjóaður færum við okkur utar í stærri öldur. Í lok námskeiðs geta langflestir staðið á brettunum.“



Með góðri æfingu er hægt að sörfa með stæl við Íslandsstrendur. MYND/GÍSLI KRISTINSSON



„Stelpurnar eru duglegri að skella sér af stað, strákarnir eru kuldaskræfur,“ segir Leifur. MYND/GÍSLI KRISTINSSON

Kennt er allar helgar sumarsins og eru fyrstu námskeiðin þegar hafin. Hvert námskeið tekur 6-8 tíma og er allur búnaður og akstur innifalinn í verðinu. Skráning fer fram á www.surf.is

„Námskeiðið kostar 14.900 krónur en að því loknu fer fólk á póstlista og hefur tækifæri á að koma aftur fyrir 5.000 krónur. Við skiljum fólk því ekki eftir í lausu lofti,“ útskýrir Leifur. „Rúsínan í pulsuendanum er síðan sú að námskeiðsgjaldið getur gengið upp í búnað,“ segir hann. En hverjir eru það sem sækja mest í að sörfa?

„Stelpurnar eru duglegri að skrá sig og miklu meira til í að skella sér af stað. Strákarnir eru kuldaskræfur,“ segir Leifur hlæjandi.

*- rat*





“Spennandi útilífsævintýri - fjör og hópefli”

Kassaklifur-GPS ratleikir-Bátasiglingar-Vatnaleikir-Frumbyggjastörf

Fyrir stráka og stelpur 8-12 ára - skipt í hópa eftir aldri
Upplýsingar og skráning á netinu - www.ulfljotsvatn.is

INNRITUN ER HAFIN - Opið virka daga kl 10-16 - sími 550 9800 - sumarbudir@ulfljotsvatn.is







# Skiptibóka-, kennslu- og húsnæðismiðlun

Stúdentamiðlun, sem er ein rekstrareininga Félagsstofnunar stúdenta, er gagnvirk þjónustumiðlun fyrir stúdenta og fyrirtæki en markmiðið er að auðvelda stúdentum leit að atvinnu, húsnæði, skiptibókum, barnagæslu og kennslu auk þess að gera þeim kleift að miðla lokaverkefnum sínum.

Skiptibókamarkaðurinn virkar þannig að notendur skrá bækur sínar til sölu og nemendur í leit að notuðum bókum geta leitað á vefnum. Viðskiptin eru milliliðalaus sem þýðir að starfsmenn Stúdentamiðlunar koma hvergi nærri og ekkert gjald er tekið fyrir skráningu. Verðlagning er enn fremur í höndum seljanda.

Svipað kerfi er á kennslumiðlun þar sem nemendur geta boðið fram þjónustu sína sem leiðbeinendur á ýmsum sviðum en stúdentar hafa löngum verið eftirsóttir leiðbeinendur í hinum ýmsu fögum. Eins er hægt að auglýsa eftir leiðbeinanda í ákveðnu fagi. Svipað fyrirkomulag er á húsnæðismiðluninni, atvinnumiðluninni og barnagæslunni.

Lokaverkefnamiðluninni er ætlað að auðvelda námsmönnum að koma lokaverkefnum sínum á framfæri til fyrirtækja og einstaklinga. Þeir geta skráð þau til sölu á vefnum og fyrirtæki leitað að áhugaverðum verkefnum í aðgengilegri leitarvél. Verðlagningin er alfarið í höndum nemenda.




Skiptibókamarkaður Stúdentamiðlunar opnaði árið 2005 og er vel nýttur. Hann þykir góður vettvangur fyrir stúdenta sem vilja koma notuðum bókum í verð.



**● NÁMSKEIÐ Í VERKEFNASTJÓRNUN OG LEIÐTOGAÞJÁLFUN** Endurmenntun Háskóla Íslands býður upp á nám í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun. Námið hefur verið vinsælt frá árinu 2003 en á því hafa verið gerðar nokkrar endurbætur. Námskeiðið hefst næsta haust og spannar tvö kennslumisseri sem skiptist í fjögur námskeið. Í náminu er leitast við að efla fjóra meginfærniþætti nemenda; stefnumótunarfærni, skipulagsfærni, leiðtogafærni og samskiptafærni. Unnið er með þessa færniþætti jafnt og þétt yfir allan námstímann. Umsóknarfrestur er til 30. maí. Nánari upplýsingar má finna á www.endurmenntun.hi.is.



**● HÁSKÓLI PLATONS** Gríski heimspekingurinn Platon var af auðugum ættum og notaði auðæfi sín til að stofna fyrsta háskóla í heimi. Háskólinn hlaut nafnið Akademia eftir staðnum sem hann stóð á rétt utan við Aþenuborg. Sá skóli starfaði í meira en þúsund ár og eftir honum eru æðri menntastofnanir nefndar á allmörgum tungumálum svo sem orðasambandið „academic institution“, sem haft er um æðri menntastofnanir á ensku, ber með sér.



**● NÁMSTÆKNI SPARAR TÍMA** Háskólanám kallar oftar en ekki á endurskoðun námsaðferða enda er námsefnið yfirleitt mun yfirgripsmeira en á grunn- og framhaldsskólastigi. Námstækni er hjálpartæki sem auðveldar nemendum að tileinka sér nýja þekkingu og sparar tíma.

Tímastjórnun, lestrartækni og glósutækni eru lykilþættir en á vef Háskólans í Reykjavík www.ru.is eru þeir útskýrðir frekar. Hvað varðar skilvirkan lestur eru ýmsar aðferðir til en oftast er um að ræða skimun, lestur og upprifjun. Hvað tímastjórnun varðar er skipulagið ofar öllu en þumalputtareglan er sú að nemandi í fullu námi þurfi að verja 45-50 klukkustundum á viku í námið með skólasókn og heimavinnu. Glósur þykja af hinu góða en með því að glósa verða nemendur virkari í tímum og efni hverrar kennslustundar síast betur inn.



**● KENNARAR LENDA FREKAR Í EINELTI** Ítarleg rannsókn á vegum Manchester School of Management frá árinu 2000 sýndi fram á það að kennarar væru sú starfsstétt sem væri í mestri hættu á að lenda í einelti á vinnustað. 15,5 prósent kennara sögðust þá búa við einelti á vinnustað og 35,4 prósent sögðust hafa lent í því síðastliðin fimm ár. Samkvæmt rannsókn Economic and Social Research Institute á Írlandi frá árinu 2009 lentu 13,8 prósent starfsmanna í skólum í einelti en 7,9 prósent á öðrum vinnustöðum.





# Tækifæri

**Iðnaðurinn óskar eftir vel menntuðu fólki til starfa.**
**Verk- og tækninám er skynsamlegt og gefur fjölbreytt tækifæri.**

**Kíktu á NÁM OG STÖRF á idan.is**

*Mótum eigin framtíð – Núna er rétti tíminn!*

SI
Samtök iðnaðarins

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA




# ÞÚ!

## ÞETTA SNÝST UM ÞIG OG FRAMTÍÐINA

**Nýttu þér fjölbreytt námskeið Opna háskólans í HR til að styrkja stöðu þína og stuðla að nýjum sóknarfærum. Hér má sjá brot af námsframboði vetrarins.**

### NÁMSBRAUTIR

**Verkefnastjórnun APME**
*(Applied Project Management Expert)*
Nám samhliða vinnu, kennt í fjarnámi og samsvarar 24 ECTS einingum. Lögð er áhersla á tölulegar greiningar við ákvarðanatöku og stjórnun rekstrar og verkefna. Náminu lýkur með alþjóðlegu IPMA-prófi.
*Hefst 13. september.*

**Markaðssamskipti og almannatengsl**
Kennd eru undirstöðuatriði öflugs markaðsstarfs. Námið er hagnýtt og miðar að því að dýpka skilning nemenda og efla faglega þekkingu á viðfangsefninu. Námið er byggt upp í samstarfi við ÍMARK, SÍA og Almannatengslafélag Íslands.
*Hefst 14. september.*

### NÁMSLÍNUR

**Viðurkenndir bókarar**
Réttindanám fyrir bókara í samvinnu við fjármálaráðuneytið.
*Hefst 19. ágúst.*

**Rekstrar- og fjármálanám**
Hagnýtt nám fyrir þá sem vilja auka færni sína í fjármálum og rekstri lítilla og miðlungsstórra fyrirtækja.
*Hefst í september.*

**Viðskipti um vefinn**
Námskeið fyrir þá sem stunda eða hafa hug á að stunda viðskipti á Netinu og byggja upp farsælan rekstur (með sölu á vöru og þjónustu) á þessu öfluga markaðstorgi.
*Hefst í september.*

**Lífsviðhorf – Lífsstíll** *(Well-being)*
Árangursmiðað nám fyrir þá sem vilja efla persónulega færni og viðhorf, m.a. á sviði fjármála, heilsu, samfélagsábyrgðar og árangurs í samskiptum.
*Hefst í september.*

**Verðbréfamiðlun I. hluti**
Nám til undirbúnings prófa í verðbréfamiðlun.
*Hefst í september.*

**Stjórnun og forysta í ferðaþjónustu**
Nám sem þjónar sérstöðu og tækifærum íslenskrar ferðaþjónustu.
*Hefst í október.*

**PMD – stjórnendanám HR**
Námið er hannað að alþjóðlegri fyrirmynd og lagað að íslenskum aðstæðum til að efla faglega þekkingu og færni stjórnenda. Kennt í Reykjavík og á Akureyri.
*Hefst í október.*

### NÁMSKEIÐ

**Coaching Clinic**
Vinnustofa þar sem þátttakendum er veitt hagnýt þjálfun og innsýn í hugmynda- og aðferðafræði markþjálfunar (Executive Coaching).
*Ágúst*

**Frumgreinar – háskólagrunnur**
Markviss undirbúningur fyrir háskólanám.
*Ágúst*

**Þjálfun og kennsla starfsfólks**
Gagnleg kennslufræðinámskeið fyrir þá sem vinna að þjálfun starfsmanna og starfsþróun.
*September*

**Excel**
Hagnýtt námskeið fyrir þá sem vilja bæta þekkingu sína og færni í notkun Excel.
*September*

**Greining ársreikninga**
Hagnýtt námskeið fyrir þá sem vilja dýpka skilning sinn á greiningu ársreikninga.
*September*

**Ábyrgð og árangur stjórnarmanna**
Ítarleg kynning á lagalegum, fjárhagslegum og siðfræðilegum þáttum til að efla faglegan grunn og ábyrgð stjórnarmanna.
*September*

**Grunnatriði verkefnastjórnunar**
Farið er yfir aðferðir við gerð á góðri verkefnaáætlun og einkenni árangursríkra verkefna.
*September*

**Samningatækni**
Þátttakendur fá hagnýta þjálfun í samningatækni sem höfða til þeirra áskorana sem samningamenn standa frammi fyrir.
*September*

**Framkoma og tjáning**
Þátttakendur eru þjálfaðir í að tjá sig með skýrum hætti, tala af öryggi fyrir framan hóp af fólki, leggja áherslur á aðalatriði og auka þar með áhrifamátt sinn og útgeislun.
*September*

**Samningatækni – framhaldsnámskeið**
Lögð er áhersla á hagnýtingu vandaðrar samningatækni á vinnustað og í einkalífi með æfingum, raundæmum og umræðum.
*Nóvember*

**7 venjur til árangurs**
Vinnustofan byggir á mest seldu stjórnunarbók allra tíma: 7 Habits of Highly Effective People, eftir Stephen Covey.
*Nóvember*

OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

Sjá heildarframboð á
**www.opnihaskolinn.is**
eða hafðu samband við okkur í síma 599 6300



**HALLAR UNDAN FÆTI?** Ísland rekur lestina í alþjóðlegum samanburði þegar kemur að efnahagslegri framvindu. Innviðir landsins, svo sem mennta- og heilbrigðiskerfi, eru hins vegar með því besta sem þekkist í heiminum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

## ÍSLENSKA SAMKEPPNISLANDSLAGIÐ




Heimild: IMD World Competitiveness Yearbook 2011

# Í höftum verður íslenskt efnahagslíf ekki samkeppnishæft

### Eins og að hlaupa í kapp í gúmmístígvélum með sandpoka á bakinu.

Áhrifa af fjármálakreppunni gætir á þeim stöðum þar sem staða Íslands versnar í nýjustu mælingu IMD. Þetta er mat Árna Páls Árnasonar, efnahags- og viðskiptaráðherra.



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

„Það er vandi í erlendri fjárfestingu, í aukinni skuldsetningu ríkisins og svo verðbólgugosið sem þarna kom inn, auk þess sem inn í spilar fjármögnunarkostnaður og slíkir þættir. En allt eru þetta hlutir sem við gerum ráð fyrir að vinna okkur út úr á næstu árum,“ segir Árni Páll. Um leið áréttar hann mikilvægi þess að fólk sé meðvitað um að samkeppnishæfni Íslands þurfi að vera mikil.

„Sögulega hefur samkeppnishæfnin verið lítil vegna gjaldeyrishafta, landfræðilegrar einangrunar og slíkra þátta. Undanfarna tvo áratugi höfum við hins vegar reynt að auka samkeppnishæfnina með þátttöku í hinu opna fjármálakerfi og það er mikilvægt að við missum ekki sjónar á því. Samkeppnishæfni verður að tryggja með því að brjóta niður alla múra forréttinda og sérréttinda í einstökum atvinnugreinum og hvetja til nýliðunar og nýsköpunar.“

Vegna þess hvernig gjaldeyrishöft draga úr samkeppnishæfni atvinnulífsins segir Árni Páll jafnframt ljóst að þau verði ekki langtímaástand sem búið verði við. „Það er mjög mikilvægt að vera með fókusinn skýran á að við erum að vinna okkur út úr gjaldeyrishöftunum og að við þurfum umgjörð sem gerir okkur kleift að lifa án þeirra,“ segir Árni Páll og kveður baráttu stjórnvalda nú vera upp á hvern dag að gæta að því að neikvæð áhrif gjaldeyrishaftanna verði eins lítil og mögulegt sé. „Verandi með gjaldeyrishöft og veikburða gjaldmiðil þá er það fyrir samanburð á samkeppnishæfni landsins eins og að keppa í hundrað metra hlaupi á Ólympíuleikum á gúmmístígvélum og með sandpoka á bakinu.“

JÓÐA 2011




*Sameinuðu arabísku furstadæmin
(Í sviga er staðan frá því í fyrra)
Heimild: IMD World Competitiveness Yearbook 2011

Hilludagar í maí

ALVÖRU Geymsluhillur

Í bílskúrinn og geymsluna fyrir sameignina og dekkin og fyrir fyrirtækin í landinu.

- auðvelt að smella saman
- þola mikið álag

20% afmælis-afsláttur



RÝMI

Brautarholti 26 • 105 Reykjavík
sími 511 1100

Skoðaðu nánar á – www.rymi.is

Hótel við Austurhöfn

Sala á byggingarreit nr. 5

Situs ehf. óskar eftir áhugasömum aðilum sem vilja kaupa byggingarreit nr. 5 við Austurhöfn í Reykjavík, sem ætlaður er fyrir hótel, en markmiðið með útboðinu er að tryggja að við hlið Hörpu rísi hótel af þeim gæðum sem hæfir tónlistar- og ráðstefnuhúsinu.
Á byggingarreitnum er fyrirhugað að byggt verði hótel undir alþjóðlegu vörumerki sem verði með a.m.k. 250 herbergjum og af 4-5 stjörnu gæðum. Á reitnum má byggja að hámarki 28.000 m² ofanjarðar og 2.000 m² í kjallara. Miðað er við að hótelið hefji rekstur eigi síðar en vorið 2015.

Með kaupum á reitnum skuldbindur kaupandi sig m.a. til að:

- Standa að byggingu a.m.k. 250 herbergja hótels á byggingarreitnum.
- Tryggja að þar verði rekið 4-5 stjörnu hótel undir alþjóðlegu vörumerki.
- Opna hótel á reitnum eigi síðar en vorið 2015.
- Leggja metnað í hönnun hótelbyggingarinnar svo hún sómi umhverfi sínu.
- Standa að byggingu bílakjallara við hótelið.

Nánari upplýsingar um kröfur til bjóðenda, gögn sem skila þarf inn með tilboði o.fl., má finna í sölulýsingu en hana má nálgast frá og með miðvikudeginum 18. maí kl. 14:00 á útboðsvef Ríkiskaupa, www.rikiskaup.is. Sölulýsing er á ensku.
Tilboðum ásamt fylgiskjölum skal skila á skrifstofu Ríkiskaupa, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík, eigi síðar en **kl. 14:00, mánudaginn 18. júlí 2011,** þar sem þau verða opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

SITUS ehf

ÍSLENSKA SIA.IS POR 54880 05.2011

# Pappírsdagblað lesið af farsímaskjá

Í SÍMANUM



MEÐ JÓNI AÐALSTEINI

Margir hafa skipt út gömlu farsímunum sínum fyrir svokallaða snjallsíma á borð við iPhone-símana frá Apple og sambærilegar gerðir frá öðrum framleiðendum. Þeir bjóða upp á talsvert fleiri möguleika en gömlu símarnir – úr þeim ódýrari var nær eingöngu hægt að hringja, senda smáskilaboð og flakka lítillega um netið, væri vafri til staðar.

Snjallsímarnir eru mun skemmtilegri að mínu mati, enda möguleikarnir miklu fleiri og símarnir í raun nær því að vera smátölvur. Sjálfur fékk ég snjallsíma á dögunum eftir að fjögurra ára gamall sleðasíminn frá Nokia fór til farsímahimnaríkis eftir hægfara hrörnunarferli. Þótt við sleðasíminn hefðum átt góðar stundir saman var depurðin skammvinn.

Í stað Nokia-símans keypti ég LG Optimus One, tiltölulega ódýran snjallsíma sem keyrir á 2,2 útgáfunni af Android-stýrikerfinu. Skjárinn er 3,2 tommur, sem er þægileg stærð.

Skömmu eftir að ég eignaðist símann komst ég að raun um að mér finnst gott að lesa dagblöð í símanum á sama formi og þau eru prentuð, sérstaklega er það hentugt um helgar þegar ég er tregari en virka daga til að hlaupa niður fjórar hæðir í blokkinni fyrir eintak af Fréttablaðinu.

Hugbúnaður til þess arna hefur verið til um nokkurt skeið. Sá heitir PressReader og er frá bandaríska hugbúnaðarfyrirtækinu NewspaperDirect. Hugbúnaðurinn er fyrir flestar gerðir farsíma af nýrri gerðinni, allt frá Blackberry til síma sem styðja Windows. Sömuleiðis virkar það á spjaldtölvur sem nota áðurnefnd stýrikerfi.

Til að lesa dagblöð á PressReader-búnaðinum þarf að kaupa mánaðarlega áskrift. Hún kostar tæpa þrjátíu Bandaríkjadali á mánuði, jafnvirði rúmra 3.450 króna. Sömuleiðis má kaupa einstök tölublöð. Eitt stykki kostar 99 sent, rúmar 114 krónur. Það samsvarar einu dagblaði á dag í þrjátíu daga. Sjálfum þykir mér mun meira virði að greiða fyrir áskriftina enda veitir hún aðgang að 1.850 dagblöðum á prentformi frá öllum heimshornum á Netinu, allt frá Albaníu til Úkraínu. Litlu finnst mér skipta þótt sum blaðanna séu á máli heimamanna, svo sem arabísku og öðrum málum sem ég skil ekki. Þótt lítill botn fáist í innihald fréttanna geta þeir sem áhuga hafa á fjölmiðlum skemmt sér við að skoða hvernig blöð í fjarlægum löndum líta út. Flest eru blöðin þó frá hinum enskumælandi heimi; 288 bandarísk dagblöð og 282 frá Kanada auk þess sem forritið gefur þeim sem áskrift eiga kost á að lesa 155 bresk dagblöð í tæki sínu. Forvitnir snjallsímaeigendur geta halað niður sex ókeypis eintökum af netdagblöðunum áður en þeir ákveða hvort blaðalestur í símanum eða spjaldtölvunni er eitthvað fyrir þá. Það sama gildir þó ekki um Fréttablaðið, sem er ókeypis þar eins og annars staðar. Ekki þarf því að kaupa áskrift til að hala því niður.

## SVONA ERU DAGBLÖÐIN LESIN Í SÍMANUM



**1** Þeir sem eiga Android-farsíma sækja hugbúnað í netverslunninni Android Market. Til þess að það gangi þarf síminn annað hvort að vera tengdur staðarneti eða 3G-farsímanetinu. Þeir sem eiga síma sem nota önnur stýrikerfi nota aðra verslun. Eigendur iPhone-síma geta nálgast hugbúnaðinn í AppStore.

**2** Í Android Market er einfaldast að smella á leitarstikuna, skrifa inn í hana PressReader og láta símann um að finna hugbúnaðinn. Þegar síminn hefur fundið PressReader þarf að samþykkja niðurhal og uppsetningu.

**3** Þegar hugbúnaðurinn er notaður í fyrsta sinn birtast þrír valmöguleikar: „My Library“, „Store“ og „Settings“. Velja þarf „Store“. Eftir það birtist listi yfir þau lönd sem eiga dagblöð í kerfinu. Íslensk dagblöð eru undir flipanum „Iceland“.

**4** Örskamma stund tekur að ná í eintak af því dagblaði sem maður kýs. Sérhvert eintak vistast sjálfkrafa í „My Library“ og má blaða í gegnum það hvenær sem tími gefst til án þess að tengja símann við net. Nóg er að smella á mynd af því blaði sem viðkomandi vill lesa hverju sinni.

**5** Á farsímaskjá sem er 3,2 tommur má auðveldlega skoða hverja blaðsíðu fyrir sig. Letrið er vissulega allt of smátt. Því má bjarga með því að smella einu sinni á skjáinn. Við það stækkar blaðið. Hæglega má lesa heila blaðsíðu í senn með því að færa blaðið til á skjánum.

**6** Einfalt mál er að fara á milli blaðsíðna í dagblöðum í símanum eða spjaldtölvunni. Nóg er að setja einn fingur á skjáinn og draga hann frá hægri til vinstri yfir hann. Við það flettist yfir á næstu síðu í blaðinu. Ef fingri er rennt yfir skjáinn frá vinstri til hægri er flett til baka í blaðinu.






**AFHENDINGIN** Úthlutað hefur verið í sjöunda sinn úr Afrekskvennasjóði Íslandsbanka og ÍSÍ.

# Sex fengu styrk úr sjóði

Sex íþróttakonur á aldrinum 14 til 18 ára hafa fengið hálfrar milljónar króna styrk hver úr Afrekskvennasjóði Íslandsbanka og Íþróttasambands Íslands (ÍSÍ). Allar eru sagðar framúrskarandi efnilegar íþróttakonur.

„Markmið og tilgangur Afrekskvennasjóðs Íslandsbanka og ÍSÍ er að styðja við bakið á afrekskonum í íþróttum og gera þeim betur kleift að stunda sína íþrótt og ná árangri," segir í tilkynningu, en stjórn sjóðsins skipa Svafa Grönfeldt, Vanda Sigurgeirsdóttir og Þórdís Gísladóttir. Alls bárust 57 umsóknir um styrk.

Þær sem fengu styrk nú eru Arna Stefanía Guðmundsdóttir, 16 ára frjálsíþróttakona úr ÍR; Eygló Ósk Gústafsdóttir, 16 ára sundkona úr Sundfélaginu Ægi; Gunnhildur Garðarsdóttir, 18 ára skylmingakona hjá Skylmingafélagi Reykjavíkur; María Guðmundsdóttir, 18 ára skíðakona hjá Skíðafélagi Akureyrar; Norma Dögg Róbertsdóttir, 15 ára fimleikakona hjá Gerplu; og Perla Steingrímsdóttir, 14 ára danskona hjá Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar. - óká

# Ísland af athugunarlista

Matsfyrirtækið Standard & Poor's hefur staðfest óbreytta lánshæfiseinkunn ríkissjóðs í erlendum gjaldeyri. Lánshæfiseinkunn fyrir innlendar skuldbindingar er hins vegar lækkuð.

Matsfyrirtækið hefur fært lánshæfiseinkunnir af athugunarlista þótt horfur séu enn neikvæðar. Í rökstuðningi segir að dregið hafi úr hættu á að ríkissjóður lendi í vandræðum með erlenda fjármögnun. Ástæðan fyrir því að horfur eru neikvæðar er hætta á að efnahagsbati og skuldalækkun ríkissjóðs verði ekki sem skyldi, eins og segir í tilkynninu frá Seðlabankanum.

Matsfyrirtækin þrjú hafa nú skilað nýju lánshæfismati fyrir ríkissjóð og var Standard & Poor's síðast til þess. - jab


MARKAÐSRÁÐANDI STAÐA & BEITING SAMKEPPNISLAGA

Ráðstefna í Hörpu (Silfurberg) á morgun, fimmtudaginn 19. maí 2011 kl 8:30-13:00

Frummælendur:

**Ari Kristinn Jónsson** - rektor Háskólans í Reykjavík
*Opnunarávarp*

**Prof. Richard Whish** - prófessor við King´s College í London
*Article 102 TFEU: Modern enforcement and the Commission´s Guidance Paper*

**Simen Karlsen** - yfirhagfræðingur Copenhagen Economics
*Reliance on Economic assessment in Competition Law Enforcement*

**Páll Gunnar Pálsson** - forstjóri Samkeppniseftirlitsins
*Key points in Competition law enforcement in Iceland – Tools in the ICA toolbox. What are they for? How are they used?*

**Guðmundur Sigurðsson** - forseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík
*Lokaávarp*

Að loknum framsöguerindum taka við pallborðsumræður: frummælendur, **Finnur Oddsson** framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs & **Benedikt Jóhannesson** ritstjóri Vísbendingar

Fundarstjórar eru: **Heimir Örn Herbertsson** hrl. hjá LEX & **Helga Melkorka Óttarsdóttir** hdl. hjá LOGOS

Aðgangseyrir er 5.500 kr. með morgunkaffi og árdegisverði.

Ráðstefnan fer fram á ensku. Nánari dagskrá og skráning á **vi.is**

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS LOGOS LEX LÖGMANNSSTOFA






ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanýtingu og ánægðara starfsfólki.

Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:
- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem býðst af fargjöldum til áfangastaða Icelandair.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is/fyrirtaeki eða sendið fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**BANKAHÓLFIÐ**

## Ekki eintóm paradís

Actavis opnaði nýjar höfuðstöðvar í bænum Zug í Sviss í síðustu viku. Forstjórinn Claudio Albrecht sagði, í samtali við fjölmiðla, lágskattastefnuna í bænum hafa heillað. En þótt starfsmenn fyrirtækisins greiði talsvert lægri skatta en hér, kostar sitt að lifa í bænum. Mánaðarleiga fyrir meðalíbúð er um hálf milljón, auk þess sem greiða þarf dýrum dómi fyrir skólavist barna, heilsugæslu og flest annað sem hér kostar lítið sem ekkert. En þó að Zug þyki paradís fyrir barnafólk og eldri borgara er þar lítið að gera fyrir einhleypa. Kunnugir segja að þegar nóg sé komið af útivist og fuglaskoðun taki aðeins klukkustund að skjótast til nærliggjandi landa.




## Í góðum gír

Athygli vakti þegar Björgólfur Guðmundsson mætti á formlega vígslu tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu á mánudag. Sonur hans og nafni lét sig heldur ekki vanta við formlega opnun nýrra höfuðstöðva Actavis í Sviss. Björgólfur er skráður eigandi Actavis eftir yfirtöku á fyrirtækinu undir lok sumars 2007. Eftir skuldauppgjör, þar á meðal við Deutsche Bank, hefur hann hins vegar fært sig um set í stól stjórnarmanns. Í teitið mætti Björgólfur með nokkrum samstarfsmönnum sínum hjá fjárfestingarfélaginu Novator, þar á meðal Andra Sveinssyni og lögmanninum Birgi Má Ragnarssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra Samsonar, eignarhaldsfélags þeirra Björgólfsfeðga. Birgir er jafnframt í stjórn Actavis með Björgólfi.



## Á ferð og flugi

Már Guðmundsson seðlabankastjóri hefur gert víðreist á erlendum vettvangi upp á síðkastið og kynnt fyrir mönnum bankahrunið hér, lærdóminn sem draga má af kreppunni og bata efnahagslífsins. Í síðustu viku var hann í London þar sem hann fundaði með fulltrúum lánshæfismatsfyrirtækja. Þá hélt hann erindi um málið í Englandsbanka og fundaði með Mervyn King, seðlabankastjóra Bretlands, einum áhrifamesta manninum í bresku efnahagslífi. Á mánudag var Már svo á meginlandinu í Brussel og flutti hann þar erindi á svipuðum nótum og í Bretlandi.



**1.000.000** tölvuskeyta, eða þar um bil, eru meðal þeirra gagna sem sérstakur saksóknari þarf að plægja sig í gegnum í rannsókn sinni á Kaupþingi.

**53** milljóna króna tap varð á rekstri DV á síðasta ári.

**2.000** lítil og meðalstór fyrirtæki, rétt tæplega, hafa gengið í gegnum endurskipulagningu skulda sinna.




Eignastýring • Markaðsviðskipti • Fyrirtækjaráðgjöf

**Arctica Finance** er framsækið, óháð og sjálfstætt fjármálafyrirtæki sem hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Fyrirtækið er í eigu starfsmanna sem búa að áralangri og víðtækri reynslu af innlendum og erlendum fjármálamörkuðum.

A/F

**www.arctica.is** | Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | Sími 513 3300

ARCTICA FINANCE



**ISS SÉR UM FASTEIGNINA FYRIR ÞIG**

Viltu losna við áreiti og umstang sem fylgir því að reka fasteign?
Viltu ná hámarkshagræðingu í rekstri á fasteigninni?
ISS býður upp á sérsniðnar heildarlausnir sem innihalda m.a.:

- Húsvörslu
- Viðhald
- Lóðaumsjón
- Samskipti og umsjón með leigjendum
- Eftirlit
- Ræstingar og viðhald gólfa

Nánari upplýsingar eru í síma 5 800 600 www.iss.is

ISS *30 ára reynsla*




**GLÆSILEGIR GJAFAHALDAR**

teg KELLY - rosalega flottur í D,DD,E,F,F,G,GG,H skálum á kr. 7.990,- teg 61506 - mjúkur og yndislegur, fást líka í hvítu í B,C,D skálum á kr. 4.990,- Misty Laugavegi 178, s: 551 3366.

## Heilsuvörur




Lyfjalaus verkjastilling, 50%-100% árangur á nokkrum mínútum. Sími: 564 5959

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

LR Bæjarlind 1 Kóp. LR megrunar og heilsukúrinn og ein besta Aloe Vera línan á markaðinum. Uppl. Ólafur 6974153 http://lrisland.is/olafur

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**

Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**Nudd**

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**NUDD - DEKUR - ÍÞRÓTTANUDD**

Íþróttanudd, Gigtarnudd (krepptir fingur), Svæðanudd, Dekur f. pör, vini og hópa, skrúbb, pottur, nudd og máltíð. Góð tilboð. JB Heilsulind. S. 823 8280.

## Þjónusta



EINKATÍMAR Í YOGA OG YOGAÞERAPÍU. www.yogaheilsa.is Gummi: 6918565



**Reykstopp með árangri s:694 5494**

Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

## Námskeið



Smáskipanámskeið fjarnám. 20. maí - 20. ágúst. Skemmtibátanámskeið fjarnám. 20. maí - 20. ágúst. Skráning í síma 514 9602 eða á www.tskoli.is Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins.

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**

**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

## Atvinna í boði




**Bakari / Konditor**

**Bakarameistarinn Suðurveri óskar eftir vönum bakara eða konditor strax vegna sumarfría. Möguleiki á framtíðarstarfi. Nánari upplýsingar gefur Óttar Sveinsson, framleiðslustjóri í síma 864 7733.**

Vanur vélamaður á 14t hjólavél óskast í vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Næg vinna í boði. Svör sendist á thjonusta@365.is merkt „vanur vélamaður"

**Atvinna í Noregi**

Vantar 2 Vana smiði og einn vanan dúkara í vinnu í noregi klst. akstur frá álasundi uppl. síma 004748132004

Óskað er eftir tilboðum í að skipta um þakrennur á fjölbýlishúsi. Uppl. í síma 695-3295 eftir kl. 15

Óska eftir vönum manni á hjólavél sem getur séð um lóðafrágang og hellulagnir og unnið sjálfstætt uppl: 896 1018 / byggben@simnet.is

Getum tekið nema á samning í húsasmíði einnig ósakð eftir verkamönnum í allskyns sumarstörf 896 1018 / byggben@simnet.is

Rafvirkjanemi á fjórða ári óskar eftir sumarstarfi. Vanur raflagnavinnu og vinnu við þjónustu og sölustörf. Upl s: 662-3616 eða fsrafmagn@visir.is

Þríund óskar eftir að ráða starfsmann til bar og umsjónastarfa. Framtíðarstarf. Lágmarksaldur er 20 ár. Íslenskukunnátta skilyrði, Icelandic skills required. Áhugasamir sendi umsókn á thriund@simnet.is

## Atvinna óskast

Átján ára duglegur hávaxinn og sterkur strákur sem er góður í mannlegum samskiptum óskar eftir vinnu sem fyrst. Hef reynslu af afgreiðslustörfum, matreiðslu og að vinna í sveit. Er menntaskólanemi. Vinsamlegast hafið samband við mig í síma 848 3138 eða senda tölvupóst á teitur5@hotmail.com

Tek að mér Málningar vinnu, smá og stór verk, klippi og slæ garða. hagstætt verð. S. 773 4993

## Dýrahald



Slash týndist frá Litla Skerjafyrði fyrir rúmri viku. Er svartur, grannur og með síams-útlit og með ól sem er með stórum stöfum sem stendur á SLASH. 15.000kr. fundarlaun í boði. Hafið samband í síma 694 4884 eða 821 4688.

Tveir kassavanir kettlingar fást gefins á gott heimili. Uppl. í s. 662 0003.

## Útsala



## Ýmislegt

**554 4445**

**Sláttuvéla viðgerðir**

Sláttuorf
Garðsláttuvélar
Keðjusagir
Sláttutraktorar



EGILL
Miðhrauni 2
210 Garðabæ
www.egill.is

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Some room for rent in 101, shared kitchen, washing machine, shower, vc, internet good prise. Einar s.616 7646.

Stúdíó eða herbergi. Skammtíma-eða langtímaleiga. S. 821 4848.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Vil kaupa litla íbúð á Rvk.svæði má þarfnast mikilla endurbóta er með 2 millj.kr. jeppa upp í kaupverð. Uppl. í s. 893 3475.

Óska eftir bílskúr á leigu á Rvk svæðinu. Uppl í s. 895 9415.

## Sumarbústaðir



Framleiðum sumarhús, 20 ára reynsla, sjá heimasíðu: sumarhus.com s. 615-2500.

Sumarhús til leigu í Húsafelli - Helgarleiga. Laus. Uppl. í S. 895 2490.

## Atvinnuhúsnæði



ATVINNUHÚSNÆÐI Til sölu á Krókháls nr 10 c.a 120 fm . Verð 23.000.000. Húsnæðið er laust til afhendingar strax. Áhvílandi lán frá Íslandsbanka kr c.a 13.9 mill. Uppl síma 517-1111 eða 696-1001

Til leigu við Dalveg í Kóp. 80fm. Verslunar eða lagerhúsnæði. S. 893 3475.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.

Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.

Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**Gerðu góðverk í dag**
**907 2002**
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Fasteignir

**RE/MAX®**

**Veldu þér löggiltan fasteignasala sem nær árangri í sölu á eignum !**

**Sel og leigi fasteignir fljótt og vel !**



**Frítt verðmat fyrir sölu**
**Hringdu núna**
**893 1819**

**Eggert Ólafsson**
**Löggiltur fasteignasali**
**Löggiltur leigumiðlari**
**eggert@remax.is**

RE/MAX-LIND • Hlíðasmára 6 • 201 Kópavogur • Þórarinn Jónsson hdl og lgf

## Atvinna

UN WOMEN ÍSLENSK LANDSNEFND
United Nations Entity for Gender Equality and the Empowerment of Women

### Bros og kraftur!

UN Women á Íslandi (áður UNIFEM) leitar að jákvæðu og dugmiklu fólki til að sinna fjáröflun og kynningarstörfum fyrir samtökin í sumar. Starfið felst í að kynna starf UN Women með götukynningu og úthringingum og bjóða fólki að gerast styrktaraðilar. Um er að ræða hálft starf og er vinnutími milli 14 og 18. Viðkomandi þarf að vera opinn, framfærinn, áreiðanlegur og sjálfstæður í vinnubrögðum. Áhugi og þekking á þróunarmálum, kvenréttindum og málstað UN Women er kostur.

**Umsóknarfrestur til 23. maí 2011.**

Áhugasamir umsækjendur sendi ferilskrá og umsókn á hanna@unwomen.is.

Nánari upplýsingar í síma 552 6200.

**UN Women á Íslandi - Laugavegi 42 -101 Reykjavík**

### Starfsfólk óskast

**Ný matvöruverslun í Reykjavík vantar starfsfólk í eftirfarandi störf**

**Vaktstjóra.** Unnið er á vöktum. Öll almenn afgreiðsla og verslunarstörf, vaktstjóri er staðgengill verslunarstjóra í fjarveru hans.
**Almenn afgreiðsla:** Unnið er á vöktum virka daga og um helgar.
**Afgreiðsla og áfyllingar:** virka daga.
**Vörumótaka:** Eftirlit með vörumóttöku og almennt lagerhald. vinnutími 08.00 - 12.00.

**Hæfniskröfur:**
- 20 ára og eldri
- Reyklaus.
- Reynsla af verslunarstörfum er æskileg en ekki skilyrði
- Hreint sakavottorð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi og heiðarleiki
- Vinna vel undir álagi
- Eingöngu er um framtíðarstörf að ræða

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendast á netfangið atvinna.matvara@gmail.com

**ÍSTAK**
Framkvæmdagleði í fyrirrúmi

### TRÉSMIÐIR

ÍSTAK óskar eftir að ráða trésmiði til starfa við framkvæmdir hér á landi og erlendis.

Sérstaklega er þörf yfir smiði sem hafa reynslu af mótauppslætti.

Upplýsingar um starfið og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00.
Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar **www.istak.is.**

## Til leigu

### Til Leigu. Skrifstofuhúsnæði Síðumúli 23



Til leigu, verslunarhúsnæði, skrifstofuhúsnæði og iðnaðarhúsnæði alls 1.689 fm. Húsnæðið er laust til afhendingar frá og með júlí 2011. Upplýsingar í síma 696 1001.

BARFTU AÐ LEIGJA? húsaleiga.is

### Til leigu húsnæði er áður hýsti kaffihús við Lækjartorg.



Í húsnæðinu var áður kaffihús og leigist í því ásigkomulagi sem það er í dag án innréttinga.
**Um er að ræða eftirfarandi samliggjandi hluta;**
**01-02 er 58,1 fm. 01-03 er 47,0 fm.**
**01-05 er 59,8 fm. Samtals 164,9 fm.**

Óskað er eftir tilboðum í leigu eigi síðar en mánudaginn 23. mai nk.
Nánari upplýsingar eru veittar hjá Húsaleigu í síma 471 1000 eða husaleiga@husaleiga.is
**Leigusali áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.**

## Tilkynningar

Skipulags stofnun

### Lokað vegna jarðarfarar

Skrifstofur Skipulagsstofnunar verða lokaðar **eftir hádegi fimmtudaginn 19. maí** vegna jarðarfarar Zóphóníasar Pálssonar, fyrrverandi skipulagsstjóra ríkisins.

Skipulagsstofnun

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR
ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

### Auglýsing um skipulag

**Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 20. apríl 2011 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi reits sem afmarkast af Mjósundi, Austurgötu, Gunnarssundi og efri lóðarmörkum húsa við Hverfisgötu 31-49 samkvæmt 41. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010. Sá hluti tillögunnar sem afmarkast af Mjósundi, Austurgötu, Gunnarssundi og Hverfisgötu er tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hafnarfjörður Miðbær 1981.**

Markmið skipulagsins var m.a. að yfirfara lóðarmörk, setja skilmála um viðbyggingar og tryggja að gæði götumynda skerðist ekki við breytingu á einstöku húsum.

Deiliskipulagið verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 17. maí - 29. júní 2011. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á vef Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is

Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 29. júní 2011. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Skipulags-og byggingarsvið Hafnarfjarðar.

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 54848 05/11






Icelandair er stolt af því að Margeir Ingólfsson, DJ Margeir, hefur gengið til liðs við félagið og velur alla tónlist sem leikin er um borð. Sérstök áhersla verður lögð á íslenska tónlist og þá listamenn sem koma fram á Iceland Airwaves hátíðinni.

Hluti af þessu samstarfi er sú nýjung að heimsfrumflytja í háloftunum nýjan tónlistardisk Gus Gus, Arabian Horse sem fer í almenna sölu þann 23. maí næstkomandi – en þá hafa viðskiptavinir Icelandair haft tæpa tvo mánuði til að njóta hans – fyrstir allra.

ICELANDAIR

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** sálar, 6. í röð, 8. máleining, 9. tækifæri, 11. samtök, 12. grastoppur, 14. sauma, 16. sjó, 17. yfirgaf, 18. erlendis, 20. golf áhald, 21. titra.

**LÓÐRÉTT**
**1.** loga, 3. nafnorð, 4. veiðarfæri, 5. skel, 7. aftursæti, 10. kann, 13. útdeildi, 15. spaug, 16. fýldur, 19. hreyfing.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. anda, 6. áb, 8. orð, 9. lag, 11. aa, 12. skegg, 14. stang, 16. sæ, 17. fór, 18. úti, 20. tí, 21. riða.
**LÓÐRÉTT:** 1. báls, 3. no, 4. dragnót, 5. aða, 7. baksæti, 10. get, 13. gaf, 15. grín, 16. súr, 19. ið.


MOSFELLSBÆR

**ÚTBOÐ – HJÚKRUNARHEIMIL MOSFELLSBÆ.**

**Mosfellsbær óskar eftir tilboðum í jarðvinnu og lagnir nýs Hjúkrunarheimilis við Langatanga 2A í Mosfellsbæ.**

Helstu verkþættir verksins eru gröftur og uppúrtekt 5.900 m³ og fylling 4.300 m³. Verkinu skal lokið 7. ágúst 2011. Útboðsgögn verða afhent frá og með miðvikudeginum 18. maí 2011 hjá Mosfellsbæ, einnig er hægt að fá útboðgögn afhent rafrænt af verkefna vef með því að senda beiðni um aðgang á pall@thg.is.

Kynningarfundur verður haldinn á verkstað þann 20. maí 2011 kl. 13. Tilboð verða opnuð þann 2. júní 2011 kl. 14 á bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar, Kjarna, Þverholti 2, 2. hæð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA



FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

**TIL LEIGU**



**Skógarhlíð 12 Reykjavík.**
Til leigu glæsilegt skrifstofuhúsnæði við Skógarhlíð 12 í Reykjavík, þar sem Pricewaterhouse er til húsa. Húsið er allt mjög glæsilegt að innan og utan. Um er að ræða 3. hæðina sem er skipt niður í ca. 80, 150 og 350 fm. einingar. Einnig er jarðhæðin, ca. 550 fm., til leigu sem hægt er að skipta niður.



**Borgartún 31 -Reykjavík.**
Til leigu gott skrifstofuhúsnæði á mjög góðum stað við Borgartún 31 í Reykjavík. Um er að ræða ca. 250 fm. húsnæði á 3. hæð með eldhúsaðstöða. Eignin er öll nýinnréttuð á glæsilegan hátt. Lyfta er í húsinu.



**Vegmúli 2 Reykjavík Efsta hæð.**
Til leigu 148 fm. skrifstofu- og verslunarhúsnæði á efstu hæð við Vegmúla 2 í Reykjavík. Eignin er öll nýinnréttuð á glæsilegan hátt. Nánari upplýsingar veita sölumenn Fjárfestingar í síma 562-4250 eða Hilmar í síma 896-8750.


# Ráðgátan um senjoríturnar

**BAKÞANKAR**
**Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**



Nú eru hlýindin komin hingað til Andalúsíu og það þýðir að senjoríturnar eru búnar að taka fram kjólana sína í bænum Priego de Córdoba. Um hverja helgi í maí eru mikil hátíðarhöld hér í bæ og þá blasa við litríkir kjólar á bronsuðum kvenmannskroppum hvert sem litið er. Ekki er nóg með það heldur er engu líkara en allar senjoríturnar hafi farið í lagningu, fóta- og handsnyrtingu og dvalið dágóða stund fyrir framan spegilinn með augnskugga, varalit og ælæner svo þær skarti nú sínu fegursta.

**ÞAÐ** þarf ekki að hafa mörg orð um það hvílíkt ánægjuefni þetta er fyrir karlpeninginn hér í bænum. En þó verð ég að segja að þetta óréttlæti var farið að pirra mig því meðan senjoríturnar höfðu svona mikið fyrir því að ganga í augun á okkur erum við karlpungarnir samir við okkur. Í gallabuxum og kúrekaskyrtu rétt eins og John Wayne væri nýjasta nýtt. Þunnhærðir, með ístru að bora í nefið úti á miðju torgi eða þá að hagræða pungnum í nærbuxunum.

**HVERNIG STENDUR Á ÞVÍ** að við reynum ekki að vera meira augnayndi, spurði ég sjálfan mig. Og hvernig stendur á því að senjoríturnar eru svo staðfastar í því að skarta sínu fegursta fyrir okkur jafnvel þó að við séum á mörkum þess að flokkast undir sjónmengun? Hvernig stendur á því að konur láta bjóða sér þvílíkt óréttlæti, hugsaði ég áður en síðasti sunnudagur gekk í garð.

**EN ÞVÍ MIÐUR** fékk ég svar við þessari ráðgátu síðastliðinn sunnudag þegar ég var að bora í nefið fyrir utan eina kirkjuna hér í Priego de Córdoba. Allt í einu glumdu kirkjuklukkur og út kom kvennastraumur og ég komst ekki hjá því að heyra tal þeirra meðan þær struku kjólinn hver hjá annarri.

**„MIKIÐ ROSALEGA** er þetta flottur kjóll hjá þér, María. Hann er þó heldur þrengri en sá sem þú varst í í fyrra, já en ertu búin að sjá kjólinn hennar Penelope? Hún hefur aldrei verið jafn glæsileg. En finnst þér kjóllinn minn ekki lekker?“

**ÞAÐ VAR ÞÁ** sem ég áttaði mig á því að þær eru hreint ekkert að þessu fyrir okkur. „Það hlaut að vera,“ hugsaði ég með mér og klóraði mér í pungnum.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Overli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Kirkman/Scott




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL
ER pylsu eða hamborgaraveisla framundan?
129 KR.
BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK
U.Þ.B. 290 KR.PAKKINN
BÓNUS PYSLUR 10 STK 599 KR.KG
159 KR.
E.S STEIKTUR LAUKUR 200g poki
129 KR.
CRONIONS STEIKTUR LAUKUR 100g
198 KR.
HEINZ TÓMATSÓSA 570g
198 KR.
VALS TÓMATSÓSA 430g
179 KR.
BÓNUS SÆTT SINNEP 460g
198 KR.
BÓNUS REMOLAÐI 400g
Gosdrykkir í 33cl baukum 69 kr.stk
NESTLÉ LIONBAR EXTRA BITE 80g
98 KR.STK
ÍSLANDSNAUT 4 STK. 80g HAMBORGARAR
698 KR. 4 stk. MEÐ BRAUÐI
FABRIKKU-SÓSAN
359 KR.
300ml
120g UNGNAUTA HAMBORGARAR
1598 KR.
10 stk.
HAMBORGARA BRAUÐ-STÓR
159 KR.
4 STK
BESTA BORGARANN FÆRÐU HEIMA
UPPSKRIFTIR HÉR:
http://www.islandsnaut.is/
Coke kippa
659 kr. 4 x 1,5 ltr.
527 9000
UPPLÝSINGA OG ÞJÓNUSTUSÍMI
Þarftu að ná sambandi við Bónus?
Við erum við símann 527 9000 alla virka daga frá kl 09-16
Hægt er að senda okkur fyrirspurnir á bonus@bonus.is
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vellutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# menning
menning@frettabladid.is

**BJARTMAR Á SÓDÓMU** Bjartmar Guðlaugsson verður með sögustund á fimmtudagskvöld klukkan 21. Þar mun hann koma fram með kassagítar og munnhörpu og flytja vinsælustu lög sín fyrir gesti og segja sögurnar á bak við lögin eins og honum einum er lagið. Hljómsveitin Heima mun sjá um upphitun en hana skipa hjónin Rúnar og Elín.



**AF ÁSTUM MANNS OG HRÆRIVÉLAR** Í leikritinu er skyggnst inn í líf óvenjulegra hjóna.

## Sirkus heimilistækja til Akureyrar

**Hinn hjartnæmi heimilistækjasirkus Af ástum manns og hrærivélar verður sýndur tvisvar á Akureyri um helgina. Sýningin var frumsýnd á Listahátíð Reykjavíkur í fyrra og gekk vel, raunar komust færri að en vildu. Valur Freyr Einarsson leikstjóri segir áhugann hafa komið á óvart og ekki síst hversu vel leikurinn féll í kramið hjá yngri kynslóðinni.**

**Sýningin verður sýnd á föstudag og laugardag í Samkomuhúsinu á Akureyri. Leikendur eru tveir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Kristján Ingimarsson. Leikmynd og búningar eru eftir Ilmi Stefánsdóttur, tónlist eftir Davíð Þór Jónsson og lýsing í höndum Ólafs Ágústs Stefánssonar.**

**Þess má geta að sýningin var tilnefnd til tvennra Grímuverðlauna síðastliðið vor.** - sbt

# Skrímslasetur Ernu Ómarsdóttur

**Við sáum skrímsli nefnist nýtt dansverk sem frumsýnt verður á Listahátíð Reykjavíkur á föstudag. Erna Ómarsdóttir segir hugmyndina að baki verkinu að afhjúpa skrímslin í tilverunni, jafnt í tilverunni sem innra með okkur.**

Dansflokkurinn Shalala, undir forystu Ernu Ómarsdóttur, stendur að sýningunni Við sáum skrímsli sem frumsýnd verður í Þjóðleikhúsinu á föstudag í tilefni af Listahátíð Reykjavíkur. Erna er jafnframt listrænn stjórnandi sýningarinnar.

„Þetta er ljóðrænt verk þar sem við erum mikið að velta fyrir okkur uppruna skrímsla og örlögum þeirra; hvernig þau verða til og hvað gerir þau að skrímslum," segir Erna. „Skrímsli leynast nefnilega alls staðar; stundum eru þau hulin og stundum auðþekkjanleg. Þau blunda jafnvel innra með okkur sjálfum en útlitið getur blekkt og mörkin á milli veruleika og ímyndunar verða stundum óljós."

Erna segir hópinn hafa leitað fanga víða, til dæmis í hrylling eins og hann birtist í trúarbrögðum, þjóðsögum, kvikmyndum og raunveruleikanum.

„Við sóttum til dæmis innblástur í hrollvekjur frá áttunda og níunda áratugnum," segir Erna, „og líka bara í dagblöðin, sem segja reglulega alls konar hryllingssögur úr veruleikanum. Þennan heim skoðum við síðan í sýningunni gegnum dans, söng, tónlist og myndlist. Þetta er ljóðrænt verk, ekki beint með söguþræði, en ákveðinni gegnumgangandi tengingu."



**VIÐ SÁUM SKRÍMSLI** Hópurinn sótti meðal annars innblástur í þjóðsögur, trúarbrögð, hryllingsmyndir frá 8. og 9. áratugnum og frásagnir dagblaða af hrollvekjandi atburðum úr raunveruleikanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Við sáum skrímsli verður einungis sýnt tvisvar, á föstudags- og laugardagskvöld, en Erna gerir ráð fyrir að sýna verkið erlendis áður en árið er úti. „Við erum að fara út með aðrar sýningar á danslistahátíðir í sumar en Við sáum skrímsli fer væntanlega út fyrir landsteinana í desember."

Erna hefur starfað mikið á erlendri grundu undanfarin ár en reynir nú að haga málum þannig að hún geti verið meira á Íslandi.

„Mér finnst mjög gott að vera hér; hér býr fjölskylda mín og hér er frábært listafólk. Á hinn bóginn þarf maður alltaf að vera með annan fótinn úti; það er miklu meira fyrir dansara að gera úti enda er bransinn heima svo lítill, þótt áhorfendahópurinn sé að stækka jafnt og þétt."

bergsteinn@frettabladid.is

### Skrímslahópurinn:

Aðstandendur Við sáum skrímsli:

**Höfundar og flytjendur:** Ernu Ómarsdóttir, Valdimar Jóhannsson, Sigtryggur Berg Sigmarsson, Ásgeir Helgi Magnússon, Lovísa Ósk Gunnarsdóttir og Sigríður Soffía Níelsdóttir.
**Listrænn ráðgjafi:** Gabríela Friðriksdóttir.
**Dramatúrg:** Karen María Jónsdóttir.

MYNDLISTASKÓLINN Á AKUREYRI auglýsir inntöku nýrra nemenda fyrir skólaárið 2011 - 2012

MYNDLIST - HÖNNUN - ARKÍTEKTÚR
FORNÁM - Alhliða undirbúningur fyrir nám í hönnun og listum á æðra skólastigi

GRAFÍSK HÖNNUN
LISTHÖNNUNARDEILD veitir starfsmenntun í grafískri hönnun

FRJÁLS MYNDLIST
FAGURLISTADEILD veitir starfsmenntun í frjálsri myndlist

Skóli með sterkan prófíl

Umsókn um skólavist þarf að berast skólanum fyrir 3. júní nk.
Nánari upplýsingar í síma: 462 4958

Myndlistaskólinn á Akureyri - Kaupvangsstræti 16 - Pósthólf 39 - 602 Akureyri - http://www.myndak.is/ - info@myndak.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 11-1108



# Sjóvá fær Áttavitann

## Viðurkenning fyrir stuðning við Slysavarnafélagið Landsbjörgu




Um helgina var landsþing Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Á landsþinginu var Sjóvá og Neyðarlínunni afhentur Áttavitinn sem er viðurkenning fyrir stuðning við Slysavarnafélagið Landsbjörgu.

Sjóvá hefur átt farsælt samstarf við Slysavarnafélagið Landsbjörgu frá stofnun þess árið 1999. Samstarfið hefur snúið að vátryggingum, forvörnum og öryggismálum.

**Sjóvá er stoltur aðalbakhjarl Slysavarnafélagsins Landsbjargar**

**Takk fyrir okkur!**

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

SJÓVÁ

folk@frettabladid.is



10 milljóna lán framleiðanda Two and a Half Men til Charlie Sheen komst óvænt í fréttirnar í gær. Sheen hefur hins vegar greitt lánið til baka.



**SPILAR Í PÓLLANDI** Tónlistarmaðurinn Snorri Helgason spilar í Póllandi í kvöld.

## Snorri spilar í Póllandi

**Snorra Helgasyni hefur verið boðið að koma fram á þrjú þúsund manna tónleikum í Kraká í Póllandi með helstu jaðarrokkstjörnum Póllands. Tónleikarnir fara fram í kvöld og eru liður í stúdentahátíð í Kraká. Snorri kemur einnig fram á tónlistarhátíðinni Brainlove Festival í London í lok maí. Snorri er að leggja lokahönd á sína aðra plötu, Winter Sun, sem kemur út í júlí. Hann ætlar að fylgja útgáfu plötunnar eftir með stífu tónleikahaldi á Íslandi í sumar og svo leggja í stóra tónleikaferð um Evrópu næsta vetur.**

# Hafa skrásett sögu Liverpool-liðsins

**Enskt bókaforlag hefur gert útgáfusamning við tvo íslenska Liverpool-aðdáendur um útgáfu nýrrar bókar um sögu félagsins.**

Enska bókaforlagið deCoubertin Books hefur samið við Liverpool-aðdáendurna Arngrím Baldursson og Guðmund Magnússon um útgáfu bókarinnar Liverpool: The Complete Record. Hún kemur út í ágúst og hefur að geyma ítarlegar upplýsingar um flest það sem tengist enska fótboltaliðinu frá stofnun þess fyrir 120 árum, þar á meðal tölfræði yfir leikmenn, skoruð mörk og liðsuppstillingar. Einnig er saga félagsins rakin í kjarnyrtu máli.

„Þetta er eiginlega afrakstur sjö ára vinnu," segir Arngrímur, sem stofnaði ásamt Guðmundi vefsíðuna LFC History.net fyrir sjö árum þar sem alls konar efni um Liverpool er að finna. „Útgáfufyrirtækið hafði samband við okkur að fyrra bragði síðastliðið haust og við erum búnir að vera á fullu í þessu síðan í september," segir hann.

> Vonandi fá börnin að lesa þetta síðar og sjá í hvað allur tíminn fór. Þetta verður hörkubók, ég lofa því
>
> **ARNGRÍMUR BALDURSSON**

Bókin er yfir 500 blaðsíður og hefur að geyma ítarlegar upplýsingar um hverja einustu leiktíð í sögu Liverpool. Þeir félagar nýttu ferðir sínar á Liverpool-leiki til að fara á bókasafn borgarinnar í leit að gögnum fyrir bókina. „Við fórum bara alla leið í þessu," segir Arngrímur. „Þetta var kannski fimm tíma vinna í senn til að fletta í gegnum aldargömul blöð. Við vildum taka af öll vafaatriði, sérstaklega um markaskorara. Stundum var erfitt að segja hver skoraði í blindhríð árið 1909 í einhverjum leik. Eitt blað segir að þessi hafi skorað en eitthvað annað stendur annars staðar."

Arngrímur og Guðmundur eru fjölskyldumenn en Arngrímur segir konu sína skilningsríka þrátt fyrir að allur frítími hans hafi farið í bókina. „Vonandi fá börnin að lesa þetta síðar og sjá í hvað allur tíminn fór. Þetta verður hörkubók, ég lofa því," segir hann og heldur áfram: „Í raun og veru hefur ekki komið svona tölfræðibók með sögulegu ívafi í um tuttugu ár um Liverpool, sem er ótrúlegt."

Mikið mark er tekið á þeim Arngrími og Guðmundi vegna vandaðra vinnubragða þeirra við LFC History.net. Til að mynda notar Liverpool-félagið þeirra tölfræði sem sína eigin opinberu tölfræði samkvæmt samningi sem var undirritaður fyrir tveimur árum.

freyr@frettabladid.is





**GEFA ÚT LIVERPOOL-BÓK** Arngrímur Baldursson og Guðmundur Magnússon gefa út bók um Liverpool í ágúst næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM







**ORÐIN VINIR** Rihanna er orðin vinur Chris Brown á Twitter-síðunni.

## Orðnir vinir á Twitter

Söngkonan Rihanna er aftur komin í samband við fyrrverandi kærasta sinn, Chris Brown, en núna í gegnum Twitter-síðuna. Hún hefur bætt honum á lista yfir Twitter-vini sína og kom það mörgum aðdáendum hennar á óvart. Ástæðan er sú að Brown var dæmdur í fimm ára skilorðsbundið fangelsi og sex mánaða samfélagsþjónustu fyrir að ráðast á Rihönnu fyrir tveimur árum. „Þetta er bara Twitter, ekki altarið!" sagði hin 23 ára Rihanna við einn aðdáandann sem lýsti yfir undrun sinni.



# SUMARTILBOÐ

## 1000 VINNINGAR Í ALLT SUMAR

**Komdu strax,**
**leikurinn er hafinn!**
**Kortið gildir til 31. ágúst.**
**Verð aðeins 19.900 kr.**

2 fyrir 1 á Serrano fylgir með sumarkortum
á meðan birgðir endast.

Í hvert sinn sem þú mætir getur
þú átt von á góðum vinningi.
Allir korthafar í Hreyfingu geta
tekið þátt í leiknum.




HREYFING
HEILSULIND

BLUE LAGOON
ICELAND

Álfheimar 74
414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| PAUL | 5.50, 8 og 10.10 |
| GNÓMÍÓ OG JÚLÍA 2D - ISL TAL | 5 |
| GNÓMÍÓ OG JÚLÍA 3D - ISL TAL | 5 |
| FAST & FURIOUS 5 | 7 og 10 |
| THOR 3D | 7.30 og 10 |

The Metropolitan Opera HD LIVE
Die Walkure (Valkyrjan)
miðasala á www.operubio.is
endurflutt í kvöld kl. 18.00



SAMBÍÓIN
HEIMSFRUMSÝNING!




Jack Sparrow er mættur í stærstu mynd sumarsins! Stórkostleg þrívíddarævintýramynd með Johnny Depp, Penélope Cruz, Ian McShane og Geoffry Rush. Sýnd í Disney Digital 3D í völdum kvikmyndahúsum

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| PIRATES 4 3D | kl. 4 - 5 - 7 - 8 - 10 - 11 | 10 |
| DÝRAFJÖR (ANIMALS UTD) M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6 | L |
| FAST FIVE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| ARTHUR | kl. 3:40 - 8 | 7 |
| UNKNOWN | kl. 10:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| PIRATES 4 3D | kl. 5 - 8 - 10:50 | 10 |
| ANIMALS UNITED ísl tal | kl. 6 | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| PAUL | kl. 8 - 10:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3D | kl. 4 - 5 - 7 - 8 - 10 - 11 | 10 |
| ANIMALS UNITED 3D | kl. 5.30 | L |
| DRIVE ANGRY 3D TEXTALAUS | kl. 10.30 | 16 |
| THOR 3D | kl. 8 - 10 30 | 12 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 5.30 - 8 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 4 - 7 - 10 | 10 |
| DIE WALKÜRE Ópera Endurflutt | kl. 6 | L |
| FAST FIVE | kl. 5:30 - 10:20 | 12 |
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 8 | 12 |
| YOGI BEAR M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR / NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| PIRATES 3D | KL. 4 - 5 - 8 - 10 - 11 | 10 |
| PIRATES 3D Í LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 10 |
| PRIEST 3D | KL. 6 - 8 - 10.30 | 16 |
| GNÓMEÓ OG JÚLÍA 3D | KL. 4 - 6 | L |
| FAST FIVE | KL. 8- 10.40 | 12 |
| THOR 3D | KL. 8 | 12 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | AUKAKRÓNUR 5% |
|---|---|---|
| WATER FOR ELEPHANTS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| GNÓMEÓ OG JÚLÍA 3D | KL. 6 | L |
| FAST FIVE | KL. 6 - 9 | 12 |
| HÆVNEN | KL. 17.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| HANNA | KL. 8 - 10.20 | 16 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | KL. 5.40 - 8 - 10.25 | 12 |
| PRIEST 3D | KL. 8 - 10 | 16 |
| GNÓMEÓ & JÚLÍA 3D | KL. 5.40 | L |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is
facebook /smarabio • facebook /haskolabio


# Schwarzenegger afhjúpaður

**Þekktasta hasarhetja kvikmyndasögunnar, Arnold Schwarzenegger, og eiginkona hans til 25 ára, Maria Shriver, tilkynntu fyrir skemmstu að þau hygðust skilja. Engar ástæður voru gefnar upp þá en kraftakarlinn virðist hafa haft óhreint mjöl í pokahorninu.**



## EKKI BARA GLANS




**Arnold Schwarzenegger** og **Maria Shriver** eru skilin eftir 25 ára hjónaband. Það þótti meðal þeirra traustustu í Hollywood þar til fjölmargar konur komu fram og sögðu kraftajötuninn hafa áreitt sig kynferðislega. Nú hefur komið í ljós að Schwarzenegger eignaðist barn utan hjónabands með þernu á heimili þeirra hjóna. NORDICPHOTOS/GETTY

Hjónaband Mariu Shriver og Arnolds Schwarzenegger hafði verið álitið eitt það traustasta í Hollywood enda eru 25 ár langur tími í skemmtanabransanum vestanhafs og því kom það mörgum á óvart þegar fréttatilkynningin barst; þau væru skilin í sátt og samlyndi, ætluðu að vera með sameiginlegt forræði yfir börnunum sínum fjórum og halda góðri vináttu. „Þetta er vonandi bara tímabundið,“ var haft eftir Schwarzenegger.

Tortímandinn átti hins vegar enginn svör þegar blaðamenn Los Angeles Times hófu að spyrja hann út í barn sem ein af þernum þeirra hjóna eignaðist fyrir áratug. Hann var afhjúpaður; Schwarzenegger, sem hefur gert mikið úr ímynd sinni sem fjölskyldumaður, hafði eignast barn utan hjónabands og þegar Shriver komst að því tilkynnti hún manni sínum að hún hefði engan áhuga á hjónabandinu lengur, þau væru skilin. Shriver flutti út af heimilinu fyrr á þessu ári en samkvæmt bandarískum fjölmiðlum féllst hún á að bíða með yfirlýsingu um hjónaskilnaðinn þar til ríkisstjóraferli Schwarzenegger væri lokið.

Í frétt Los Angeles Times kemur einnig fram að leikarinn hafi stutt móðurina fjárhagslega. Hún hafi hins vegar talið sambýlismanni sínum trú um að hann væri faðirinn, ekki Schwarzenegger. Í yfirlýsingu sem blaðinu barst biður Schwarzenegger fjölmiðla um að leyfa börnunum sínum og konu að lifa í friði, hann verðskuldi gagnrýni, ekki þau. „Ég hef beðið Mariu, börnin mín og fjölskyldu afsökunar á framferði mínu. Mér þykir þetta leitt.“

Málið hefur leitt til þess að kastljósinu hefur aftur verið beint að máli þeirra kvenna sem sökuðu kraftajötuninn um kynferðislega áreitni árið 2003, sama ár og hann bauð sig fram til ríkisstjórastólsins. Sex þeirra ræddu mál sín opinberlega og ein þeirra, Anna Richardson, vann að lokum meiðyrðarmál gegn honum, Schwarzenegger hélt því fram fullum fetum að hún hefði boðið hættunni heim. Schwarzenegger viðurkenndi í yfirlýsingu að hafa hagað sér „heimskulega“. Sú heimska virðist ekki hafa elst af honum.

freyrgigja@frettabladid.is

# Skotheld blúsplata frá Andreu

Tónlist ★★★

**Rain on me rain**

Andrea Gylfadóttir & Blúsmenn




**ANDREA & BLÚSMENN** Önnur plata Andreu og Blúsmanna er komin út eftir þrettán ára bið.

Andrea Gylfadóttir er hreint mögnuð blússöngkona. Hún hefur haldið úti hljómsveitinni Blúsmönnum Andreu í tuttugu ár og árið 1998 kom út platan Andrea og Blúsmenn, sem fékk góðar viðtökur og er löngu uppseld. Nú þrettán árum síðar er komin plata númer tvö, Rain on me rain, sem var tekin upp í Hljóðrita á tveimur dögum í mars síðastliðnum.

Auk Andreu, sem syngur, eru á plötunni þeir Guðmundur Pétursson gítarleikari, Einar Rúnarsson sem leikur á Hammond, Haraldur Þorsteinsson bassaleikari og Jóhann Hjörleifsson trommuleikari. Ellefu lög eru á Rain on me rain. Tvö þeirra eru ný frumsamin lög eftir Andreu, en hin níu eru misþekktir smellir, þar á meðal I'm Wild About That Thing, Fine and Mellow, Black Coffee, The Blues Ain't Nothing og meistaraverk Screamin' Jay Hawkins, I Put a Spell on You.

Það þarf ekki að fjölyrða um þennan disk. Hann er algerlega pottþéttur fyrir það sem hann er. Allir spilararnir standa fyrir sínu, Gummi sýnir oft mikil tilþrif á gítarinn og Andrea fer hreinlega á kostum. Tilfinningin og innlifunin hjá henni er einstök. Blúsaðdáendur ættu ekki að láta Rain on me rain framhjá sér fara. **Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Andrea Gylfadóttir sýnir hvað hún getur á pottþéttri blúsplötu.





TILBOÐ MÁNAÐARINS
BIOTTA
20% AFSLÁTTUR
TILBOÐIÐ GILDIR ÚT MAÍ

DIGEST SAFI
Lífrænn og ljúffengur ávaxtasafi, náttúruleg uppspretta sorbitols úr sveskjum, fíkjum og fleiri ávöxtum.

RAUÐBEÐUSAFI
Hreinsandi eiginleikar og einstakt næringargildi. 100% lífræn ræktun.

Apótekið
–einfalt og ódýrt

Spönginni • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri • www.apotekid.is

BÍÓ ★ PARADÍS
BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| UPPSKERUHÁTÍÐ KVIKMYNDASKÓLA ÍSLANDS | 13:00 - 22:00 |
| BANFF – ALÞJÓÐLEGA FJALLAMYNDAHÁTÍÐIN | 20:00 - 22:30 |
| HUR MÅNGA LINGON FINNS DET I VÄRLDEN? | 18:00 |
| ROUTE IRISH | 17:50 |
| KURTEIST FÓLK | 18:00 |




BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

# GÁÐU HANDAN VIÐ HORNIÐ

**Bíldshöfði 8**

Brimborg lofar að einbeita sér að því að aðstoða þig við að kaupa vöru, þjónustu og hugarfar Brimborgar

**Kafaðu dýpra** þegar þú kaupir notaðan bíl. Gerðu ríkar kröfur. Gáðu hvað er handan við kaupverðið. Hafðu í huga að þú kaupir miklu meira en bara bílinn. Brimborg lofar að einbeita sér að því að hjálpa þér að kaupa. Þannig færðu meira en bara bíl. Þú færð alla þá þjónustu og öryggi sem þú krefst. Þú velur ábyggilega öruggan stað að vera á. Bíldshöfði 8 er því sannkallað sæluhús. Og mundu, handan við hornið eru tvö önnur sæluhús, Ford og Volvo, Bíldshöfða 6 og Brimborg Akureyri, Tryggvabraut 5.

## Gerðu kröfur til okkar
## Komdu í Brimborg í dag

Skoðaðu fleiri dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg. Smelltu á notadir.brimborg.is



**Mazda 6 Sport (LPT39)**
2,3i bensín 165 hö
5 dyra sjálfskiptur
Skrd. 9/2007. Ek. 41.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 212 g/km
**Gáðu: 2.640.000 kr.**



**Mazda 3 Touring Plus (GNP72)**
1,6i bensín 105 hö
5 dyra sjálfskiptur
Skrd. 05/2008. Ek. 68.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 183 g/km
**Gáðu: 1.950.000 kr.**



**Mazda 6 Advance (AMS64)**
2,0i bensín 146 hö
5 dyra sjálfskiptur
Skrd. 07/2008. Ek. 60.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 182 g/km
**Gáðu: 2.980.000 kr.**

mazda



**Mazda 3 Touring Plus (VE799)**
1,6i bensín 105 hö
5 dyra sjálfskiptur
Skrd. 12/2006. Ek. 73.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 183 g/km
**Gáðu: 1.690.000 kr.**



**Mazda 5 Advance (TXD82)**
2,0i bensín 146 hö
7 sæta sjálfskiptur
Skrd. 06/2008. Ek. 45.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 198 g/km
**Gáðu: 2.590.000 kr.**

**Spyrðu um fyrirmyndarþjónustu Brimborgar** Bíll er ekki bara bíll. Bíllinn þinn er miklu meira en vélknúið ökutæki. Bíllinn er staður tómstunda, ævintýra eða jafnvel vinnu. Þú reiðir þig á að bíllinn sé í lagi. Bíll er ekki bara bíll. Bíll þarf umhirðu, viðhald, þjónustu, bílastæði og margt fleira. Brimborg er hinsvegar með þér alla leið. Þú færð bílinn, þjónustuna, þrifin, dekkin, viðgerðir og ráðgjöf um hvað hentar þér. Þú færð... tækifæri til að sinna þínu lífi. Við sinnum bílnum. Fyrir þig.

**Með þér alla leið**

CITROËN



**Citroën C5 Exclusive II (VEV08)**
2,0i bensín 143 hö
5 dyra sjálfskiptur
Skrd. 11/2007. Ek. 81.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 206 g/km
**Gáðu 1.990.000 kr.**



**Citroën Berlingo MSP (ZS790)**
1,6i bensín 110 hö
5 dyra beinskiptur
Skrd. 12/2006. Ek. 82.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 177 g/km
**Gáðu: 1.390.000 kr.**



**Citroën C3 SX (SO553)**
1,4i bensín 75 hö
5 dyra 5 gíra beinskiptur
Skrd. 11/2006. Ek. 63.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 145 g/km
**Gáðu: 1.170.000 kr.**



**Citroën C4 Comfort (EF710)**
1,6i bensín 110 hö
5 dyra beinskiptur
Skrd. 01/2007. Ek. 39.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 180 g/km
**Gáðu: 1.530.000 kr.**



**Citroën C8 SX (DAL57)**
2,0i bensín 143 hö
7 sæta sjálfskiptur
Skrd. 06/2008. Ek. 45.000 km
Koltvísýringur $CO_2$ 229 g/km
**Gáðu: 3.160.000 kr.**

Skoðaðu fleiri dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg. Smelltu á notadir.brimborg.is

Finndu okkur á fasbókinni

**Komdu í dag!**
**Opið virka daga kl. 9:00 - 17:00**
**og laugardaga kl. 12:00 - 16:00**
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka einnig opin á laugardögum

visthæf skref með Brimborg

**Við hjálpum þér að kaupa bíl í dag. Gáðu að verði. Komdu í Brimborg.**

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | notadir.brimborg.is

# sport

sport@frettabladid.is



**ÍRIS GUÐMUNDSDÓTTIR**, núverandi Íslandsmeistari í svigi og stórsvigi, hefur ákveðið að leggja skíðin á hilluna einungis 21 árs að aldri. Íris hefur verið í fremstu röð íslenskra skíðakvenna undanfarin ár, keppti á Ólympíuleikunum í Vancouver árið 2010 og í vetur keppti hún á heimsmeistaramótinu á skíðum í Garmisch Partenkirchen. Meiðsli og mikill kostnaður undanfarinna ára hefur áhrif á þessa ákvörðun.

# Flaug yfir lækinn fyrir eina milljón

**Blað var brotið í sögu íslenskrar knattspyrnu í gær þegar formaður knattspyrnudeildar Vals, Friðjón R. Friðjónsson, greindi frá kaupverði félagsins á hinum 18 ára gamla Ingólfi Sigurðssyni. Valur greiddi milljón fyrir strákinn sem Friðjóni finnst hátt verð. KR ákvað sjálft að draga kvörtunina vegna Vals til baka.**

**FÓTBOLTI** „Það er ágætt að brjóta svona blað í sögunni. Það eru alltaf ákveðnar sögusagnir um þessi mál og mér finnst sanngjarnt gagnvart öllum að greina frá þessu í stað þess að slúðursögurnar taki völdin,“ sagði Friðjón R. Friðjónsson, formaður knattspyrnudeildar Vals, um þá ákvörðun sína að upplýsa um kaupverðið á Ingólfi Sigurðssyni.

Venjulega er farið með slík mál sem hernaðarleyndarmál í íslenska boltanum en Friðjóni fannst mikilvægara að slá á sögusagnirnar sem margar hverjar voru fjarri öllum raunveruleika. „Erum við ekki tala um gegnsæi og nýtt Ísland? Er þetta ekki hluti af því?“

Friðjón viðurkennir fúslega að honum þyki kaupverðið hátt en segir að Valsmenn hafi getað látið málið ganga upp þar sem leikmaðurinn var tilbúinn til að taka á sig launalækkun.

„Mér finnst milljón fyrir 18 ára leikmann vera mikið þó svo að leikmaðurinn sé afar efnilegur. Við gerðum honum tilboð í upphafi ársins sem hann hafnaði. Hann er að fá lakari laun en honum var boðið þá og mismunurinn brúar kaupverðið. Þetta er því dugleg lækkun sem hann tekur á sig,“ segir Friðjón og bætir við að Ingólfur fái vasapeninga í laun.

„Það er enginn sem ég þekki sem gæti lifað á þessum launum,“ segir Friðjón sem vildi ekki frekar ræða launamál Ingólfs enda eru launin trúnaðarmál. Þó svo að Ingólfur sé aðeins 18 ára gamall hefur hann komið víða við og ekki alltaf verið auðveldur í samskiptum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fór hann með nokkrum látum frá Heerenveen síðast og svo þarf ekki að fjölyrða um lætin sem voru að baki þessum félagaskiptum. Óttast Friðjón ekkert að hann verði erfiður og geti spillt þeim fína liðsanda sem kominn er hjá Val?

„Það verður að koma í ljós. Ég held að honum líði vel á Hlíðarenda og hann var tilbúinn að taka á sig launalækkun til þess að koma til okkar. Hann vill bara fá að spila fótbolta. Ég hef fulla trú á því að okkar þjálfarateymi geti hjálpað honum að finna fjölina sína,“ sagði Friðjón en Ingólfur fær væntanlega loksins að spila fótbolta um næstu helgi þar sem meiðsli hrjá Valsmenn um þessar mundir.

> Mér finnst milljón fyrir 18 ára leikmann vera mikið þó svo að leikmaðurinn sé afar efnilegur.
>
> **FRIÐJÓN R. FRIÐJÓNSSON**
> FORMAÐUR KNATTSPYRNUDEILDAR VALS

Erjurnar í kringum Ingólf leiddu meðal annars til þess að KR lagði inn kvörtun til KSÍ vegna Freys Alexanderssonar, aðstoðarþjálfara Vals, en KR-ingar vildu meina að Freyr hefði rætt ólöglega við Ingólf um að koma í Val. Eftir að salan á Ingólfi gekk í gegn ákvað KR að draga kvörtunina til baka. Það var samt ekki hluti af samningi liðanna er Ingólfur var seldur að kvörtunin yrði dregin til baka.

„Þetta var ekki hluti af pakkanum. Við höfðum orð Ingólfs fyrir því að það var rætt við hann. Hann dró reyndar síðar úr þeim orðum. Sönnunarbyrði í svona málum er líka erfið og það hefði þá þurft að fá Ingólf til að taka þátt og lýsa samskiptum sínum við aðstoðarþjálfara Vals sem er vinur hans. Þar sem hann var leiður yfir öllu líka þá var það að æra óstöðugan með því að halda málinu. Við vildum ljúka málinu og halda áfram,“ sagði Baldur Stefánsson, varaformaður knattspyrnudeildar KR, en hann var ánægður með milljónina sem KR fékk.

„Það liggur í hlutarins eðli að við hefðum ekki sent hann frá okkur nema við værum sáttir við það sem við fengum. Við vorum sáttir við þessa upphæð sem Valur greiddi.“

henry@frettabladid.is




**KOSTAÐI VALSMENN EINA MILLJÓN** Ingólfur Sigurðsson sést hér í búningi KR en hann fékk aldrei að byrja inn á í úrvalsdeildarleik með KR. MYND/EVA BJÖRK ÆGISDÓTTIR



**BYRJA ILLA** Matthías Vilhjálmsson og félgar í FH. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Byrjanir FH 2010 og 2011:

## Tveir sigrar í átta leikjum

**FÓTBOLTI** Meistaraefnin í FH eru í vandræðum í Pepsi-deild karla. FH-ingar töpuðu mörgum stigum í upphafi síðasta sumars og töpuðu titlinum á markatölu.

Því bjuggust flestir við annars konar byrjun FH-inga á mótinu í ár en eftir tap í fyrsta leik og tvö jafntefli í þeim tveimur síðustu hafa FH-ingar dregist aftur úr efstu liðunum annað árið í röð.

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir það hvernig FH-liðið hefur byrjað Íslandsmótið undanfarin átta tímabil en FH-ingar hafa öll þessi tímabil lent í annað af tveimur efstu sætunum.

Á síðustu fjórum meistarasumrum liðsins hefur liðið unnið þrjá leiki eða fleiri í fyrstu fjórum umferðunum en undanfarin tvö sumur hefur FH-liðið aðeins unnið samtals tvo af átta leikjum sínum í umferðum 1 til 4. - óój

**Staða FH eftir 4 umferðir**

| | |
|---|---|
| **Meistaraár FH-inga** | |
| 2004 | 5. sæti (1 sigur, 5 stig, 3-3) |
| 2005 | 1. sæti (4 sigrar, 12 stig, 12-1) |
| 2006 | 1. sæti (4 sigrar, 12 stig, 9-2) |
| 2008 | 2. sæti (3 sigrar, 10 stig, 12-4) |
| 2009 | 4. sæti (3 sigrar, 9 stig, 10-5) |
| **Silfurár FH-inga** | |
| 2003 | 7. sæti (1 sigur, 5 stig, 5-4) |
| 2007 | 1. sæti (4 sigrar, 12 stig, 11-3) |
| 2010 | 9. sæti (1 sigur, 4 stig, 5-7) |
| **Staðan í dag** | |
| 2011 | 7. sæti (1 sigur, 5 stig, 6-4) |



**CARLOS TEVEZ** Hefur nú skorað jafnmörg mörk og Dimitar Berbatov. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Manchester City í 3. sætið:

## Tvö frábær mörk hjá Tevez

**FÓTBOLTI Carlos Tevez fór á kostum og skoraði tvö frábær mörk fyrir Manchester City í 3-0 sigri á Stoke í ensku úrvalsdeildinni í gær. City-liðið tók með þessum sigri þriðja sætið af Arsenal.**

**Tevez er nú jafn Dimitar Berbatov hjá Manchester United í baráttunni um gullskóinn. Hann skoraði fyrra markið á 14. mínútu eftir snotran einleik og það síðara á 65. mínútu með stórkostlegu skoti beint úr aukaspyrnu. Joleon Lescott kom City í 2-0.** - óój

Enska b-deildin í gærkvöldi:

## Reading í úrslit

**FÓTBOLTI** Reading er komið alla leið í úrslitaleikinn um sæti í ensku úrvalsdeildinni eftir 3-0 útisigur á Cardiff í gær. Reading mætir velska liðinu Swansea City á Wembley 30. maí. Shane Long skoraði tvö fyrstu mörkin í fyrri hálfleik og Jobi McAnuff innsiglaði síðan sigurinn. Brynjar Björn Gunnarsson sat allan tímann á bekk Reading og Ívar Ingimarsson var ekki í hóp. - óój

KR krækti í Bryndísi Guðmundsdóttur, einn besta leikmann deildarinnar í vetur:

## Frábært að fá svona gæðaleikmann

**KÖRFUBOLTI** Hrafn Kristjánsson, þjálfari karla- og kvennaliðs KR, verður áfram með bæði liðin eins og í vetur og hann fékk frábæran styrk í kvennaliðið í gær þegar Keflvíkingurinn Bryndís Guðmundsdóttir ákvað að flytja sig yfir í Vesturbæinn.

„Það er gaman að fá hana inn og hún gefur okkur aukið bit í sóknarleikinn sem á eftir að gera okkur gott. Við eyddum miklum tíma til að finna leiðir til þess að stoppa þessa stelpu í vetur og hún reyndist okkur mjög erfið. Þetta er búið að vera svolítið ferli að ræða við hana en hún er að koma til okkar algjörlega á réttum forsendum,“ segir Hrafn. Bryndís var með 14,0 stig, 8,1 fráköst og 3,4 stoðsendingar að meðaltali í Iceland Express-deildinni í vetur en hún skoraði síðan 15,1 stig að meðaltali í úrslitakeppninni.

„Ég var samningslaus eftir þetta tímabil, KR-ingarnir höfðu samband, mig langaði að prófa eitthvað nýtt og ákvað því bara að slá til,“ segir Bryndís sem segist fara í góðu frá Keflavík. „Mér fannst ég þurfa nýja áskorun. Ég var búin að tala við Keflvíkingana og það var allt í góðu. Þetta var góð tímasetning. Það er mjög skrýtið að ákveða það að fara því ég er búin að vera þarna síðan ég byrjaði að æfa körfubolta. Þetta var pínu erfitt,“ segir Bryndís.



**ALLAR MEÐ KR NÆSTA VETUR** Bryndís Guðmundsdóttir með nýju liðsfélögum sínum hjá KR, Margréti Köru Sturludóttur og Hafrúnu Hálfdánardóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Hún er í námi í HR og það er alveg að vinna með okkur í þessu. Það er oft þegar fólk er búið að vera á sama staðnum í einhvern tíma þá blundar í þeim að breyta aðeins til og skipta um umhverfi. Það er frábært að fá svona gæðaleikmann inn í prógrammið,“ segir Hrafn og hann segir að með þessu séu menn að eyða óvissuröddunum í kringum liðið í kjölfarið að fyrirliðinn Hildur Sigurðardóttir fór til Snæfells.

„Það hafa ekki verið mikil læti í okkur hingað til en við höfum verið að vinna okkar vinnu og pæla í því hvernig við viljum hafa þetta. Við ætlum okkur áð fullklára pakkann á næstu dögum. Þá á ég endilega við að fá nýja leikmenn held- ur að festa sína eigin,“ segir Hrafn en Margrét Kara Sturludóttir og Hafrún Hálfdánardóttir skrifuðu báðar undir nýjan samning í gær.

Bæði Bryndís og Kara voru í úrvalsliði ársins í vetur og Kara var kosin besti leikmaður deildarinnar. - óój



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**ANDRE VILLAS-BOAS** Getur unnið þrennuna aðeins 33 ára gamall.

Villas-Boas hjá Porto:

## Ég er ekki klóni af Mourinho

**FÓTBOLTI** Það verða margra augu á Andre Villas-Boas, þjálfara Porto, í kvöld þegar Porto og Braga mætast í úrslitaleik Evrópudeildarinnar í Dublin.

Uppkoma þessa portúgalska þjálfara minnir mikið á landa hans Jose Mourinho sem gerði Porto að Evrópumeisturum fyrir sjö árum síðan. Villas-Boas er 33 ára og getur orðið yngsti þjálfarinn til að gera lið að Evrópumeisturum. Hann var aðstoðarmaður Mourinho hjá Porto, Chelsea og Inter áður en hann fékk tækifæri til að taka við Porto-liðinu þegar allt var í óefni hjá félaginu í fyrra. Nú er allt breytt og þrennan í sjónmáli.

„Ég ber mikla virðingu fyrir Jose en ég er ekki og vil ekki vera Mourinho-klóni,“ sagði Villas-Boas. - óój

# Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.






*Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð. Apótekið er í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.*

## Frí heimsendingarþjónusta til eldri borgara og öryrkja.

**AFGREIÐSLUTÍMI**

9–18:30 virka daga

10–16:00 laugardaga

**Reykjavíkur Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

## > Hilary Swank

„Ég veit ekki hvað ég gerði í þessu lífi til þess að verðskulda þetta allt. Ég er bara stelpa úr hjólhýsagarði sem átti draum."

***Hilary Swank leikur í dularfullu spennumyndinni Insomnia, sem fjallar um tvo rannsóknarlögreglumenn frá Los Angeles sem eru sendir til Alaska að rannsaka morð. Myndin er á Stöð 2 Bíói kl. 22 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON SÁ SAFARÍKA STEIK

# *Húrra fyrir Hjálmari og Corleone*

Tónlistarhúsið Harpa var vígt á föstudaginn með pompi og prakt, Sjónvarpið mætti á staðinn og fékk að senda út beint og allir voðalega lukkulegir. En svo mætti Hjálmar H. Ragnarsson, rektor LHÍ, í viðtal við Víðsjá og hálfpartinn eyðilagði alla gleðina. Það var augljóslega ekki alveg þessi samhljómur um Hörpu meðal listamanna sem gefinn hafði verið í skyn; húsið er vissulega tákn tónlistar en það er líka tákn oflátungsháttar að mati Hjálmars. Og sennilega hefur hann rétt fyrir sér. Harpa verður kannski samkomuhús þjóðarinnar en hún verður líka óþægileg áminning um Babelsmíði Íslendinga og þegar við teygðum okkur aðeins of langt til himna.



**GOTT MÁL** Fyrsta Guðföðurmyndin er eins og safarík steik sem aldrei verður vond.

Stöð 2 Bíó skoraði óvænt mark nýverið þegar stöðin tók sig til og sýndi fyrstu myndina í Guðföðurþríleik Francis Ford Coppola. Hún er eins og safarík steik á góðu steikhúsi; maður getur fengið sér hana aftur og aftur. Leikarahópurinn, leikurinn, sagan, tónlistin og kvikmyndatakan tala saman í næstum fullkomnu listaverki.

Íslenski boltinn er farinn að rúlla. Ég nenni yfirleitt ekki að horfa á beinar útsendingar frá leikjunum en elska markaþættina. Sem betur fer eru þeir ekki eins. Magnús Gylfason og Hjörvar Hafliðason sjá um að vera flottir í tauinu og takast gjarnan á við Hörð Magnússon á Stöð 2 Sport á meðan RÚV-spekingarnir Óskar Hrafn Þorvaldsson og Pétur Marteinsson eru eins og yfirvegaðir heimspekingar sem allt hafa séð.

## RÚV

**16.50 Villt veisla** (2:2) (e)
**17.20 Reiðskólinn** (8:15)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (34:42)
**18.30 Fínni kostur** (13:21)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Læknamiðstöðin** (52:53) (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu.
**20.55 Sakborningar – Saga Frankies** (2:6) (Accused) Bresk þáttaröð eftir handritshöfundinn Jimmy McGovern. Í hverjum þætti er rifjuð upp saga sakbornings sem bíður þess í fangelsi að verða leiddur fyrir dóm.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Vogurinn** (The Cove) Bandarísk heimildamynd. Dýraverndarsinninn Richard O'Barry fór til Taiji í Japan til að fletta ofan af níðingsverkum gegn villtum höfrungum. Þar eru þeir reknir inn á vog og síðan seldir í sædýrasöfn eða slátrað. Myndin hlaut Óskarsverðlaunin í fyrra.
**23.50 Landinn** (e)
**00.20 Kastljós** (e)
**00.50 Fréttir** (e)
**01.00 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Ghost Town**
**10.00 More of Me**
**12.00 Artúr og Mínímóarnir**
**14.00 Ghost Town**
**16.00 More of Me**
**18.00 Artúr og Mínímóarnir**
**20.00 The Last Time**
**22.00 Insomnia**
**00.00 Lonely Hearts**
**02.00 Street Kings**
**04.00 Insomnia**
**06.00 It's Complicated**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Lois and Clark** (16:22)
**11.00 Cold Case** (18:23)
**11.45 Grey's Anatomy** (5:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 In Treatment** (30:43)
**13.25 Chuck** (7:19)
**14.10 Pretty Little Liars** (15:22)
**14.55 iCarly** (13:45)
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (7:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir, íþróttir og Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (9:24)
**19.45 Modern Family** (11:24)
**20.10 Elite keppnin** Seinni hluti spennandi þáttar þar sem sýnt er frá Elite-keppninni sem haldin var á dögunum.
**20.40 Gossip Girl** (14:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraðra unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl aðal sögupersónanna.
**21.25 Grey's Anatomy** (20:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle um unga og bráðefnilega skurðlækna.
**22.10 Ghost Whisperer** (10:22)
**22.55 The Ex List** (5:13)
**23.40 Sex and the City** (5:20)
**00.15 Steindinn okkar** (6:8)
**00.40 NCIS** (14:24)
**01.25 Fringe** (13:22)
**02.10 Generation Kill** (3:7)
**03.10 Medium** (3:22)
**03.55 The Dead One**
**05.20 In Treatment** (30:43)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**17.05 Pepsi-mörkin** Hörður Magnússon, Hjörvar Hafliðason og Magnús Gylfason gera upp leikina í Pepsi-deild karla. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og farið yfir það sem vel er gert og það sem betur mátti fara hjá leikmönnum, dómurum og þjálfurum.
**18.15 Porto - Braga** Bein útsending frá úrslitaleiknum í Evrópudeildinni. Það eru portúgölsku liðin Porto og Braga sem leika til úrslita á Aviva-leikvanginum í Dublin.
**20.45 Np Crossover: The Trial of Allen Iverson** Heimildarmynd frá ESPN um einn besta körfuboltamann síðari ára, Allen Iverson, og atvik sem hafði djúpstæð áhrif á uppvaxtarár hans. Iverson var 17 ára nemandi og íþróttastjarna í Bethel High School þegar hann og fimm vinir hans lentu í slagsmálum við hóp hvítra ungmenna. Í kjölfarið var hann dæmdur til fangelsisvistar og bærinn skiptist í tvær fylkingar í málinu.
**22.10 Golfskóli Birgis Leifs** (8:12)
**22.35 Ensku bikarmörkin**
**23.05 Porto - Braga**
**01.00 NBA 2010/2011 - Playoff Games** Bein útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Man. City - Stoke**
**14.45 Cardiff - Reading** Útsending frá leik Cardiff og Reading í undanúrslitum um sæti í ensku úrvalsdeildinni. Þetta er seinni leikur liðanna.
**16.30 Man. City - Stoke** Útsending frá leik Manchester City og Stoke City í ensku úrvalsdeildinni.
**18.15 Sunderland - Wolves** Útsending frá leik Sunderland og Wolverhampton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League Review** Þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**20.55 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.25 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og líflegt og fagleg umræða um enska boltann.
**22.40 Blackburn - Man. Utd.**

## SKJÁR EINN

**08.00 Dr. Phil** (179:181)
**08.45 Rachael Ray** (179:195)
**16.40 Rachael Ray** (180:195)
**17.25 Dr. Phil** (180:181)
**18.10 WAGS, Kids & World Cup Dreams** (2:5)
**19.25 Will & Grace** (10:25)
**19.50 Spjallið með Sölva** (14:16) Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spjallar um lífið, tilveruna og þjóðmálin. Honum er ekkert óviðkomandi og í þáttunum er hæfileg blanda af gríni og alvöru, allt í opinni dagskrá.
**20.30 Blue Bloods** (16:22) Hörkuspennandi þáttaröð frá framleiðendum Sopranos-fjölskyldunnar með Tom Selleck í hlutverki Franks Reagans, lögreglustjóra New York borgar.
**21.15 America's Next Top Model** (8:13) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu.
**22.05 Rabbit Fall** (8:8) Kanadísk spennuþáttaröð. Lögreglukonan Tara Wheaton tekur að sér löggæslu í yfirnáttúrulega smábænum Rabbit Fall.
**22.35 Penn & Teller** (1:9) Galdrakarlarnir brögðóttu Penn og Teller afhjúpa svikahrappa og svindlara í þessum bráðskemmtilegu þáttum.
**23.05 Hawaii Five-0** (11:24)
**23.50 Law & Order. Los Angeles** (8:22)
**00.35 CSI: New York** (6:23)
**01.20 Will & Grace** (10:25)
**01.40 Blue Bloods** (16:22)

## SKJÁRGOLF

**07.00 The Players Championship** (2:4)
**11.10 Golfing World** (86:240)
**18.00 Golfing World** (88:240)
**18.50 Inside the PGA Tour** (19:42)
**19.20 LPGA Highlights** (6:20)
**20.40 Champions Tour - Highlights** (9:25)
**21.35 Inside the PGA Tour** (20:42)
**22.00 Golfing World** (88:240)
**22.50 PGA Tour - Highlights** (18:45)
**00.00 Golfing World** (88:240)
**00.50 The Players Championship** (4:4)
**06.00 ESPN America**

## 2 EXTRA

**19.25 The Doctors**
**20.10 Falcon Crest** (27:28) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af fjölskyldum og lífinu á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum sem lítast af stöðugum erjum milli þeirra.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag**
**21.55 Bones** (8:23) Sjötta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Bones Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**22.40 Hung** (5:10) Gamanþáttur með dramatísku ívafi frá HBO og fjallar um Ray Drecker sem er á fimmtugsaldri og stendur á tímamótum. Hann ákveður að reyna fyrir sér sem karlkyns gleðikona með misjöfnum árangri, þrátt fyrir að vera einstaklega vel vaxinn niður og góður í bólinu.
**23.10 Eastbound and Down** (5:6) Ný gamanþáttaröð með Danny McBride í aðalhlutverki. Kenny Powers var stjarna í hafnabolta þar til hann neyddist til að flytja aftur á æskuslóðirnar í Norður-Karólínu og fór að kenna leikfimi í gamla gagnfræðaskólanum sínum.
**23.40 Daily Show: Global Edition**
**00.05 Falcon Crest** (27:28)
**00.55 The Doctors**
**01.35 Fréttir Stöðvar 2**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Björn Bjarna** Jóhannes B. Sigtryggsson, ritstjóri Handbókar um íslensku.
**20.30 Veiðisumarið** Bender, Leifur og Aron verða á veiðislóðum í allt sumar.
**21.00 Gestagangur hjá Randver** Randver fær Jóhann Sigurðarsson, veiðimann og leikara, í heimsókn.
**21.30 Bubbi og Lobbi**
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |

Heilsurækt á 9 stöðum á höfuðborgarsvæðinu



SUMARTILBOÐ
Sölutímabil:1. maí - 15. ágúst

3 mánuðir í heilsurækt
**Kr. 6.470 á mánuði**

3 mánuðir í heilsurækt og Baðstofu
**Kr. 18.700 á mánuði**

Nánari upplýsingar á worldclass.is og í síma 553 0000

Korthafar fá aðgang að Laugardalslaug, Lágafellslaug og Sundlaug Seltjarnarness
Laugum Reykjavík • Kringlunni Reykjavík • Húsi Orkuveitunnar Reykjavík • Spönginni Grafarvogi
Lágafellslaug Mosfellsbæ • Ögurhvarfi Kópavogi • Turninum Kópavogi

World Class ICELAND

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 SPORT KL. 18.15
### Porto - Braga

Úrslitaleikurinn í Evrópudeildinni þar sem portúgölsku liðin Porto og Braga eigast við. Porto er búið að vera ósigrandi í portúgölsku deildinni í vetur en Braga er spútniklið tímabilsins og hefur lagt bæði Arsenal og Liverpool að velli í vetur.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Sögur af misgóðum mönnum **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Náðarkraftur **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.21** Spegillinn **18.53** Dánarfregnir **19.00** 9 og 1/2 sinfónía **20.00** Leynifélagið **20.30** Uppruninn og eyðileggingin **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**08.25** Inspector Lynley Mysteries **09.10** Inspector Lynley Mysteries **10.05** EastEnders **10.30** Fawlty Towers **11.05** ,Allo ,Allo! **11.35** ,Allo ,Allo! **12.10** Keeping Up Appearances **12.40** Fawlty Towers **13.15** ,Allo ,Allo! **13.45** ,Allo ,Allo! **14.20** The Weakest Link **15.05** The Weakest Link **15.50** Fawlty Towers **16.20** ,Allo ,Allo! **16.55** ,Allo ,Allo! **17.30** New Tricks **18.20** New Tricks **19.10** Top Gear **20.00** Jack Dee Live at the Apollo **20.45** The Catherine Tate Show **21.15** Little Britain **21.45** Coupling **22.20** Jack Dee Live at the Apollo

## DR 1

**12.30** Hammerslag **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Timmy-tid **14.10** Chiro **14.15** Den fortryllede karrusel **14.30** Carsten og Gittes Vennevilla **14.45** Kasper & Lise **15.00** Landsbyhospitalet **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv. Søren Ryge **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** DR1 Dokumentaren - Stemmer til salg **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Fem dage **21.00** Onsdags Lotto **21.05** Ross Kemp in Afghanistan **21.50** Kysset af spritten

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Tett på dyrene **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Bjornson - europeeren **14.50** Filmavisen 1960 **15.00** NRK nyheter **15.10** Dyrisk **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Elektriske drømmer **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.40** Lov og orden. London **20.25** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.15** På kanten av stupet **22.10** Norge i krig - oppdrag Afghanistan

## svt1

**13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Grön glädje **14.30** Smartare än en femteklassare **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Bergsklättring på dagis **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Krig för fred **19.25** Glass tycker jag om **19.30** Livräddarna **20.00** The Event **20.45** Bored to Death **21.15** Mästarnas mästare **22.15** Året med norska kungafamiljen

PIPAR\TBWA • SÍA

# Meistaradagur verkfræðinga og tölvunarfræðinga 2011

**fimmtudaginn 19. maí kl. 12.00–18.00 í VR-II**



VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

**Dagskrá:** **Sameiginlegur fundur í stofu V-158**

**12.00** **Setning:** Dr. Sigurður Magnús Garðarsson, prófessor og forseti Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar

**12.10–13.00** **Tónlistarhúsið Harpa – verkfræðilegt meistaraverk**
Sigurður R. Ragnarsson, framkvæmdastjóri Austurhafnarverkefnis ÍAV, fjallar um verkfræðilega hönnun og tæknilegar lausnir á Hörpu, einu besta og fullkomnasta tónlistarhúsi í heimi. Í erindinu verður fjallað um áskoranir við glerhjúpinn, hljómburðinn og sjóinn

**13.15–17.00** **Meistarafyrirlestrar**

| | Meistarafyrirlestrar V-158 | Meistarafyrirlestrar V-157 | Meistarafyrirlestrar V-156 | Meistarafyrirlestrar V-155 |
|---|---|---|---|---|
| 13.15 | **Fannar Gíslason** Along shore sediment transport by the coast of Vík í Mýrdal | **Hlöðver Geir Tómasson** Distributed Testing of Cloud Applications Using the Jata Test Framework | **Mauricio Andrés Teke Millachine** Guidelines for optimum gas extraction system selection | **Halldór Eyjólfsson** „Höfuðborg á krossgötum" Samanburður við áætlanir Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2001–2024 |
| 14.15 | **Einar Hreinsson** Durability of a magnetorheological fluid in a prosthetic knee joint | **Hafsteinn Þór Einarsson** Refactoring UML Diagrams and Models with Model-to-Model Transformations | **Vigfús Arnar Jósefsson** Flow analysis of a rotating tidal turbine blade using a dynamic mesh | **Kolbrún Þóra Oddsdóttir** Mat á sjónrænum áhrifum skóga á landslag |
| 15.15 | **Sigurbjörn Orri Úlfarsson** Timbureiningahús – vistferilsgreining | **Ásbjörn Haraldur Kristbjörnsson** Snertiskynjun vökva með aðstoð eðlisfræðihermis | **Rafn Magnús Jónsson** Upphitun á ökumannsrými í rafknúnum bíl | |
| 16.15 | **Kenneth Breiðfjörð** Byggingarefni á Íslandi – framleiðsluland, flutningar og vistferilsgreining timburs | **Davíð Jóhannsson** Greining á endurræsingu kerskála 3 í kjölfar straumleysis 2006 hjá Alcan á Íslandi | **Kjartan Dór Kjartansson** Effect of Well Diameter on Productivity in High Temperature Geothermal Wells | |

**Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir**

**17.00–18.00** **Léttar veitingar og spjall**

UNIVERSITATIS ISLANDIAE SIGILLUM 1911-2011

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐISTOFNUN



**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Metro, hann hefur hjálpað mér að komast yfir þá sorg að McDonald's sé ekki lengur til á Íslandi.“*

Júli Heiðar Halldórsson poppstjarna.

# Leiðtogafundurinn á hvíta tjaldið

Breski leikstjórinn Ridley Scott virðist hafa tekið miklu ástfóstri við Ísland. Samkvæmt erlendum kvikmyndavefjum tókust samningar milli framleiðslufyrirtækisins Headline Pictures og Scotts á kvikmyndahátíðinni í Cannes um að hann myndi leikstýra kvikmynd um leiðtogafund Reagans og Gorbatsjovs í Reykjavík.

Það vakti mikla athygli á Íslandi fyrir fjórum árum þegar Scott viðraði þá hugmynd sína um að gera kvikmynd um þennan merkilega fund sem talinn er hafa lagt grunninn að því að kalda stríðið lognaðist út af. Fyrri framleiðendur myndarinnar áttu fund með þáverandi borgarstjóra, Vilhjálmi H. Vilhjálmssyni, um að fá afnot af Höfða en þeir eru nú horfnir á braut. Og síðan hefur ekkert frést af gangi mála og almennt var talið að Scott væri hreinlega hættur við verkefnið og það dottið upp fyrir.

Bloggsíða kvikmyndavefsíðunnar Indiewire greinir frá þessu á heimasíðu sinni og vitnar í kvikmyndaritið Screen Daily. Þar kemur fram að vinnuheiti myndarinnar sé Reykjavík. „Allir héldu að þetta væri dautt en nú virðist hafa verið blásið nýju lífi í það. Þetta gæti orðið Frost/Nixon-mynd frá Scott. Ef það kemur ekkert meira spennandi í staðinn,“ skrifar blaðamaður Indie Wire.

Scott var staddur hér á landi fyrir skemmstu að skoða tökustaði fyrir kvikmynd sína, Prometheus, og því gæti það allt eins orðið að leikstjórinn yrði viðloðandi hérlendis í dágóðan tíma. - fgg



**SÖGULEGUR FUNDUR** Fundur Ronalds Reagan og Mikhaíls Gorbatsjov í Reykjavík var sögulegur í meira lagi. Nú hyggst Ridley Scott gera kvikmynd um hvað fór fram á bak við hinar luktu dyr Höfða sem heimsbyggðin beið eftir að myndu opnast.




**Streita og svefntruflanir**
**Hvað er til ráða?**
Námskeið miðvikudaginn 18. maí kl. 17.00 - 20.00


Erla Gerður Sveinsdóttir, yfirlæknir HNLFÍ og Heilsuborgar


Magna Fríður Birnir, hjúkrunarforstjóri HNLFÍ


Sigrún Ása Þórðardóttir, sálfræðingur og verkefnastjóri HNLFÍ og Heilsuborgar

**Verð 5.800 kr.**

**Skráning á mottaka@heilsuborg.is eða í síma 560 1010**

HEILSUBORG
Faxafeni 14 www.heilsuborg.is




DANSLEIKHÚSVEISLA 20.-21. maí
Einstakt hátíðarverð:
5000 kr. fyrir miða á báðar sýningarnar.

| Við sáum skrímsli | Verði þér að góðu |
|---|---|
| 20. maí kl. 19 | 20. maí kl. 22 |
| 21. maí kl. 20 | 21. maí kl. 22 |

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Miðasölusími: 551 1200


KJARTAN ÞÓRÐARSON: SÝNINGARNAR Á BBC SKILUÐU MIKLU

# Norska ríkissjónvarpið vill endurgera Næturvaktina

„Norðmennirnir eru mjög áhugasamir og endurgerðin lítur mjög vel út þar. Það er meðal annars ástæðan fyrir því að þeir hafa ekki keypt sýningarréttinn, þeir vilja gera sína eigin útgáfu,“ segir Kjartan Þórðarson, framkvæmdastjóri Saga Film. Norska ríkissjónvarpið, NRK, hefur í hyggju að endurgera hina íslensku Næturvakt. Ekki liggur þó fyrir hvenær það verður.

Mikið hefur verið rætt og ritað um endurgerð Næturvaktarinnar í Bandaríkjunum í fjölmiðlum og ekki er langt síðan greint var frá því að gamanleikarinn Jack Black væri þar með í ráðum. Nú stendur hins vegar yfir hið svokallaða „pilot“-tímabil þegar stóru sjónvarpsstöðvarnar prófa nýja þætti, en Næturvaktin var ekki meðal hinna útvöldu. Kjartan segir að Ameríkuævintýrið hafi komið svolítið óvænt upp í hendurnar á Vaktarmönnum og áhugi Bandaríkjamanna hafi komið þeim í opna skjöldu; sjónvarpsstöðvar á Norðurlöndunum hafi til að mynda verið fyrri til að sýna áhuga. „Það er búið að skrifa tvö mismunandi handrit fyrir Ameríkumarkað og samkvæmt þeim vildu þeir flækja aðeins hlutina, fá inn fleiri persónur og hafa fleiri staði en bara eina bensínstöð. Við vorum ekkert allt of hrifnir af þeirri hugmynd; vinsældir Næturvaktarinnar byggja að mörgu leyti á einfaldleika þáttanna.“ Kjartan bendir jafnframt á endurgerð Glæpsins eða Forbrydelsen í Bandaríkjunum og segist hafa viljað sjá Næturvaktina fara í þá áttina. „Þeir halda sig mjög nálægt upprunanum, aðalpersónurnar eru til dæmis danskir innflytjendur og umhverfi þáttanna er allt mjög „danskt“. Það lék líka lykilhlutverk í vinsældum þáttanna.“

Næturvaktin var sýnd á BBC Four í síðustu viku og Kjartan segir það nánast lygilegt hversu miklum árangri það hafi skilað; síminn hafi varla stoppað í höfuðstöðvum Saga Film. „Þegar við vorum að reyna að selja þáttaröðina á sínum tíma fengum við alltaf að heyra að tungumálið myndi vefjast fyrir áhorfendum. Með þessu framtaki BBC eru aðrar sjónvarpsstöðvar reiðubúnar að endurskoða það, því það hefur augljóslega verið horft á þættina og menn hafa myndað sér skoðanir á þeim. Við vorum til að mynda í síðustu viku að kynna þættina fyrir 43 dagskrárstjórum hjá sjónvarpsstöðvum í Evrópu. Fyrir sýningarnar á BBC höfðum við ekki haft aðgang að slíkum fundum.“

freyrgigja@frettabladid.is



**NORSK ÚTRÁS** Næturvaktin verður væntanlega endurgerð í Noregi en norska ríkissjónvarpið hefur ekki keypt sýningarréttinn að þáttunum þar sem það vill gera sína eigin útgáfu. Þeir Georg, Daníel og Ólafur Ragnar gætu því eignast norska frændur í náinni framtíð.

## NORSKIR FRASAR

| Íslenska | Norska |
|---|---|
| Já sæll! | Ja, hej! |
| Eigum við að ræða það eitthvað? | Skal vi snakke om det, eller? |
| Gugga (gella) að smíða geimflaugar? | Er jenta at konstruera romskip? |
| Ég er með fimm háskólagráður. | Jeg har fem universitetsgrader. |
| Hvers konar steik (vitleysingur) ert þú? | Hva er du for en galen fyr? |

# Hitti Mads Mikkelsen í Cannes

„Hann var rosalega kammó og fannst gaman að spjalla,“ segir leikarinn Theódór Júlíusson, sem hitti kollega sinn, hinn danska Mads Mikkelsen, á kvikmyndahátíðinni í Cannes.

Þeir hittust í hádegismat sem skipuleggjendur eins af aðalflokkum keppninnar, Quinzaine des Réalisateurs, stóðu fyrir. „Ég heilsaði honum og sagði honum að ég væri að leika í bíómynd sem væri að keppa á hátíðinni og að hann væri í miklu uppáhaldi hjá mér,“ segir Theódór, sem fer með aðalhlutverkið í myndinni Eldfjall. Mikkelsen er einn þekktasti leikari Dana. Hann lék þorparann í Bond-myndinni Casino Royale fyrir nokkrum árum og einnig í sjónvarpsþáttunum vinsælu Rejseholdet. Theódór sá fleiri stjörnur á vappi í Cannes, þar á meðal félagana Frank Hvam og Casper Christensen úr þáttunum Klovn og enska leikarann Jude Law, og hafði gaman af.

„Þetta var æðislega gaman en rosalega mikil vinna,“ segir Theódór, sem hafði í nógu að snúast við kynningu á Eldfjalli þá daga sem hann var staddur í Cannes. „En ég fann ekkert fyrir mikilli þreytu fyrr en á leiðinni heim.“ - fb



**HITTUST Í CANNES** Theódór Júlíusson og Mads Mikkelsen á kvikmyndahátíðinni í Cannes.



Kristinn Ingi Kristjánsson - Gerðaskóla



Vladislav Karsovsky - Fellaskóla

# Mjólkursamsalan þakkar frábæra þátttöku

Síðastliðið haust hélt Mjólkursamsalan teiknisamkeppni í tengslum við Alþjóðlega skólamjólkurdaginn.

Afraksturinn var frábær – nærri 1300 myndir bárust frá 4. bekkingum í 60 grunnskólum landsins í keppnina um verðlaunasætin tíu. Hér má einmitt sjá vinningsmyndirnar.

**Við þökkum öllum þátttakendum kærlega fyrir og óskum vinningshöfum til hamingju!**

Mjólkursamsalan




Hilmar Albertsson - Húsaskóla



Sigmar Marijón Friðriksson - Gerðaskóla



Sólveig Blær Björnsdóttir - Austurbæjarskóla



Álfheiður Agla Oddbjörnsdóttir - Grunnskóla Fjallabyggðar




Þórunn Elsa Þórisdóttir - Hvassaleitisskóla



Þorbjörg Una Hafsteinsdóttir - Glerárskóla



Logi Gunnarsson - Smáraskóla




Hildur Björg Jónsdóttir - Hofsstaðaskóla

www.ms.is

ENNEMM / SÍA / NM46430

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Bestur í Póllandi

Skáldsaga **Steinars Braga**, Konur, var valin besta þýdda skáldverkið árið 2010 af lesendum pólsku menningarsíðunnar G-punkt.pl. Síða þessi er ein sú virtasta í Póllandi en þar er skrifað um leikhús, bókmenntir og tónlist. Ritstjórar síðunnar tilnefndu bækur í byrjun þessa árs en skáldsaga Steinars hlaut langflest atkvæði í netkosningu. Á síðunni kemur fram að lesendur hennar hældu sérstaklega hugrekki höfundarins og kraftmiklum texta og að þeir vonuðust til þess að kollegar Steinars Braga í Póllandi tækju sér hann til fyrirmyndar.



### Endurkoma á döfinni?

Það hefur verið nóg um að vera hjá **Ágústi Ólafi Ágústssyni**, fyrrverandi varaformanni Samfylkingarinnar, og fjölskyldu undanfarna daga. Í gær útskrifaðist Ágúst Ólafur með meistaragráðu í opinberri stjórnsýslu frá New York-háskóla og í fyrradag útskrifaðist Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, eiginkona hans, með LL.M. meistaragráðu í lögum frá Columbia-háskóla. Ágúst Ólafur hætti sem kunnugt er á þingi fyrir kosningarnar 2009 eftir sex ára veru og lét um svipað leyti af varaformannsembætti Samfylkingarinnar. Nú er spurningin hvort Ágúst Ólafur mætir tvíefldur til leiks í pólitíkina á ný eða hvort hugur hans stefnir annað.

- fgg, mþl



### Mest lesið VÍSIR

1. Lögreglan lýsir eftir Stefaníu Casöndru
2. Refsað fyrir að þegja um kynmök í skólarútu
3. Blá lömb spígspora um Steingrímsfjörð
4. Keyra um með áminningu í afturrúðunni: „Ég missti vin í bílslysi"
5. Nýstárleg mannvirki í Öskjuhlíð














25%
afsláttur
af völdum vörum!

TICKET TO HEAVEN · POLO RALPH LAUREN · oilily · hummel · bisgaard

ENGLABÖRNIN
Falleg föt á stelpur og stráka...
Kringlunni sími 552 2201